

FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

MIÐVIKUDAGUR 24. JANÚAR 2024



Viðurkenningarhátíð FKA

FKA Viðurkenningarhátíðin er haldin árlega þar sem konur úr atvinnulífinu eru heiðraðar. Fylgist með hver hlýtur FKA-Viðurkenninguna, Þakkarviðurkenninguna og Hvatningarviðurkenninguna í dag, miðvikudaginn 24. janúar, 2024. Hátíðin fer fram á Hótel Reykjavík Grand með Ölgerðinni og í streymi á mbl.is.



FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

FKA hefur aldrei verið stærra!

Félag kvenna í atvinnulífinu er félag sem hefur vigt, er hreyfið og hefur áhrif. Sýnileiki félagsins er mikill og á sama tíma og við erum að gleðjast á afmælisári félagsins og á stórglæsilegri Viðurkenningarhátíð í dag þá er hugur minn, hugur okkar allra, hjá þeim sem eiga um sárt að binda um heiminn allan.

Grindavík er ofarlega í huga okkar og það er þakklæti fyrst og fremst sem einkennir þessar fyrstu vikur ársins hjá mér að geta verið heima hjá mér og tekið utan um fólk mitt í friði enda forréttindi. Þvílík vika sem sumir dagar eru á tímum sem þessum, fordæmalausir tímar sem virðist nú talið reglulegt og jafnvel daglegt ástand.

Það er mikill kostur að vera með liðugan kjálka sem framkvæmdastjóri FKA, margir fundir og mikið um að vera og mér finnst fátt skemmtilegra en að taka sprett með konum sem við heiðrum á Viðurkenningarhátíð FKA ár hvert og er full eftirvæntingar fyrir hátíðinni sem er á Hótel Reykjavík Grand í dag þar sem þið eruð hjartanlega velkomin.

FKA er gjarnan uppspretta góðs og alvöruhreyfið, líkt og Jafnvægisvogarráðstefna okkar, sem er startkapall fyrir samfélagsumræðuna um kynjajafnrétti ár hvert, og Sýnileikadagur, Mentorverkefni og viðburðir deilda og nefnda sem hafa gjarnan áhrif á samfélagsumræðuna og þannig má lengi telja.

Og konurnar sem stofnuðu FKA og allar þær sem við

stöndum á öxlunum á eiga sannarlega stað í hjarta okkar. Það sjá ekki öll fagurfræði jafnréttis eins, en það gerir fólk sem ég er svo heppin að vinna með í gegnum FKA, einstaklingar þarna úti sem vita að jafnrétti er ákvörðun og ég er þakklát fyrir.

Sérstakt þakklæti vil ég senda félagskonum sem hafa gefið af sér til stjórnar- og nefndarstarfa frá upphafi og öllum þeim sem hafa lagt félaginu lið á hverjum tíma. Það er misjafnt hvað félagskonur vilja frá félaginu og gefa af sér en eitt er víst; það er pláss fyrir okkur allar. Við hvetjum nýjar konur til að stimpla sig inn og þær sem eru og hafa einhvern tímann verið í FKA að fylgjast vel með afmælisdagskránni og láta sjá sig sem oftast.

Það verður Sýnileikadagur FKA í Arion banka í lok febrúar, Mentorverkefnið er á fullu, við fögnum á Alþjóðadegi kvenna í mars, farnar verða ferðir, við fáum kynningu, förum í fyrirtækjaheimsóknir, golf, fjallgöngu og þannig má lengi telja. Þá er mikilvægt að fjárfesta í sér og leyfa sér að eiga áhugamál og ég hvet konur til að gera nákvæmlega það.

Það hallar enn á konur og á Íslandi er samkvæmt mælingum langt í land með að loka kynjabilinu hvað viðkemur fjölda kvenna við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. Persónulega finnst mér spennandi að breyta sóknarleiknum eins og við þurfum að gera og þá með fjölmargar breytur í formúlunni.

En til skemmri tíma lítið er að heiðra konur á Viðurkenningarhátíð FKA í dag – hlökkum til að sjá ykkur þar!

Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA

”

Þvílík vika sem sumir dagar eru á tímum sem þessum



Ljósmynd/Silla Páls



FKA fagnar nú í ár tuttugu og fimm ára afmæli sínu og það verður stórglæsileg uppskeruhátíð. Afmælisnefnd hefur verið skipuð sem leggur línurnar og í henni eru: Elísabet Tania Smáradóttir, Hanna Guðlaugsdóttir, Helga Guðný Theodors, Nathalia Bardales Branding og Steinunn Ragnarsdóttir. Fylgist með!



Ljósmynd/FKA

Platínuhópur FKA er ný sveit reynslumikilla kvenna innan félagsins sem hafa það hlutverk að virkja félagskonur á „þriðja æviskeiðinu“. Fimm konur hafa tekið að sér að leiða hópinn, þær Bára Magnúsdóttir, Emma Holm, Geirlaug Þorvaldsdóttir, Hafdís Karlsdóttir og Hanna María Siggeirsdóttir.



Alþjóðanefnd FKA boðar til hádegisverðarfundar ár hvert á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Þrjár merkar konur sögðu sögu sína síðast þær Claudia A. Wilson, Margrét Pála Ólafsdóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir. Til margra ára hefur Jónína Bjartmarz, lögmaður, fyrrv. ráðherra og fyrsti formaður FKA verið potturinn og þannan er kemur að því að fagna deginum hjá FKA.



Sýnileikadagurinn 2024 verður í Arion banka og streymi fyrir félagskonur FKA 28. febrúar næstkomandi. Árlega sláum við þátttökumet á þessum magnaða degi og sýnileikanefndina skipa að þessu sinni: Anika Rós Pálsdóttir, Anna Liebel, Berglín Lilja Sigurjónsdóttir, Kathryn Gunnarsson, Kristín Yr Gunnarsdóttir, Steinunn B. Ragnarsdóttir og Veronika Guls.

Útgefandi Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA **Umsjón** Svanhvít Ljósbjörg Gígja **Blaðamenn** Svanhvít Ljósbjörg Gígja svanhvit@mbl.is Tómas Valgeirsson tomasv@mbl.is **Auglýsingar** Berglind Guðrún Bergmann berglind@mbl.is **Prentun** Landsprent ehf **Forsíðumynd** Ingibjörg Þorvaldsdóttir

Forsíðumyndin var tekin eftir ráðstefnunni í krafti kvenna á Suðurnesjum í október 2023. Á myndinni eru: Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA, Fida Abu Libdeh, formaður FKA Suðurnes og stofnandi og framkvæmdastjóri GeoSilica, Grace Achieng, stofnandi og framkvæmdastjóri Gracelandic og stjórnarkona FKA, Andrea Yr Jónsdóttir, eigandi Heilsulausna og Scrubs.is og hjúkrunarfræðingur og ritari FKA og Guðný Birna Guðmundsdóttir stjórnarkona FKA Suðurnes og forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ.



Félagskonur fengu að skoða nýtt og stórglæsilegt hús Landsbankans. Unnur Elva og stjórnar-konur FKA fremstar á mynd.

Ljósmynd/Ingunn Mjöll Sigurðardóttir

„Enn eigum við langt í land en tækifærin eru fyrir hendi“

Framsýnar og öflugar konur eru töluvert sterkari saman

Ég gekk í FKA fyrir 12 árum og fyrsta árið gerði ég nákvæmlega ekki neitt,“ segir Unnur Elva Arnardóttir sem tók við sem formaður Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA, í vor. Unnur Elva er forstöðumaður hjá Skeljungu, fædd og uppalin á Akureyri og er þakklát konum sem rutt hafa brautina og hvetur fleiri konur til að láta til sín taka og gera sig gildandi í félaginu. Unnur Elva segir að þótt það hafi tekið sig dágóðan tíma að opna sig fyrir félaginu og félagskapnum frá skráningu hafi hún á endanum fundið fyrir mikilli lífsbreytingu með þessari ákvörðun að ganga í félagið enda myndar tengslanetið sig ekki sjálft.

FKA er ætlað konum sem eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi og félagið stendur fyrir viðburðum, fræðslu, veitir ráðgjöf og knýr fram breytingar á lögum og venjum til að gæta jafnvægis og fjölbreytileika innan atvinnulífsins.

Félagið vinnur með ýmsum aðilum á vinnumarkaði, fyrirtækjum, félagsamtökum og hinu opinbera að því að efla og benda á þátt kvenna í stjórnun eða stjórnunarstöðum í atvinnulífinu. Styrkleikar FKA liggja í gildum félagsins; framsækni, kunnáttu og afli, en þau standa fyrir kröftugt og fjölbreytt þekkingarnet félagskvenna. Framsækni vísar í kraftinn sem býr í FKA-konum og hlutverk þeirra í að auka fjölbreytileikann í íslensku atvinnulífi. Kunnátta vísar í að FKA miðlar þekkingu og reynslu til félagskvenna og leggur áherslu á hvatningu og tengsl. Afli vísar til að FKA er leiðandi hreyfiafl í íslensku atvinnulífi.

„Pinn tími er kominn, kona!“

„Ég var hvött til að skrá mig í FKA hér um árið og var sagt að þetta væri félagskapur sem ég ætti klárlega heima í og ég vil nota tækifærið til að hvetja konur til að skrá sig til leiks, vera með og efla sig með þátttöku í FKA og þá sérstaklega á afmælisárinu en FKA fagnar 25 ára afmæli í ár,“ segir Unnur Elva og bætir við glöð í bragði: „Það skiptir engu máli þótt þú þekkir enga í félaginu því í FKA stækkarðu einmitt tengslanetið og því er ekkert annað en að skrá sig til leiks. Lokins þegar ég fór að taka virkan þátt opnuðust fjölmörg tækifæri. Pinn tími er kominn, kona!“

Það voru framsýnar og öflugar konur sem stofnuðu FKA hinn 9. apríl árið 1999. Stofnfélagar FKA voru tæplega þrjú hundruð og stóð FKA fyrst fyrir Félag kvenna í atvinnurekstri með Jónínu Bjartmarz í fremstu röð sem fyrsta formann félagsins. Nafninu var síðar breytt í Félag kvenna í atvinnulífinu til að mynda enn stærra og öflugra tengslanet athafnakvenna og leiðtoga úr öllum greinum atvinnulífsins sem gætir hagsmuna, eflir samstöðu og samstarf kvenna í atvinnulífinu.

„Fyrsta FKA-viðurkenningin var veitt á fyrsta starfsári félagsins og síðan þá hafa verið veittar viðurkenningar á hverju ári til að vekja athygli á konum sem eru að gera góða hluti í atvinnurekstri og atvinnulífinu í Íslandi. Það er mikil tilhlökkun fyrir viðurkenningaráttíðinni 24. janúar þar sem við heiðrum konur á Grandhótel Reykjavík með Ölgarðinni.

Unnur Elva Arnardóttir formaður Félags kvenna í atvinnulífinu.



Félagið er með hreyfiaflsverkefni á borð við Jafnvægisvog FKA sem ætlað er að knýja fram breytingar í atvinnulífinu til að jafna stöðu kynjanna og það eru reglulega jól hjá okkur,“ segir Unnur Elva og kveðst vera stolt FKA-kona.

Tækifærin eru fyrir hendi

Félagið stendur fyrir viðburðum, fræðslu og hefur áhrif á samfélagsumræðuna, hefur aldrei verið stærra og samanstendur af tæplega 1.450 félagskonum af landinu öllu sem ýmist eru með eigin atvinnurekstur eða eru stjórnendur og leiðtogar í íslensku atvinnulífi. Félagið er með deildir, landsbyggðardeildir, nefndir og ráð sem gegna ólíkum hlutverkum. „Margt hefur breyst og margt að þakka fyrir en jafnréttið hefur ekki komið af sjálfu sér, það er nokkuð ljóst. Enn eigum við langt í land en tækifærin eru fyrir hendi og þá er bara að nýta þau og jafna hlut kynjanna í leik og starfi,“ segir Unnur Elva.

Það er óhætt að segja að konur á Íslandi séu alls konar og því hefur skipuritið tekið breytingum í takt við nýja tíma. „New Icelanders FKA er nefnd kvenna af erlendum uppruna sem eru að fóta sig í íslensku atvinnulífi svo eitthvað sé nefnt en markmiðið er að þessar ólíku raddir hveyst innan félagsins og utan til að gera betur í dag en í gær hvað viðkemur jafnrétti. Svo má ekki gleyma að við erum að eldast sem þjóð og



Guðrún varaformaður með Unni á aðalfundi FKA.

Ljósmynd/Andrea Róbertsdóttir.

félagið bjó til platinuhóp FKA sem er fyrir konur 67 ára og eldri, miklar valkyrjur þar á ferð.“

Unnur Elva segist ekki hafa þorað að mæta í heilt ár eftir að hún skráði sig í félagið en eftir að hún skráði sig í stjórn viðskiptanefndar þess fór hún að finna sig, eflast og sér ekki eftir því. „Ég hef fengið svo mikið út úr þessu. Nefndin sem ég fór í sér um árlegt jólarölt FKA og viðburði í sambandi við heimsóknir í fyrirtæki og með að skrá mig í nefnd vissi ég að ég yrði að mæta á viðburði. Þarna kynntist ég konum sem ég lit á sem vinkonur mínar í dag og leita oft til og hef stórgreitt á þessu öllu saman. Það er ekki mikið að gerast er kemur að tengslaneti ef þú ert bara heima uppi í sófa.“


Það voru ákveðnar breytingar sem mig langaði að gera og er að vinna í, þetta er mjög stórt félag og slík breyting klárast ekki á einni nóttu,“ segir Unnur Elva aðspurð hvað hafi heillað við formannsstarfið. „Það er mikilvægt á tímamótum sem þessum að fagna því sem hefur áunnist og leggja línur fyrir áframhaldið. Með 25 ára sögu að baki er margt hægt að nefna þegar litið er til baka og telja á upp sem hefur verið gefandi og heppnast vel. Við erum með frábæra afmælisnefnd sem er að leggja lokadrög að dagskrá afmælisárs, fjölmargir stórvíburðir komnir á dagskrá og við höldum áfram að láta til okkar taka.“

Brynja, Auður og Inga
Hrund mynda öflugt þríeyki.



„Ég upplifi mig eiga rödd innan fyrirtækisins“

Framtíðin er bleik og orkumikil



Orkan hefur verið í fararbroddi nýrra lausna á olíumarkaði með það markmið að bjóða besta eldsneytisverðið. Við erum eina félagið á Íslandi sem selur alla fimm orkugjafana; bensín, dísel, metan, vetni og rafmagn. Tilflutningur er að verða milli orkugjafa og þar verðum við í fararbroddi, vel staðsett um land allt,“ segir Auður Danielsdóttir forstjóri Orkunnar.

„Starfsmannahópurinn hjá Orkunni er samstílltur, með skýra sýn og í góðri samvinnu við samstarfsfélaga Orkunnar um land allt. Við komum með snjallar lausnir og erum stoltir þátttakendur í orkuskiptunum sem munu leiða til aukinna lífsgæða. Framtíðin er sannanlega bleik og orkumikil.“

Dýrmæt hvatning til góðra verka

Auður útskrifaðist með cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, lauk námi í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands og AMP-stjórnendanámi frá IESE í Barcelona. Hún starfaði hjá Sjóvá frá árinu 2002 til 2022, sem framkvæmdastjóri starfsmanna- og rekstrarmála, framkvæmdastjóri tjónasviðs og síðast sem framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafa. Þá tók hún við starfi forstjóra Orkunnar sumarið 2022. Hún hefur jafnframt setið í stjórn LeiðtogaAuðar, sem er deild innan FKA, í tvisgang, fyrst árin 2011 til 2014 og svo árin 2020 til 2023. Auk þess sat Auður í Jafnvægisvogarráði frá stofnun þess árið 2017 til 2022.

Þá má einnig geta þess að Orkan hlaut viðurkenningu jafnvægisvogarinnar 2023 annað árið í röð, sem Auður segir vera mjög ánægjulegt og hvetjandi. „Það hefur margóft verið sýnt fram á að fyrirtæki með jafnt kynjahlutfall skila betri fjárhagslegri afkomu og því er þessi viðurkenning okkur mjög dýrmæt og hvatning til áframhaldandi góðra verka,“ segir hún.

Þá bætir Auður við að Orkan sé með jafnlaunavottun og að jafnt kynjahlutfall skili sér einnig í ánægðara starfsfólki sem leiðir meðal annars til ánægðari viðskiptavina

Nýjungar og nýjar lausnir

„Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar er okkur mikilvæg, við viljum að Orkan sé eftirsóknarverður vinnustaður. Við viljum skapa vinnustað og vinnugleði þar sem rödd allra fær að skína og skoðanir allra eru vel metnar,“ segir Inga Hrund Arnardóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Orkunni.

Inga er með cand. oecon.-próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Orkunni síðan í lok árs 2022. Hún segir starfið vera spennandi og fjölbreytt en áður starfaði hún hjá Sjóvá í 15 ár sem forstöðumaður reikningshalds.



Orkukonur í lit sem mynda frábært teymi.

Hlutverk Orkunnar er að þjónusta ökutæki með einföldum hætti. „Við bjóðum lægsta verð í öllum landshlutum og ákveðnum hluta höfuðborgarsvæðisins,“ segir Inga.

Orkumiklir starfsmenn

Árið 2023 var afar spennandi hjá Orkunni að mati Ingu. Orkan var valin Fyrirtæki ársins 2023 í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins hjá VR í flokknum stór fyrirtæki ásamt fjórum öðrum flottum fyrirtækjum. Var þetta í fyrsta skipti sem Orkan tók þátt í Fyrirtæki ársins. „Við erum stolt af þessum árangri og nýttum orkuna og gleðina til að klára fjölmörg spennandi og snjöll verkefni á árinu,“ segir Inga.

„Við opnuðum sex aflmiklar hraðhleðslustöðvar, 350-600 kWh rafmagn, á árinu þar sem á hverri stöð eru fjórir til átta hleðslustaurar. Tvær af þessum stöðvum eru færanlegar hraðhleðslustöðvar og þær fyrstu hér á landi. Orkuskiptin í

samgöngum eru risastórt verkefni og fannst okkur mikilvægt að koma inn á orkumarkaðinn af krafti. Fjárfesting í hraðhleðslum er stórt hlutfall af fjárfestingum ársins hjá Orkunni.

„Á árinu kynntum við aðra nýjung, gassjálffsala, en á völdum stöðum geta viðskiptavinir nú keypt og skilað gaskútum í sjálf-sala hvenær sem er sólarhringsins. Orkan var fyrst orkusala til að bjóða nýja lausn fyrir viðskiptavinum sem snýr að því að setja Orkulykillinn í símann, viðskiptavinir þurfa ekki að bæta við nýju smáforriti eða fá plastlykil heldur fer orkulykillinn beint í apple eða google wallet.“ Auk þess hefur Orkan nú netgirvætt allar sínar 72 stöðvar, víðs vegar um landið.

Allir hafa tækifæri

„Við höfum nýtt staðsetningar Orkunnar til að þróa og setja upp nýjar þjónustulausnir sem viðskiptavinir geta notið góðs af. Síðasta sumar hófum við okkar vegferð í orkuskiptunum og hefur það verið mikill lærdómur fyrir mig og okkur, í dag erum við með sex hraðhleðslustöðvar og þeim fjölga hratt,“ segir Brynja Guðjónsdóttir, forstöðumaður markaðs- og þjónustumála hjá Orkunni.

Brynja er með B.A. í félagsfræði frá Háskóla Íslands og mastersgráðu í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. „Ég starfaði hjá Krónunni í nær sex ár í markaðs- og innkaupadeild en gerðist svo Orkubolti í febrúar 2022 þegar ég kom inn í stöðu markaðsstjóra. Þegar ég var í skóla velti ég því oft fyrir mér hvernig grunnnám í félagsfræði myndi gagnast mér en komst síðar að því að það var í raun fullkomið nám fyrir mig þar sem ég hef alltaf haft brennandi áhuga á fólki og hegðun þess,“ segir Brynja.

„Í vinnunni setjum við alla okkar orku í að kynnast viðskiptavininum og setja þarfir hans í forgrunn, þá er samvinna þvert á deildir mikilvæg svo hægt sé að tryggja bestu þjónustu-upplifun fyrir viðskiptavinum. Starfsmannahópurinn okkar tók á mót viðurkenningunni Fyrirtæki ársins síðastliðið vor í Hörpu sem veitti okkur mikið stolt. Áherslan okkar er á skemmtilegt vörumerki, sem er ekki erfitt þar sem allir dagar hjá Orkunni eru bleikir, orkumiklir og skemmtilegir.“

Brynja segist vera stolt af að vinna hjá Orkunni þar sem áhersla sé lögð á jafna stöðu kynja. „Ég tel mig vera unga konu sem fékk tækifæri til stiga upp þegar ég tók við markaðsmálum Orkunnar og er núna forstöðumaður markaðs- og þjónustumála. Framþróun er mikil og fram undan eru mörg spennandi ný verkefni sem verður gaman að kynna. Orkan innleiddi jafnlaunavottun árið 2022 og leggur áherslu á að viðhalda henni ásamt viðurkenningu jafnvægisvogarinnar sem sýnir góðan metnað. Það er dýrmætt að upplifa sterka liðsheild innan Orkunnar með öllum ólíku orkuboltunum og mikil viðurkenning fyrir okkur að hljóta jafnvægisvogina annað árið í röð.“

Umræðan um sorphirðu og flokkun hefur sjaldan verið eins mikil.



Ljósmynd/Hallmar.fr@gmail.com

„Heimilið okkar er jörðin og við þurfum að ganga vel um hana“

Á vegferð að auka gagnsæi og traust um meðhöndlun úrgangs

Við erum að sigla inn í 40 ára afmælisár Terra og ætlum við svo sannarlega að fagna þessum tímamótum enda mjög áhugaverð saga þegar lítið er til allra breytinganna sem hafa orðið undanfarna áratugi í þessum geira,“ segir Gróa Björg Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri menningar og sjálfbærni hjá Terra. Terra hefur verið leiðandi í umhverfisþjónustu með það hlutverk að safna úrgangi, flokka og koma honum í réttan farveg, ýmist hérlendis eða erlendis. „Ég hrærist vel í umhverfi þar sem ég fæ að læra, þróast og vinna með liðs- heild og fæ ég heldur betur að gera það hjá Terra. Svo er bara svo margt skemmtilegt, fjölbreytt og gott fólk hjá Terra og það gerir dagana þar heldur betur skemmtilega,“ segir hún.

Gróa var ráðin til starfa hjá Terra árið 2022 og tók þá við nýju sviði menningar og sjálfbærni. Hún telur sig vera heppna að hafa fengið það hlutverk að byggja upp svið menningar og sjálfbærni hjá fyrirtæki eins og Terra sem sinnir víðtækri umhverfisþjónustu. Áður hafði hún starfað sem framkvæmdastjóri stjórnarhátta og gæðamála hjá Skeljungi og þar áður sem lögmaður hjá Landslögum. „Við vinnum með fyrirtækjum, opinberum aðilum og einstaklingum í flokkun og umhverfisvænni úrgangsstjórnun með áherslu á að koma efnunum sem til falla í viðeigandi farveg og sem mestu aftur í hringrásarhagkerfið. Gaman að segja frá því að orðið Terra þýðir „jörð“ á latínu og vísar það til kjarnastarfsemi okkar og eins af gildunum okkar sem er umhverfisvernd. Heimilið okkar er jörðin og við þurfum að ganga vel um hana,“ bætir Gróa við. „Ég er alin upp úti á landi og fæ mjög mikið út úr því að brasa eitthvað utandyra, hvort sem það er að ganga á fjöll, hjóla, hestaferðir eða annað. Þykir mér því afskaplega vænt um náttúruna okkar.“

Fjölbreyttur rekstur og snertifletir víða

Gróa segir Terra vera með snertifleti víðs vegar í samfélaginu þar sem tekið er á móti miklu magni af alls konar efnunum, allt frá hefðbundnum heimilisúrgangi til byggingarúrgangs og sóttmengaðs úrgangs. „Við erum eina sérhæfða fyrirtækið á landinu í móttöku spilliefna og komum þeim í viðeigandi farveg. Við störfum eftir gæða- og umhverfisstöðlum enda mikilvægt að ferlar séu úthugaðir og umhverfið fái að njóta vafans þegar finna þarf réttan farveg fyrir alla þessa efnisflokk,“ segir Gróa og bætir við að það þurfi að huga að mörgu til þess að allir efnisflokkar fari í réttan farveg enda mismunandi kröfur gerðar um meðhöndlun efnisflokka.

„Til að mynda eru sum spilliefni flutt erlendis með skipum til vinnslu en þar þarf frágangur, merkingar og hin ýmsu starfsleyfi að vera til staðar, svo eitthvað sé nefnt. Það er því ýmislegt sem gerist á bak við tjöldin eftir að við setjum úrganginn okkar ofan í tunnuna heima eða förum með spilliefni á móttökustaði.“

Spennandi geiri og mikil þróun

Gróa segir mikinn vöxt og breytingar hafa átt sér stað í úrgangsmálum síðustu árin og hvað þá frá árinu 1984 þegar Terra var stofnað. „Í upphafi var Terra með einn bíl og einn starfsmann en nú 40 árum síðar erum við með um 240 bíla og tæki og hjá fyrirtækinu starfa um 260 manns á starfsstöðvum

Gróa Björg Baldvinsdóttir, framkvæmdastjóri menningar og sjálfbærni hjá Terra.



Ljósmynd/Hulda Margrét

víðs vegar um landið. Stærsti hlutinn af okkar fólki starfar við sorphirðu, flokkun og sér til þess að koma úrganginum svo í réttan farveg. Við erum með höfuðstöðvarnar í Hafnarfirði og svo með starfsstöðvar á Akureyri, Akranesi, í Ólafsvík, á Blönduósi, Skagaströnd og Reyðarfirði,“ segir Gróa. „Við hjá Terra störfum í umhverfi sem er sífellt að breytast með tilheyrandi nýjum áskorunum. Við sem samfélag erum að verða enn meðvitaðri um áhrif þess að flokka og endurvinna. Það er ekki svo langt síðan við vorum ekkert sérstaklega að velta flokkun fyrir okkur, settum allt í eina tunnu sem fór í einn haug. Við tölum ekki lengur um rusl enda með aukinni flokkun koma hreinni straumar af efnunum inn til okkar sem gerir það að verkum að það er hægt að endurnýta efnin og þar með eru þau orðin að verðmætum. Því hreinni efni sem við fáum inn til okkar því meiri líkur á að hægt sé að koma efnunum áfram í hringrásarkerfið.“

Gróa talar um að starfsfólk fyrirtækisins finni fyrir miklum breytingum við það að innleiða nýju hringrásarlögin svokölluðu sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. „Sú breyting hafði þau áhrif að við erum til dæmis farin að safna og flokka matarleifar sér en áður fór allt slíkt saman við almennt heimilissorp. Af þessu leiðir að mun meira magn verður að molutjarðgerðarefni og framleitt er til dæmis metan til orkunýtingar,“ segir Gróa. „Magnað er að fá að sjá þessar breytingar á nokkrum mánuðum og hvaða áhrif

hver og einn hefur þegar við söfnum þessu öllu saman. Margt smátt gerir eitt stórt og við verðum að vinna þetta saman.“

Stuðlað að sjálfbærni

Framtíðarsýn Terra – Stuðlum að sjálfbærni – var mótuð síðla árs 2022 og hafa orðið tölverðar skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu til að styðja við nýju stefnuna. „Í ársbyrjun 2023 byrjuðum við að innleiða stefnuna og samhliða því hófst vinna við að innleiða sjálfbærni í kjarnarekstur félagsins enda mikilvægt að innleiðing sjálfbærni sé samofin kjarnarekstri félagsins og framtíðarsýn þess, ætli það sé að þrífast og mæta kröfum nútíðar og þörfum framtíðar. Það má því segja að allt sé á fleygiferð hjá okkur í tiltekt og að skapa nýja vegferð hjá Terra, mjög spennandi tímar,“ segir hún. „Það er mikið af tækifærum sem skapast þegar fyrirtæki fara í gegnum stefnumótun og innleiðingu á sjálfbærni, ákveðin sjálfsskoðun og tiltekt. Við förum í gegnum svokallaða mikilvægisgreiningu í tengslum við innleiðingu á sjálfbærni og hvet ég önnur fyrirtækið eindregið að gera það. Felst í raun í því að greina hvað við ættum að leggja áherslu á í okkar rekstri þegar kemur að sjálfbærni.“

Þegar kemur að sjálfbærni er að mörgu að hyggja, eitt af því eru úrgangsmálin, sem óneitanlega snerta okkur öll með einum eða öðrum hætti að sögn Gróu, því það fellur jú alltaf eitthvað til af úrgangi eða sorpi. „Með því að styðja og einfalda úrgangsflokkun okkar viðskiptavina ætlum við að styðja við þá í sjálfbærnisvegferð þeirra og taka þátt í að einfalda þeim þessa sneið af kökunni sem við köllum sjálfbærni,“ segir hún. „Það gerum við með því að hjálpa þeim að flokka betur m.a. með því að leiðbeina þeim, veita þeim rauntímaupplýsingar um stöðu sinna úrgangsmála, sem við gerum í gegnum Mínar síður og halda viðskiptavinum okkar upplýstum.“

Gagnsæi og rauntímaupplýsingar

Umræðan um sorphirðu og flokkun hefur sjaldan verið eins mikil, bæði vegna aukningar í flokkun en einnig hefur verið umræða um óánægju fólks sem virðist að meginstefnu til vera tvíþætt. Annars vegar virðist sorphirða í einhverjum tilvikum ekki vera í takt við þarfir fólks, til dæmis tunnur eða gámar fyllast og sorpið er ekki sótt í tæka tíð að mati fólks. Hins vegar veltir fólk því fyrir sér hvort það geti treyst því að sorpið fari í réttan farveg og geti treyst endurvinnslufyrirtækjum. „Við erum á mikilli stafrænni vegferð sem felst í því að opna bækkurnar okkar ef svo má segja um tímasetningu losana, efnisstraumana og að veita viðskiptavinum okkar rauntímaupplýsingar um úrgangsmál þeirra,“ fullyrðir Gróa.

„Það skiptir okkur miklu máli að viðskiptavinir okkar treysti því að við komum úrgangi og efnunum í réttan farveg svo hann skili sér aftur inn í hringrásarhagkerfið. Rétt flokkun skiptir afar miklu máli og að við fáum hreinni strauma inn til okkar svo við getum komið ákveðnum efnunum í frekari endurvinnslu og öðrum í endurnýtingu. Við erum á vegferð að auka gagnsæi og traust og eitt af því sem við höfum gert á þeirri vegferð er að birta til þess höfum við gott yfirlit á vefsíðu okkar, þar sem sjá má hvað verður um úrganginn eftir efnisflokkun og landshlutubrotið niður á hvern og einn úrgangsflokk á landshluta. Þar sést meðal annars hver er úrgangsméðhöndlunin og hver verður afurðin. Ég hvet alla til að kynna sér það og skoða.“

Júlia Rós Atladóttir framkvæmdastjóri Distica vill að fólki líði vel í vinnunni og nýti hæfileika sína.



Fjölbreytileikinn getur verið alls konar

Bregðumst hratt við því líf geta verið í húfi

Við tökum því alvarlega þegar lyf eru ófánleg á landinu, það er okkar helsta áskorun. Ef mikilvæg lyf eru ekki til á landinu getur það haft lífshættulegar afleiðingar. Þegar það ástand skapast gerum við allt sem í okkar valdi stendur til að útvega þau lyf, bregðumst hratt við og það hefur gerst að starfsmaður Distica hefur flogið utan til að sækja lyf," segir Júlia Rós Atladóttir framkvæmdastjóri Distica en fyrirtækið er leiðandi í innflutningi og dreifingu á lyfjum, lækningatækjum og heilbrigðistengdum vörum.

„Við erum mikilvægur hlekkur í heilbrigðiskerfinu og þar sem við erum með 70% markaðshlutdeild í lyfjum er vægi okkar mikið. Á hverjum einasta degi gerum við okkar besta til að tryggja aðgengi að lyfjum og lækningatækjum í landinu.“

Strangar kröfur við meðhöndlun lyfja

Júlia Rós talar um að önnur áskorun sem Distica stendur frammi fyrir þessa dagana sé vaxtarverkir en fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár. „Það eru smá vaxtarverkir núna en fókusinn á þessu ári er að vinna úr þessum vaxtarverkjum, stækka húsnæðið og besta ferla. Okkar framtíðarsýn er að halda áfram á stafrænni vegferð en sem liður í okkar þjónustuvegferð hefur fókusinn verði á stafrænum lausnum undanfarin ár.“

Fyrir ekki svo mörgum árum snerist vörustýring og heildsala aðallega um að flytja vörur frá A til B en núna snýst hún einnig um upplýsingatækni. Okkur er mikið kappsmál að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og því höfum við þróað viðskiptavinagátt þar sem viðskiptavinir geta nálgast allar þær upplýsingar sem þeir þurfa varðandi viðskipti sín við Distica," segir Júlia Rós.

„Birgðastýring lyfja er krefjandi, það getur verið snúið að bregðast við aukinni eftirspurn eftir lyfjum því framleiðsluferlin eru flókin og gæðakröfur strangar. Við leitum allra leiða til að útvega lyf sem eru ekki fánleg á landinu. Oftar en ekki eru staðkvæmdarlyf eða aðrir styrkleikar í boði en undanfarið höfum við heyrt dæmi í fjölmiðlum um aukna eftirspurn eftir ákveðnum lyfjum um allan heim og þá er staðan orðin flóknari og framleiðendur stýra magni inn á markaði.“

Eingöngu konur í framkvæmdastjórn Distica

Að mörgu leyti er Distica einstakt fyrirtæki, að sögn Júlíu. „Distica á sögu að rekja aftur til ársins 1956 en þá tóku apótek- arar sig saman og stofnuðu lyfjaheildsölu. Það er mikil þekking og reynsla innan fyrirtækisins, hár starfsaldur og fyrir það erum við afar þakklát.“

Í starfsmannahópnum er mjög svipað hlutfall af konum og körlum og ef við skoðum allt stjórnendateymi fyrirtækisins þá eru konur fleiri en karlar. Í framkvæmdastjórn Distica eru eingöngu konur," segir Júlia og talar um að það sé einstakt og hópurinn sé mjög samstíga í að reka fyrirtækið.

„Það er mikilvægt að halda í fjölbreytileikann, þannig eru bestu ákvarðanirnar teknar. Fjölbreytileikinn getur hins vegar verið alls konar. Þó við séum allt konur í framkvæmdastjórn þá erum við mjög ólíkar, við erum með ólíkan bakgrunn, menntun



Framkvæmdastjórn Distica á góðri stund í fjallgöngu: Júlia Rós Atladóttir framkvæmdastjóri, Auður Aðalbjarnardóttir sviðsstjóri Gæðasviðs, Guðrún Anna Pálsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs og Oddný Sófusdóttir sviðsstjóri rekstrarsviðs.

og komum frá ólíkum stöðum á landinu þannig að þetta er nokkuð fjölbreyttur hópur þó að kynið sé það sama.“

Skiptir mig miklu máli að gera gagn

Aðspurð segir Júlia Rós að hún sé í mjög gefandi starfi en hún hefur starfað við lyfjabransann í yfir tuttugu ár. „Ég hef tvisvar sinnum prófað að fara úr lyfjabransanum, en ég fann fljótt að það skiptir mig miklu máli að vera í starfi sem er gefandi og að ég sé að gera gagn. En á sama tíma fylgir því meira álag að vera í starfi með eins mikilvæga vöru og lyf eru," segir Júlia og bætir við að hún hafi sannarlega mikinn metnað fyrir starfi sínu og því að ná árangri.

„Ég geri hins vegar ekkert án þess að hafa gott fólk með mér og því er mér mikilvægt að halda vel utan um samstarfsfólk mitt og byggja upp góð teymi. Mér er mjög annst um að Distica sé góður vinnustaður, ég vil að fólki líði vel í vinnunni og sé að nýta hæfileika sína sem best. Það er verkefni sem við viljum alltaf einblína á því við erum öll ólík og viljum ólíka hluti.“

Styðjum hver aðra

Og Júlia gleymir ekki heldur að sinna sjálfri sér en símtalið við blaðamann er einmitt tekið í Barcelona þar sem hún stund-

ar nám í Advanced Management Program við Business School Barcelona.

„Heimurinn hefur aldrei verið eins hraður og hann er núna, það verða til ógrynni af upplýsingum á hverri einustu sekúndu þannig að það er mjög mikilvægt að vera í takti við tímann og fylgjast með því sem er að gerast. Ég hef alltaf reynt að mennta mig samhliða starfinu," segir Júlia sem byrjaði starfsferilinn sem lyfjateknir en hefur jafnt og þétt bætt við sig menntun og er með meistaraþróf í viðskiptafræði auk þess að vera með diplóma í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun, og diplóma í mannauðsstjórnun auk kennsluréttinda.

En hvað gerir Júlia til að hlaða batterið, ekki síst þegar álagið er mikið? „Ég nærast á því að vera úti og hreyfa mig. Ég er í mjög skemmtilegum og gefandi vinkvennahóp sem hefur brasað ýmislegt saman, við tökum til dæmis þátt í Vasaloppet sem er 90 km gönguskíðakeppni í Svíþjóð. Það er svakalega gaman og ég mæli með því.“

Við höfum einnig tekið Landvættina saman og við erum líka duglegar að hittast á fjalli og ræða áskoranir í vinnu. Það gerum við bæði til að hreyfa okkur og fá ferskt loft en líka til þess að fara yfir þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og styðja hver aðra.“



Ást & kossar.



BIOEFFECT

BIOEFFECT verslun Hafnartorgi | bioeffect.is | Varasalvi: 3.890 kr.

Hvatti mig til að hugsa stórt



Ljósmynd/Hulda Margrét

Íslenskar konur hafa verið mínir mestu bakhjarlar síðan ég kom til landsins.

Ég átti kannski ekki frábært samband við konur í æsku og hef því aldrei hleypt þeim að mér. Það var ekki fyrr en ég kom til Íslands að það fór að breytast því ég fann að þær sýndu mér öryggi og kærleika.

Ég gæti nefnt svo margar konur í FKA sem hafa opnað dyr fyrir mér en í dag vil ég þakka Steinunni Bergsteinsdóttur. Steinunn tók mig undir væng sinn og tók mig og dóttur mína inn í fjölskylduna.

Hún sá hvað í mér bjó og hvatti mig til að hugsa stórt.

Steinunn er myndlistarkona á þriðja æviskeiði sem sannar að hugvíssemi er ekki háð aldri. Hún hefur átt langan og aðdunarverðan feril og heldur enn myndlistarsýningar og skapar ótrúlega list.

Grace Achieng, stofnandi og framkvæmdastjóri Gracelandic.

Perlurnar í festinni minni

Ég hef haft þann síð síðustu ár að setjast niður fyrir jólin og fara yfir árið til að vera meðvituð um þær fyrirmyndir sem hafa haft áhrif á líf mitt. Á aðventunni heimsæki ég þær með það að markmiði að þakka þeim fyrir að vera perlurnar í festinni minni.

Að sjálfsögðu er mamma mín, Sigrún Hauksdóttir, skærasta stjarnan þar. Hún jó fæddi mig, fræddi og klæddi.

Það sem ég er alltaf að verða meira og meira meðvituð um er hve mikil forréttindi það eru að eiga mömmu sem hefur alltaf gert hlutina á sinn einstaka hátt, fer út fyrir boxið alla daga og stendur með sér og sínum fram í rauðan dauðann.

Fyrirmyndir í mínu lífi eru óteljandi og ómögulegt að nefna þær allar en það eru forréttindi að eiga mömmu eins og þig.

Þú ert mitt leiðandi stjörnljós í lífinu."

Helga Björg Steinþórsdóttir, meðstofnandi og meðeigandi AwareGo.



Ljósmynd/Guna Mežule

Það sagði engin að þetta ætti að vera auðvelt!

Á tímamótum sem þessum þegar Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, fagnar 25 ára afmæli sínu er við hæfi að þakka þeim sem hafa rutt brautina og þeim sem standa okkur næst. Stjórn FKA fer með æðsta vald í málefnum félagsins, skipað konum kjörnum á aðalfundi. Þessar stjórnarkonur voru fengnar til að skrifa þakklætisbréf til konu sem hefur verið til staðar í þeirra lífi í leik og starfi. Konu sem hefur haft áhrif á þær, stutt eða hjálpað að þroskast.

Það var ekki auðvelt fyrir þær að velja eina konu enda sagði engin að þetta ætti að vera auðvelt.

Er alltaf til staðar



Ljósmynd/Silla Páls

Það eru svo margar konur sem ég gæti þakkað, konur sem ég lit upp til, konur sem hafa barist og rutt veginn fyrir mig og konur sem sýna jákvæðni og umhyggju þrátt fyrir erfiðleika.

Ég get valið úr svo mörgum mögnum konum en ég enda alltaf með þá sömu, Mariu Richter, sem er einmitt móðir mín. Mamma mín ruddi nefnilega veginn fyrir mig, meira en nokkur önnur.

Hún barðist fyrir mig, bókstaflega, fórnaði miklu, er enn minn helsti ráðgjafi og trúnaðarvinur og kenndi mér mikilvægar lífsreglur sem ég fylgi enn í dag. Hún vann alltaf mikið ásamt því að sjá um heimilið og byggði meira að segja æskuheimilið mitt (með föður mínum) kasólétt að mér.

Samt var hún alltaf til staðar og er það enn.

Takk mamma, fyrir allt."

Andrea Ýr Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsulausna, hjúkrunarfræðingur og ritari FKA.

Þeirra vegna er ég

Þakklæti er stórt orð, sennilega orð sem ég hugsa ekki of oft um. Og hvar skal byrja. Á bak við hverja manneskju eru svo margir sem hafa komið að mótun manneskjunnar. Föðuramma mín og nafna, Ingibjörg, sem kenndi mér að meta náttúruna og rækta jarðveginn. Sem kynnti mig fyrst fyrir dýrum sem urðu mín ær og kýr. Móðuramma mín sem var alltaf með nýjstu strauma og stefnur í tiskuheiminum á hreinu og var mín fyrirmynd í framkomu.

Mamma sem var klettur, verndaði börnin sín sem voru hennar stolt. Systir mín, sem með stóran barnahóp fluttist til Bandaríkjanna og lærði læknisfræði í einum besta skóla í heimi. Nú eða vinkonurnar, vindahóparnir, FKA, allar þessar kjarnakonur.

Mitt þakklætisbréf er til allra þessara kvenna. Þeirra vegna er ég."

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, hundaræktandi, eigandi Gæludýris og gjaldkeri FKA.



Hugsaðir alltaf vel um fólknið þitt



Ljósmynd/Silla Páls

Ég vil nýta þetta frábæra tækifæri og þakka ömmu minni, Guðlaugu Kjerúlfi.

Að ala upp börn annarra er ekki sjálfsgott en þú gerðir það á óeigingjarnan hátt, hugsaðir vel um fólknið þitt og opnaðir augu mín fyrir fegurð ættfræði og frændsemi.

Þú kenndir mér mörg praktísk atriði sem hafa fylgt mér um ævina, hvort sem var að brjóta þvottinn vel í upphafi svo flíkin sé falleg við notkun eða vinna hvert verkefni faglega og með stolti. Þegar ég var sjö til átta ára sótti ég þig íðulega í vinnuna í eldhús Landspítalans þar sem mér var tekið opnum örnum, leyft að aðstoða við frágang og kennt að vinna vel.

Þú brýndir fyrir mér að henda ekki rusli úti á götu eða í náttúrunni. Ég vildi óska að heimurinn allur hefði fengið þá kennslu hjá þér.

Takk elsku amma!"

Guðlaug Hrönn Jónsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri GET Ráðgjafar ehf.

Net af kröftugum konum

Ég er svo heppin að eiga stórt net af kröftugum konum í kringum mig sem hafa stutt mig á einn eða annan hátt og verið til staðar fyrir mig á mismunandi tímum, í einkalífi og starfi. Ég er þakklát fyrir hverja einustu þeirra.

Ég dáist að konum sem elta drauma sína, láta þá rætast og hafa þann hæfileika að missa ekki sjónar á markmiðunum, alveg sama hvað. Konur sem hrósa öðrum konum, styðja þær og hvetja áfram til góðra verka, það eru mínar fyrirmyndir.

Mamma mín er sú kona sem ég vil þakka hér, fyrir að sýna mér á hverjum degi hversu mikilvægt það er að rækta vináttu, eiga áhugamál og stunda daglega hreyfingu. Ef hún er ekki að leika sér á golfvöllinum þá eru það göngutúrar, ferðalög eða aðrar upplifanir með vinkonum eða eiginmanni – pant hafa heilsu í það á áttreðis- og nírræðisaldri.

Dóra Eyland, þjónustustjóri í Golfklúbba Reykjavíkur.



Full þakklætis



Ljósmynd/Ásta Kristjánsdóttir

Þakklæti er efst í huga þegar ég hugsa um að vera komin á þriðja æviskeiðið, sem er ekki sjálfgefið. Að vera 63 ára, full af orku með góða heilsu og í fullri vinnu sem ég hlakka til að mæta til á degi hverjum.

Móðir mín, Ingibjörg Eliasdóttir, 96 ára, er sú kona hefur haft mest áhrif á mig. Eðlilega kemur hún úr allt öðru umhverfi en ég og þurfti að hafa mjög mikið fyrir hlutunum.

Hún hefur kennt mér að vinnan göfgar manninn og það var ekki algengt að vera með lykil um hálsinn, koma heim eftir skóla og enginn heima.

Mamma var samt alltaf til staðar, hefur ávallt stutt við bakkið á mér og kenndi mér að réttlæti og heiðarleiki eru miklir mannkostir. Ég er full þakklætis að geta hringt í hana ennþá á hverjum degi."

Guðrún Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fastus og varaformaður FKA.

Dýrmætur spegill

Ég hef svo ótal margar konur til að þakka fyrir, fyrirmyndir og sterka kletta. Annars vegar þær sem hafa greitt brautina, rétt mér keflið, lyft mér upp og gefið mér tækifæri og hins vegar þær sem eru ávallt til staðar og hvetja mig áfram.

Að öllum öðrum ólostuðum langar mig að lyfta móður minni upp, Ölgu Ásrúnu Stefánsdóttur. Hún hefur sýnt mér í verki að maður er aldrei of gamall til að læra eitthvað nýtt, láta drauma rætast eða breyta um starfsvettvang. Hún er drifin áfram af hjálpsemi og einlægum áhuga á fólki og hefur svo til helgað sig rannsóknum tengdum þriðja lífsskeiðinu. Hún hefur verið mér dýrmætur spegill, hvatt mig áfram til góðra verka og ávallt stutt mig í öllu sem ég tek mér fyrir hendur."

Berggrún Lilja Sigurjónsdóttir, sviðsstjóri sviðs fólks, upplýsinga og þróunar hjá Vinnueftirlitinu.



Ljósmynd/Ljósmyndastofa Rutar og Silju



smart #1

Við erum framtíðin

Einfaldaðu lífið með smart #1 sem er rafmagnaður, rúmgóður og tæknilega framúrskarandi. Bíllinn býr yfir einstaklega snjöllu viðmóti með endalausum möguleikum, meðal annars lyklalaus aðgengi, stillanlegri lýsingu í innra rými, vönduðu akstursstoðkerfi og 360° myndavél sem aðstoðar þig við aksturinn.

Með allt að 420 km drægni og 1600 kg dráttargetu sannar smart #1 að rafmagnaður lífstíll og ævintýraporsti geta farið saman.

Verð frá **7.290.000 kr.**

Vertu öðruvísi. Vertu smart.



Vertu með.



Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

smartaislandi smartaislandi



Elin Hrönn Geirsdóttir, framkvæmdastjóri og nuddmeistari.

Ljósmynd/Árni Sæberg

„Við Íslendingar eigum oft erfitt með að kúpla okkur út“

Hér er heill heimur velliðunar

Elin Hrönn tók við rekstrinum eftir covid-faraldurinn, en þá hafði starfsemin legið niðri í dálítinn tíma. Að eigin sögn hefur Elin unnið að því ásamt traustu samstarfsfólki sínu og teymi að byggja upp reksturinn á ný, hvetja fólk til að huga að sjálfu sér, slaka og njóta auk þess að koma með spennandi nýjungar í nuddi og slökun inn á markaðinn. Heilsulindin, sem er staðsett á Hótel Reykjavík Natura - Iceland Hotel Collection by Berjaya á Nauthólsvegi 52, á sér merka og áhugaverða sögu og var upphaflega hluti af gamla Hótel Loftleiðum en hefur að sjálfsögðu þróast í gegnum árin og tekið eigendaskiptum.


Upphaflega var reynt að halda heilsulindinni opinni undir stjórn hótelsins en þá var búið að segja upp flestu starfsfólki. Gafst þá Elinu kjörð tækifæri til að takast á við nýjar áskoranir og byggja eitthvað upp á eigin spýtur. „Þannig fór ég óvænt út í atvinnurekstur sem er mjög skemmtilegt, enda hafði ég sjálf misst gömlu vinnuna mína í covid-faraldrinum. Ég var aðallega í alþjóðlegum ráðstefnum sem að sjálfsögðu dattu niður á þessum tíma, svo þetta raðaðist allt fint,“ segir Elin.

Nostalgía í loftinu

„Þegar ég var ung þá lærði ég nuddarann. Síðan tók ég viðskiptafræði og með fókusi á markaðsfræði auk þess að vera með gráðu í verkefnastjórnun. Síðan starfaði ég á K100 og tók sumarverkefni sem hét Við elskum Ísland. Það var alveg frábært verkefni. En þannig var mín leið að því að taka við Natura Spa, sem ég er afar þakklát fyrir í dag,“ segir Elin.

„Það er svo spennandi að takast á við þennan rekstur og þarna fæ ég að sameina öll mín svið í eitt. Það þarf rosalegan drifkraft og metnað í svona verkefni. Það er líka svo gefandi að rækta eitthvað og stuðla að velliðan.“ Elin segir það sérstaklega gaman og gefandi og ekki síður þá í ljósi þess hvað rýmið á sér mikla sögu. „Oft þegar fólk er eitthvað óvísst með hvar við erum til húsa þá segjum við bara „gamla Hótel Loftleiðir“,“ segir hún. „Ég fæ stundum kúnna inn sem fyllast gífurlegri nostalgíu við það eitt að koma í húsið. Kannski voru afi og amma á hótelinu eða þekkjlaugina. Þetta er eitt af fyrstu stóru hótelinum í Reykjavík. Upphaflega var þetta meira sundlaug og slökunarherbergi þar sem

„Oft þegar fólk er eitthvað óvísst með hvar við erum til húsa þá segjum við bara „gamla Hótel Loftleiðir“,“ segir Elin.



fólk gat slakað á. Það er mikil nostalgía að heyra sögur og skoða gamlar myndir til dæmis. Það finnst alveg að fólk á sterkar minningar af þessum stað.“

Heildarpakki með faglegrri þjónustu

Vill þú framkvæmdastýran undirstrika hversu vel það spilar saman að bjóða upp á heilsulind þar sem nudd- og snyrtimeðferðir eru aðgengilegar. „Við erum mikið að leggja áherslu á það við fólk þegar það pantar tíma, að mæta helst fyrir tímarnum, allavega hálf tíma áður. Byrjaðu í spa-inu, byrjaðu að ná þér niður, slakaðu á, farðu í heita pottinn. Andaðu aðeins, því þú færð þá svo miklu meira út úr nuddinu og snyrtingunni. Hjá okkur á að vera heill heimur velliðunar,“ segir Elin. „Fólk sem kemur stressað inn í nuddið er miklu lengur að ná stressinu niður. Betra að koma snemma

og byrja að ná sér niður. Í Natura Spa-heilsulindinni er heldur ekki notast við klór í sundlauginni og heita pottinum heldur saltvatn. Þá er einnig boðið upp á lítið gufubað.“

Íslendingar gjarnan stressaðir

Elin segir einnig vinsælt að nýta sér flotbún að á staðnum og fólk gefur sér gjarnan góðan tíma til þess að fljóta og njóta. Hægt er líka að koma sér vel fyrir í glæsilegri setustofu fyrir framan arininn og gleyma sér í amstri dagsins. Jafnvel er þar hægt að panta sér drykki og eftir kl. 14 á daginn hægt að gæða sér á léttum réttum. „Það þarf að sameina tónlist, ljós, umhverfið og það þarf allt að vinna saman til að gefa góða slökun,“ segir Elin og segir umfangsmikla og grípandi hönnun hússins gegna stóru hlutverki. „Það var ótrúlega góð hönnun þarna fyrir en

það þarf alltaf að gefa þetta extra. Það er stór þáttur í þessu að skapa þægilegt andrúmsloft. Við blöndum á brúsa með ilmollu við gufubaðið. Þá er hægt að spreya ilmollu af alls konar gerðum inn í gufubaðið. Það þarf oft ekki mikið til að gera þetta extra, en þetta extra skiptir svo gífurlega miklu máli. „Aðspurð hvort Íslendingar séu almennt mikil ‚stressþjóð‘ tekur Elin undir. „Jú, það er dálítið svoléiðis,“ svarar hún.

„Við Íslendingar eigum oft erfitt með að kúpla okkur út og þess vegna er svo mikilvægt að geta spilað þessu inn í daginn og líðanin,“ segir hún. „Við erum súpergott teymi sem erum þarna og vinnum þetta saman og starfsfólkið mitt tekur mjög vel á móti fólk. Það er alveg nauðsynlegt að hafa gott fólk í kringum sig, hvort sem það er í rekstri eða lífinu eins og það leggur sig.“



Anna Rut Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og þróunarsviðs, og Elísabet G. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Kviku.

Ljósmynd/Kristinn Magnússon

Banki umbreytinga

Einföldum fjármál viðskiptavina okkar

Atl það sé ekki blanda af dugnaði, metnaði og heppni. Ég er búin að vinna lengi innan Kviku-samstæðunnar og hef fengið tækifæri til

að þróast í starfi og þannig aflað mér góðrar reynslu og þekkingar. Ég hef því verið dugleg að grípa tækifærin sem mér hafa boðist og reynt að sjá tækifæri í breytingum," segir Anna Rut Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og þróunarsviðs hjá Kviku, spurð að því hvernig hún hafi komist á þann stað sem hún er á í dag.

Elísabet G. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Kviku, segist hafa komist á þann stað sem hún er á í dag með góðri blöndu af samvirkun, elju, reynslu frá fyrri störfum og líka heppni og tilviljunum. „Mig langar líka að fá að nefna eiginmann minn í þessu samhengi. Auk þess að vera minn besti vinur og einn helsti stuðningsmaður þá hefur hann ætíð tekið virkan þátt í heimilislífinu og við skiptum þriðju vaktinni sanngjarnlega á milli okkar. Verandi fjögurra barna móðir þá hefði ég aldrei tekið við svona ábyrgðarmiklu starfi ef ég væri ekki með góðan stuðning heima fyrir.“

Hreyfanlegt og leiðandi afl

Saga vörumerkis Kviku nær aftur til ársins 2015 þegar MP banki og Straumur sameinuðust í nýjan banka. Markmið sameiningarinnar var að móta sérhæfari, skilvirkari og arðbærari fjármálaþjónustu sem myndi skila bæði viðskiptavinum og fyrirtækinu sjálfu skýrum ávinningi, að sögn Elísabetar. „Þessi fjármálaþjónusta skyldi vera hreyfanlegt og leiðandi afl, banki umbreytinga – og þar með varð Kvika banki til.“

Í dag skiptist bankinn niður í fimm tekjusið, og eru þrjú þeirra rekin í dótturfélögum undir eigin vörumerki: viðskiptabanka, fyrirtæki og markaði, eignastýringu, tryggingar og starfsemi í Bretlandi en Kvika er eina fjármála-fyrirtækið með dótturfélag erlendis sem er með virðisaukandi þjónustu fyrir viðskiptavinahópinn. Eftir nýlega stefnumótunavinnu er tryggingafélagið okkar TM nú í söluferli þar sem við ætlum að leggja áherslu á að einfalda rekstur samstæðunnar og styrkja hefðbundna



Kvika vinnur eftir markvissri jafnréttisstefnu en markmiðið er að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi þar sem starfsfólk hefur möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi.

bankastarfsemi í samræmi við tilgang og markmið bankans.“

Aukin samkeppni

Anna Rut talar um að tilgangur Kviku sé að auka samkeppni og einfalda fjármál viðskiptavina með því að nýta innviði og fjárhagslegan styrk. „Framtíðarsýn Kviku er umbreytt fjármálaþjónusta á Íslandi með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Við viljum koma auga á tækifæri sem aðrir sjá ekki og auka samkeppni á annars íhaldssömum fjármálamarkaði, allt á okkar forsendum og viðskiptavinum okkar til hagsbóta.“

Eitt besta dæmið um það er tilkoma Auðar, dóttur Kviku, sem hafði áhrif á vaxtastig innlánsreikninga á öllum markaðnum. Kvika hefur fjárfest í framúrskarandi vörumerkjum til þess að breikka og styrkja vöruúrval sitt. Í dag er Kvika móðurvörumerki Kviku banka, Kviku eignastýringar, Kviku Securities í Bretlandi og Ortus auk tryggingafélagsins TM. Auk þess eru vörumerkin Auður, dóttir Kviku, Lykill, Aur, Netgiró, Skilum og fleira undir Kviku.

Á liðnu ári stofnaði Kvika svo dótturfélagið Straum sem starfar á sviði greiðslumiðlunar. Við stefnum því ótraud áfram á að auka samkeppni og einfalda fjármál viðskiptavina okkar með markvissri vörubrúun.“

Það er þó heimikið af áskorunum sem fylgja

því að starfa á fjármálamarkaði og Elísabet nefnir þá helst regluverkið. „Bankastarfsemi er háð miklu og sibreytilegu regluverki og við áhættustýringu förum ekki varhluta af því. Við þurfum að uppfylla strangar kröfur eftirlitsins og stór hluti af okkar tíma fer í að skipuleggja hin ýmsu verkefni tengd því. Regluverkið getur verið flókið og strangt en við leggjum mikinn metnað í að innleiða allar þær reglur sem þurfa að vera til staðar hjá okkur til að starfsemi okkar sé fumlauus og standist allar öryggiskröfur.“

Anna Rut bætir við að eins sé heimikil áskorun að ná að fylgjast með ytra umhverfinu og þeirri þróun sem á sér stað. „Tæknin er til dæmis alltaf að þróast og því mikilvægt að fylgjast vel með og tileinka sér nýjungar, hvort sem það er í leik eða starfi. Dæmi um þetta er gervigreindin sem er á ógnarhraða núna en sú tækni getur nýst fjármálaþjónustum eins og Kviku vel. Það er samt mikilvægt að flýta sér hægt í þeim efnum og gera hlutina vel.“

Og svo má ekki gleyma tímastjórnun en henni fylgir líka heimikil áskorun. Að finna tíma til að sinna öllu og passa upp á að tíminn fari í rétta hluti. Undir mínu sviði, rekstri og þróun, eru sex deildir þannig að það er í mörg horn að líta. Það getur þess vegna verið áskorun að festast ekki í daglega amstrinu heldur passa að horfa á stóru myndina.“

Til að ná langt, hvort sem er í heimi fjármála eða annars staðar, þarf styrkleika og að kunna að nýta þá rétt. Þegar Elísabet var í meistaranámi í Bandaríkjunum fékk hún mjög eftirsóttá sumarvinnu í fjármálageiranum. Hún segir að sér hafi fundist það skrytið þar sem hún var í samkeppni við gríðarlega klára einstaklinga.

„Ég man að einn kennarinn minn orðaði þetta á skemmtilegan hátt: „You are smart enough... and you have social skills.“ Ég hló bara að þessu á þeim tíma en eftir því sem ég eldist og sankað mér meiri reynslu þá átta ég mig alltaf betur og betur á því hvað þessir svokölluðu „social skills“ og tengslanet geta skipt miklu máli.“

Anna Rut tekur undir þetta og segir að það hafi einmitt líka hjálpað henni að vera mjög félagslynd og eiga auðvelt með að vinna með fólki. „Minn helsti styrkleiki er líka klárlega dugnaður og seigla. Maðurinn minn segir oft að ég sé algjör jarðýta sem segir kannski eitthvað. Það hefur líka hjálpað mér, að eiga góðan mann sem hefur alltaf hvatt mig til dáða og verið mér innan handar.“

Gefandi og róandi útvera

Innt eftir því hvað nærri hana helst segir Anna Rut að það sé nú helst þetta klassíska, að vera með fjölskyldu og vinum. „Ég á tvö börn sem eru fimm og sex ára og það er yndislegt að fylgjast með þeim þroskast og dafna. Við fjölskyldan reynum að vera dugleg að gera eitthvað skemmtilegt saman, bæði innanlands og erlendis. Mér finnst líka gaman að elda og baka og við erum dugleg að bjóða fólki heim í mat. Svo er útvera alltaf svo hressandi og ég reyni að vera dugleg í garðinum á sumrin en það finnst mér vera einstaklega gefandi og róandi.“

Elísabet tekur í sama streng og segir að samvera með fjölskyldu og vinum sé gulls ígildi. „Svo verð ég að nefna hreyfingu líka. Ég fann þetta til dæmis svo sterkt nýlega þegar nánast öll hreyfing var tekin af mér, hversu slæm ég varð, ekki bara líkamlega heldur andlega líka. Ég fékk sem sagt brjóslos í fyrsta skiptið fyrir um þremur mánuðum og er enn að vinna upp fyrri styrk og getu. Ég æfi blak með HK og þó ég sé ekki enn komin í nógu gott stand til þess að spila þá er ég byrjuð að mæta aftur, gera nokkrar léttar æfingar og hitta liðsfélaga mína, og ég finn hvað þetta gefur mér gríðarlega mikið,“ segir Elísabet einlæg að lokum.



Halla Tómasdóttir með innblástur fyrir allar konur en hún kom að stofnun Auður í krafti kvenna, sem varð að LeiðtogaAuðum sem nú er undir hatti FKA.



FKA Fjalladrottningar er dæmi um sjálfsspróttið verkefni innan félagsins þar sem konur koma saman og efla sig. Dr. Snjólaug Ólafsdóttir leiðir hópinn þetta starfsárið.



Persónulegar stundir í bland við stóra viðburði. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra var á persónulegum nótum í Hvanneyrarkirkju hjá FKA Vesturlandi.

Hreyfiafl sem styður kvenleiðtoga

Fjárfestu ríkulega í sjálfri þér!

M eð því að vera FKA-kona ertu að fjárfesta í sjálfri þér og ert partur af hreyfiafli sem styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinar þær til aukins sýnileika og þátttöku. Í Félagi kvenna í atvinnulífinu eru konur úr öllum greinum atvinnulífsins af landinu öllu. Haldnar eru nýliðamóttökur, opunarviðburður og starfsár FKA er gríðarlega fjölbreytt víða um land – við vonumst til að þú takir virkan þátt í starfinu með því að mæta, bjóða þig fram í ábyrgðarstöður og taka að þér hlutverk.

Deildir FKA

AtvinnurekendaAUÐUR, LeiðtogaAUÐUR og FKA Framtíð eru deildirnar sem starfa sjálfstætt og frekari umfjöllun um þær má finna á síðunni hér við hliðina.

Fimm landsbyggðardeildir starfa innan FKA sem vinna með stjórn FKA og framkvæmdastjóra. Stjórnir landsbyggðardeilda greina þarfir nærumhverfisins og þetta raðir í öllum landsbyggðum.

Landsbyggðardeildirnar eru: FKA Austurland, FKA Norðurland, FKA Suðurland, FKA Suðurnes og FKA Vesturland og þess skal getið að farin verður ferð á Austurland í vor og púlsinn tekinn hjá nýjstu landsbyggðardeildinni.

Eitthvað við hæfi allra

Í FKA starfa sex nefndir sem eru verkefnadrifnar og með sérstakt hlutverk innan félagsins; alþjóðanefnd, fræðslunefnd, golfnefnd, nýir Íslendingar, nýsköpunarnefnd og viðskiptanefnd. Þessar nefndir halda viðburði sem eru öllum félagskonum opnir og þeim gjarnan að kostnaðarlausu. Það er mjög misjafnt hvað konur vilja gefa félaginu og fá út úr þátttöku en allar eiga að finna eitthvað við sitt hæfi.

Í FKA starfa ráð og þar má einnig finna nokkra óformlega hópa þar sem konur tengjast á grundvelli sameiginlegra



Yfir eitt hundrað konur af landinu öllu komu saman í VÖK Baths og sóttu stofnfund FKA Austurlands sem heppnaðist einkar vel. Óhætt að segja að konur á Austurlandi hafi stimplað sig inn með öflugum hætti.

á hugamála (hlaup, fjallaferðir og fleira) eða starfsvettvangs (mannvirkja, bókhalds og fleira). Þessi hópamyndun er góð viðbót svo fremi sem hún er gegnsæ og fagnandi.

Finna taktinn í sameiningu

Félagið er einnig stolt af mentorverkefni og hreyfiaflsverkefnum sínum eins og Jafnvægisvog, Sýnleikadegi, Viðurkenningshátíð og þannig má lengi telja. FKA fagnar nú í ár 25 ára afmæli sínu og mun gusta af starfseminni þegar haldið verður hátíðlega upp á afmælið. Að sjálfsögðu er lögð áhersla á

endurnýjun í félaginu og aldursdreifingu en við komum til með að fagna og þakka konum sem rutt hafa brautir, konunum sem við stöndum á öxlunum á.

Þessu tengt var komið á fót innan félagsins nýrri og reynslumikilli sveit kvenna sem hafa það hlutverk að virkja félagskonur á „þriðja æviskeiðinu“. Fengu þær nafnið Platinuhópur FKA en markmiðið er að þær finni fyrir sér og virði sínu og síðast en ekki síst deili þekkingu sinni og reynslu til þeirra sem á eftir koma. Mikilvægt er að kynslóðir finni taktinn í sameiningu til að takast á við áskoranir samtíms.



Tungumálið er valdataeki og lykill að samfélaginu. Grace Achieng, stofnandi og framkvæmdastjóri Gracelandic og stjórnarkona FKA, Jón Gunnar Þórðarson, Bara tala og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á málþingi. Leiðir voru ræddar á málþinginu um hvernig má þjónusta atvinnulífið með lausnum og verkfærum. Um er að ræða samstarf FKA og Bara tala sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskrí máltækni.

FKA Framtíð

Reyndar konur sem styðja aðrar konur

FKA Framtíð var upphaflega stofnað fyrir yngri konur innan félags FKA en deildin leggur mikla áherslu á virka uppbyggingu tengslanets og hagnýta fræðslu sem getur nýst sem innlegg í starfsframa og þróun, bæði fag- og persónulega. Stærsta verkefni deildarinnar er mentor-verkefnið þar sem paraðar eru saman reyndar konur úr atvinnulífinu og aðrar ungar og efnilegar konur í FKA Framtíð, sem hafa einlægán áhuga á að læra af reynslu þeirra sem eldri og/eða reyndari eru.

Sjálf á Sólveig R. Gunnarsdóttir, formaður FKA Framtíðar, góðar minningar úr starfinu sem hún segir gefa sér mikið. „Eftir viðburð hjá FKA Framtíð í jólaörtróðinni ákváðum við að hjálpa vinkonu úr stjórn sem rekur gjafavörverslun. Við söfnuðumst saman í versluninni utan afgreiðslutíma og brutum saman gjafakassa og pökkuðum pöntunum til klukkan eitt um nóttina. Sannarlega skemmtilegt og eftirminnilegt kvöld. Konur að styðja aðrar konur, það er það sem FKA snýst um.“

Betra tengslanet

Ásamt Sólveigu eru í stjórn FKA Framtíðar þær Árdís Hrafnisdóttir, Ester Sif Harðardóttir, Karlotta Halldórsdóttir, Marianna Finnbogadóttir, Sigríður Inga Svarfdal og Sjöfn Arna Karlsdóttir. Sólveig segir það sérstaklega gaman að vera formaður hjá svona frábærum hópi og það gefi sér mjög mikið. „Að fá að leiða hóp kröftugra kvenna í að byggja upp deild FKA Framtíðar er mjög gefandi. Framtíð félagsins byggist á nýliðun



Ljósmynd/Árni Sæberg

Stjórn: Árdís Hrafnisdóttir, Sjöfn Karlsdóttir, Sólveig Gunnarsdóttir, Marianna Finnbogadóttir, Sigríður Svarfdal, Karlotta Halldórsdóttir og Ester Harðardóttir sem vantar á myndina.

og framtíðarsýn yngri kvenna, ásamt stuðningi og reynslu þeirra sem eldri og reyndari eru. Mentorverkefnið er mér einnig afar kært. Að leiða saman öflugar konur, þvert á svið atvinnulífsins, er oft mikil áskorun en mjög gefandi og ef vel gengur hefur það skapað mikil tækifæri fyrir konurnar sem eru þátttakendur í verkefninu,“ segir Sólveig og bætir við að sjálf hafi hún einmitt gengið í FKA til að byggja upp betra tengslanet.

„Mitt starfssvið innan fjármálageirans hefur verið frekar karllægt og því fannst mér mikilvægt að kynna og byggja upp betra tengslanet kvenna. Jafnframt er dýrmtæt að eiga tengslanet í ólíkum iðnaði en því sem þú starfar og hrærist í sjálfur daglega. Að sækja innblástur og lærdóm til að vaxa bæði faglega og persónulega. Í dag rek ég mitt eigið ráðgjafar fyrirtæki, Sólveig Ráðgjöf, www.solveig.is, og þá er gott tengslanet ómetanlegt.“

Skólastyrkur í Bandaríkjunum

Aðspurð hvað sé hennar stærsti persónulegi sigur segir Sólveig eftirfarandi: „Faglega hef ég tamið mér að vera jákvæð og bjartsýn og fagna öllum sigrum. Ég á marga persónulega sigra í gegnum tíðina: Útskrift úr krefjandi verkfræðinámi, fá skólastyrk til að klára MBA-námið mitt í Bandaríkjunum, fá tækifæri til að vinna í alþjóðlegu fyrirtæki, stöðuhækkunir og/eða ný tækifæri í starfi hjá mismunandi fyrirtækjum á ferlinum, stjórnunarstöður og síðast en ekki síst að stofna mitt eigið ráðgjafar fyrirtæki, Sólveig Ráðgjöf.“

LeiðtogaAuður



Ljósmynd/Silla Páls

Í stjórn LeiðtogaAuðs eru Elfa Björg Aradóttir, Svanhildur Jónsdóttir, Herdís Pála Pálsdóttir, Ragnheiður Aradóttir, Harpa Böðvardsdóttir og Ása Karín Hólm sem vantar á myndina.

Hvatning, fyrirmynd og stuðningur

Að verða vitni að því oftast en einu sinni og oftast en tvisvar að konur eflist og fá meira sjálfstraust í FKA. Innst inni vita konur hvert þær vilja fara, stundum þarf bara smá speglun, smá ráð eða smá hvatningu og búmm, þær eru búnar að ná sínu markmiði eða skrefi í áttina að markmiðinu,“ segir Svanhildur Jónsdóttir formaður LeiðtogaAuða spurð að því hvað sé minnisstæðast úr starfi hennar fyrir FKA en hún gekk einmitt í FKA til að kynna fleiri konum í atvinnulífinu.

„Ég var að vinna í nokkuð karllægu umhverfi, þar hafði ég góðar fyrirmyndir en mig langaði líka að kynna fleiri konum í atvinnulífinu. Ég var forvitin að vita meira um starf FKA og ég sé ekki eftir því.“

Forystusveit íslensks viðskiptalífs

LeiðtogaAuður er deild innan FKA sem varð til í tengslum við verkefnið Auður í krafti kvenna sem stóð yfir á árunum 2000-2003. LeiðtogaAuður er fyrir konur sem hafa yfirgripsmikla stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu, bæði einkageiranum og hinum opinbera.

Félagskonur eru hluti af forystusveit íslensks viðskiptalífs sem gegna eða hafa gegnt ábyrgðarstöðum atvinnulífsins, konur sem vilja taka þátt í eflingu íslensks atvinnu-

lífs og vera þeim konum sem á eftir koma hvatning, fyrirmynd og stuðningur.

Svanhildur talar um að starf hennar hjá FKA hafi verið mjög gefandi enda tengist hún klárum og reynslumiklum konum, heyrir af áskorunum þeirra og lærir af þeim. „Það er líka gefandi að taka þátt í að vinna og móta kjarnaverkefni sem LeiðtogaAuðar vinna að hverju sinni.

Núna erum við að fara í frekara samstarf með Jafnvægisvögginu með það að markmiði að hún verði sýnilegri allt árið um kring. Verður það gert með því að varpa ljósi á samfélagsmiðlum meðal annars á staðreyndir um stöðuna í íslensku atvinnulífi og hvað fyrirtæki sem eru til fyrirmyndar í jafnrétti hafa gert til að ná fram þeim breytingum.“

Töpum á einsleitni

Enda talar Svanhildur um að stærsta áskorunin í íslensku atvinnulífi um þessar mundir sé að ná sátt um langtímakjarsamninga sem allir hagaðilar geti verið sáttir við. „Einnig tel ég brýnt að auka fjölbreytni innan framkvæmdastjórna og það er að gerast alltof hægt.

Til að mynda hefur hlutfall kvenna hækkað úr 18% í 21% frá árinu 2017 til 2023, það er aðeins aukning um 3% á sex árum, við erum öll að tapa á þessari einsleitni.“

Atvinnurekenda AUÐUR



Ljósmynd/Silla Páls

Í Atvinnurekenda AUÐI eru Bjarma Didriksen, Hrönn Margrét Magnúsdóttir, Kristín Björg Jónsdóttir, Jónína Bjartmarz, Aðalheiður Jacobsen, Ingibjörg Valdimarsdóttir, Katrín Rós Gýmisdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Aðalheiður Karlsdóttir sem vantar á myndina.

Stuðla að eigin atvinnurekstri kvenna

Atvinnurekenda AUÐUR var stofnaður fyrir rúmum tíu árum sem deild og sérstakur vettvangur innan FKA fyrir konur sem starfa fyrir eigin reikning, eru atvinnurekendur en ekki launþegar, líkt og FKA var upphaflega sérstaklega ætlað, fyrir rétt tæpum 25 árum, segir Jónína Bjartmarz formaður Atvinnurekenda AUÐS.

„Tilgangur Atvinnurekenda AUÐS er sá sami; það er að stuðla að eigin atvinnurekstri kvenna, styðja þær í rekstri sínum og efla tengslanet þeirra. Eitt meginmarkmiðið er að efnahags- og atvinnulífi okkur nýtist sá auður sem býr í krafti kvenna í eigin rekstri eins og á öðrum sviðum samfélagsins.“

Mikil fjölgun félagskvenna

Jónína talar um að það sé mjög gefandi að vera í stjórn Atvinnurekenda AUÐS: „Það sem er mest gefandi fyrr okkur stjórnkonur Atvinnurekenda AUÐS er hve félagskonum okkar hefur fjölgað, það er úr 34 stofnendum í rúmar 450 félagskonur, og hversu fjölmargar þeirra eru virkar í starfi Atvinnurekenda AUÐS, tilbúnar að taka þátt í fyrirtækjakyningnum okkar og öðrum viðburðum svo og ferðum bæði innanlands og erlendis. Virk þátttaka kvenna í fjölbreyttu starfi FKA og deilda þeirra er til þess fallin að efla og vikka tengslanet þeirra, þekkingu og reynslu.“

Spurð hvað sé minnisstæðast úr starfi

hennar fyrir FKA segir Jónína að fjölmargar góðar og skemmtilegar stundir komi upp en það sé einna helst þrennt sem sé minnisstæðast: „Í fyrsta lagi hversu mikil og góð þátttaka var á stofnfundi FKA sem við boðuðum til en þar mættu um 320 konur sem stóðu að stofnum félagsins.

Annað var þegar við, sem skipuðum fyrstu stjórnina, afhentum Hillary Clinton forsetafrú Bandaríkjanna fyrstu viðurkenningu félagsins fyrir að vera konum í atvinnurekstri sérstök hvatning og fyrirmynd.

Loks er fundur lítills hóps okkar með Madeleine Albright utanríkisráðherra mjög eftirminnilegur. Hún kom hér í opinberum erindagerðum en hafði sérstaklega óskað eftir að hitta okkur, konur sem fórum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og utanríkisráðuneytisins til fundar við konur í baltnesku löndunum og Rússlandi sem mentorar. Héðan fóru með litlum fyrirvara í kringum 17. júní 2000, að mig minnir, átta FKA-konur en ekki nema 2-3 konur frá hverri hinna Norðurlandabjóðanna.“

Samfelld sigurganga

Spurð hver sé hennar stærsti persónulegi sigur segir Jónína: „Líf mitt er ein samfelld sigurganga í að leysa verkefni vel af hendi og tækla margvíslegar áskoranir og hindranir, eins og gengur og gerist með okkur flest.“

Iða Brá og Svana Huld gegna mikilvægum störfum hjá Arion banka.



Ljósmynd/Kristinn Magnússon

Viljum jafna þátttöku kynjanna á fjármálamarkað

Munurinn eykst þegar fram í sækir

sland hefur verið í fararbroddi jafnréttismála á heimsvísu síðastliðin 14 ár. Sú staða varð ekki til af sjálfu sér, þar þurfti samhent átak til, vitundarvakningu og baráttu hugrakkra kvenna og bandamanna þeirra. Mér finnst svo áhugavert að þrátt fyrir að við séum best í heimi í jafnrétti þá eru tölur hvað varðar fjárfestingar nákvæmlega eins hér og í öðrum löndum," segir Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs hjá Arion banka.

Iða Brá hefur starfað hjá Arion banka og forverum hans frá árinu 1999 er hún kom fyrst til starfa hjá greiningerdeild bankans. Á þeim tíma hefur hún gegnt ýmsum störfum innan bankans, síðast sem framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs frá 2016 til 2017. Áður hafði Iða Brá meðal annars verið forstöðumaður samskiptasviðs, einkabankapjónustu og í fjárfestingu bankans. Iða er varaformaður stjórnar Varðar og hefur setið í stjórn nokkurra fyrirtækja: Sparisjóðs Ólafsfjarðar, AFL – sparisjóðs, fasteignafélagsins Landfesta og HB Granda hf.

„Við í Arion banka viljum leggja okkar af mörkum til að jafna þátttöku kynjanna á fjármálamarkaði. Við erum því að fara af stað með langtíma átaksverkefnið Konur fjárfestum - vertu með!, þar sem markmið er að efla konur þegar kemur að fjárfestingum. Sambærilegum verkefnum hefur verið ýtt úr vör á öðrum Norðurlöndum með góðum árangri, segir Iða Brá. „Í okkar huga er þetta samfélagslega mikilvægt verkefni – þetta er í raun mikilvægt jafnréttismál. En þar til viðbótar sjáum við mikil viðskiptatækifæri í því að efla konur til fjárfestinga. Við ætlum einfaldlega að stækka kökuna.“

Efla stöðu kvenna

Svana Huld Linnet, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Arion banka, telur að hluti ástæðunnar fyrir því að konur eru ekki þátttakendur til jafns við karla þegar kemur að fjárfestingum og fjármálum hljóti að liggja í aðgengi að upplýsingum og möguleikum á því að ræða þessi mál og skiptast á skoðunum. „Við ætlum því að fara í þetta langtímaátaksverkefni með það að markmiði að efla stöðu kvenna þegar kemur að fjárfestingum," segir Svana Huld sem fullyrðir að öll framkvæmdastjórn og stjórn bankans standi 100% á bak við verkefnið sem hefur verið leitt af Snædís Flosadóttur á mörkuðum ásamt fleiri öflugum konum í bankanum.

Svana Huld er viðskiptafræðingur að mennt og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hún hefur gegnt starfi

forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans frá árinu 2019 en starfaði áður í fyrirtækjaráðgjöf Arion banka um átta ára skeið. Svana hefur leitt mörg stór verkefni á fjármálamarkaði á undanföllum tíu árum, þar á meðal kaup og sölu fyrirtækja, skráningar félaga á markað og endurfjármögnun. Svana Huld hefur einnig starfað hjá Exista, Kauphöllinni og sem verðbréfamiðlari hjá Búnaðarbankanum.

„Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er gríðarlega mikilvægt og í stað þess að sitja og tala um það ákváðum við að leggja okkar að mörkum til þess að jafna kynjahlutföllin í fjárfestingum. Það eru margar spurningar sem vakna þegar staðan er rædd eins og til dæmis hvort að það vanti fyrirmyndir? eða er viðhorf kynjanna til áhættu, eins og reyndra erlendrar rannsóknir gefa til kynna, ekki það sama? Okkur varð fljótt ljóst að fjölbreytileikinn er mikilvægur og konur vilja líklega aðra nálgun og því þyrftum við að breyta okkur til að mæta þeirra óskum og þörfum.“

Lykilláttur þessa verkefnis er einfaldlega hvatning og fræðsla á aðgengilegu formi. „Samhliða því að við setjum auglýsingaherferð af stað í næstu viku munum við opna sérstakan vef átaksins og þar verður hægt að nálgast upplýsingar um allt sem gott er að vita um fjárfestingar, lífeyrissjóði, sparnað og annað er máli skiptir fyrir fjárhagslegt heilbrigði og sjálfstæði," segir Svana Huld og bætir við: „Þá verðum við einnig með fyrirlestraröð, viðtöl við konur, spjallhópa og ýmsa viðburði sem ég hvet allar konur eindregið til að taka þátt í.“

Markmiðið er að byggja upp samfélag kvenna sem hafa áhuga á fjármálum og fjárfestingum og hvetja aðrar konur til að setja sig inn í þann heim og taka þátt í honum. Við höfum horft til Norðurlandanna í okkar vegferð og þá sérstaklega Noregs en hjá bankanum DNB í Noregi hefur verið unnið að sambærilegu verkefni með frábærum árangri frá árinu 2020. Árangurinn og ánægjan með verkefnið hefur verið þess eðlis að það hefur dreift úr sér og hóf sem dæmi göngu sína í Svíþjóð á árinu 2023 og nú hér á Íslandi árið 2024," segir Svana Huld.

70 ár til að ná jafnri skiptingu

Skipting fjármagns þegar kemur að fjárfestingum, samkvæmt gögnum Arion banka og gögnum Kauphallarinnar, er að jafnaði um 65/35. Það er að segja konur fara fyrir um 35% fjármagns og karlar um 65%. „Hvað varðar eign í hlutabréfum á landsvísi er skiptingin um 70/30 samkvæmt tölum

Kauphallarinnar og svipaða sögu má sjá hér hjá okkur. Þegar skoðuð er eign í verðbréfasjóðum er skiptingin aftur um 65/35 körlum í vil og skipting eigna í séreignarsparnaði Arion banka, Lífeyrisauka, er um 60/40," segir Svana Huld.

„Við sjáum aukningu í eign á vörslusöfnum þar sem verðbréf eru geymd hjá okkur, en haldi sú aukning áfram með sama hraða mun það hins vegar taka 70 ár að ná jafnri skiptingu. Það er eitthvað sem við sættum okkur að sjálfsgöðu ekki við.“

Það er hins vegar ekki eintómt svartnætti í gögnum okkar. Ljós í myrkrinu. Við getum lesið út úr þeim aukinn áhuga hjá konum og þá sérstaklega hjá ungum konum. Við sjáum það að fjöldi kvenna með vörslusafn hjá bankanum hefur aukist um 45% á síðastliðnum þremur árum og er hlutfall kvenna með vörslusafn hjá okkur nú 42%.“

Hvattar til þátttöku

Iða Brá segir konur hafa sótt í sig veðrið á undanföllum áratugum á öllum sviðum, meðal annars í atvinnulífinu. „Þar sjáum við til dæmis að konur eru í dag um 22% framkvæmdastjóra stórra fyrirtækja, sem er mikil aukning frá árinu 1999 þegar konur voru einungis um 5% þeirra sem stýrðu stórum fyrirtækjum landsins. 22% er hins vegar nokkuð langt frá 50%," segir Iða Brá.

„Við sjáum þennan sama mun endurspeglast í tekjudreifingu ef við skoðum tekjutiundir, en inni í þeim tölum eru bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Þegar horft er til lægri tekna er munur milli kynja ekki ýkja mikill en eftir því sem við færum okkur ofar eykst munurinn og í topp 10% teknanna er munurinn orðinn 26% og 45% þegar komið er í efsta 1%.“

Þá fullyrðir Iða Brá að upphaf þessa verkefnis má rekja til þess þegar starfsfólki Arion banka varð tíðrætt um mikilvægi þess að virkja konur til að fjárfesta í meira mæli og mæta þeim á þeirra forsendum. „Við áttuðum okkur á því að líklega vilja konur aðra nálgun og því þyrftum við að breyta okkur, til að mæta þeirra óskum og þörfum," segir Iða Brá.

Iða Brá segir að það sé komið að jákvæðum breytingum með markmiði þessu, enda eykst munurinn þar þegar fram í sækir. „Það er okkar að taka við keflinu og taka forystu á þessu sviði. Því hvetjum við allar konur til að vera með í þessu átaki með okkur. Látið vinkonur ykkar, frænkur, mæður og dætur vita, mætið á viðburði þar sem fjallað er um fjárfestingar, horfið á streymi og takið konurnar í lífi ykkar með.“

Heimsins mesta úrval næðisrýma

silen SPACE

Allt að A flokki í næði, skv. ISO 23351-1



Vinsælasta línan sem
gefur mesta næðið og flesta
möguleikana



Endurbætt útgáfa
af Silen rýmum, nú með
hjólástólaaðgangi



Þarf aðeins að
stinga í samband



25-30% meiri
loftgæði en klefar frá
samkeppnisaðilum



Á hjólum



Rafmagns-
og USB tengi í
hverjum klefa



Allt að 40db
hjóðeinangrun
Flokkur A skv. ISO 23351-1



Fyrir allt
að 12 manns

MINDSPA®



Hvíldarherbergi
af bestu gerð

CHATBOX BY SILEN



Einfaldleikinn
ræður för

silenbridges



Skjól fyrir
opin rými

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verlun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Bakarið 17 sortir er með litla búð í Hagkaup í Smáralind

Íslenskt handverk í litlu bakaríi

Ég held að fólk haldi oft að við séum miklu stærri en við erum en við erum bara lítið bakarí. Oft virðist fólk halda að þetta sé meiri framleiðsla en þetta er," segir Sýlvía Haukdal Brynjólfsdóttir, annar eigandi 17 sorta. „Við erum eingöngu átta manns sem störfum hjá 17 sortum. Ég held að fólk haldi oft að þetta sé meiri framleiðsla en þetta er.“

Auður Ögn Árnadóttir, hinn eigandi 17 sorta, tekur undir það. „Við gerum allar kökur í höndunum á nákvæmlega sama hátt og ef ég væri að gera þær í eldhúsinu heima hjá mér. Þetta er alvöru íslenskt handverk og ég held að fólk átti sig ekki alltaf á því.“

Lítill búð inni í Hagkaup

Auður Ögn stofnaði bakaríð 17 sortir árið 2015 en hún var lengi búin að ganga með þessa hugmynd í maganum. „Ég var ekkert viss um að ég ætlaði að gera eitthvað í þessum draumi mínum en svo sá ég auglýst pláss niðri á Granda í gömlu verbúðunum. Mér fannst það svo rosalega sjarmerandi staður að ég hugsaði með mér að ég myndi prufa að henda inn umsókn, það yrði örugglega svo mikil aðsókn í þetta að ég fengi plássíð örugglega ekki. Svo hafði ég bara rangt fyrir mér. Ég var ein í sex ár með 17 sortir í Granda og svo opnaði ég í Kringlunni. Þá kemur Covid, ég dreg aðeins saman seglin með því að loka á Granda og halda búðinni í Kringlunni opinni," segir Auður sem fór þá að endurskoða hvað hún vildi gera með bakaríð og hvert hún vildi stefna.

„Ég fór því til Hagkaups með þá hugmynd að ég yrði með litla búð inni í búðinni í Smáralind. Þetta var mikil breyting, eiginlega svoltið eins og að stofna fyrirtæki upp á nýtt. Það þurfti að opna nýja vinnslu, loka búðum, skoða nýjar umbúðir og fleira í þeim dúr.“

Þekktumst ekki áður en við urðum meðeigendur

Auður talar um að á þessum tímamarki hafi sér ekki fundist hún anna þessu því það var svo mikið um að vera. „Mig var lengi búin að dreyma um að hafa meðeiganda í fyrirtækinu, einhvern sem ég gæti stutt mig við, góðan stuðningspúða fyrir hugmyndir og bara til að vera með mér í þessu. Eva Laufey, markaðs- og upplifunarstjóri Hagkaups, leiddi okkur Sýlvíu svo saman en við tvær þekktumst ekki áður," segir Auður og hlær þegar blaðamaður hvár.

Sýlvía gripur orðið: „Við erum báðar svo hressar og skemmtilegar að þetta gat ekki annað en verið gott. Ég var með mitt eigið bakarí sem ég opnaði einmitt þegar Covid var að byrja og það lifði faraldurinn ekki af. Ég ætlaði mér því alls ekki í þennan pakka aftur og var komin með upp í kok. En svo hringdi Auður og einhvern veginn er ég komin hingað og búin að vera í ár. Það munar mjög miklu að vera tvær saman í þessu, að geta stutt hvor aðra og komist einstaka sinnum í fri.“

Auður tekur undir það og segir að innkoma Sýlvíu hafi alveg breytt leikum fyrir sig. „Ég finn það eftir að Sýlvía kom inn að ég var búin að reyna alltof lengi að vera ein í þessu. Ég finn svo svakalega mikinn mun. Ég held að þrjóska hafi haldið mér í þessu því þegar þú ert ein þá ertu aldrei í hvíld, þú ert alltaf í vinnunni.“

Allar veitingarnar í stíl

Eins og áður sagði eru 17 sortir með litla búð inni í Hagkaup í Smáralind og þar er bakaríð líka. Þaðan eru vörur sendar út í allar Hagkaupsverslanir ásamt því að vera með sérpantanir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. „Við erum komnar með fimm útsöluastaði í staðinn fyrir að vera bara með okkar eigin búð og það breytir töluvert miklu. Þetta er mikill þægindaauki fyrir viðskiptavininn," segir Sýlvía. „Það eru ákveðin þægindi að þurfa ekki að gera sér sérferð í einhverja kökubúð heldur geturðu gripið köku með þér þegar þú verslar.“



Auður Ögn Árnadóttir og Sýlvía Haukdal Brynjólfsdóttir eru eigendur 17 sorta, sem er lítið bakarí sem sérhæfir sig í einkar glæsilegum veitingum á veisluborðið. Kökurnar þeirra eru mjög vinsælar sem og glæsilegir veislubakkar.

Aðspurðar hvað sé vinsælast hjá þeim segja Auður og Sýlvía að það sé mikið um tiskusveiflur í þessu sem öðru, bæði hvað varðar bragð og útlit. Sýlvía talar um að í gamla daga hafi fólk kannski verið með hlaðborð af marenstertum.

„Í dag hefur fólk færri tegundir en kaupir það frekar tilbúið. Og svo er þetta smá eins og að vera með listaverk á borðinu að vera með eina svona köku í stað þess að vera með fullt borð.“

Auður tekur undir það og bætir við að það sé líka vinsælt að hafa allar veitingarnar í stíl. „Ef viðskiptavinur pantar til dæmis hjá okkur litlar bollakökur, makkarónur og stóra tertu á tveimur hæðum þá höfum við það allt í stíl. Það er til dæmis mjög vinsælt að kaupa svona 90 bita veislubakka á borðið með alls konar gúmmelaði, það hentar fyrir alla og er fallett líka.“

Hugleiðsla að baka

Auður og Sýlvía hafa báðar haft áhuga á bakstri og matargerð frá unga aldri. Sýlvía talar um að móðir hennar hafi kveikt áhugann hjá sér en hún ólst upp úti á landi. „Það var alltaf verið að baka 100 sortir og alltaf eitthvert bakkelsi til.

Ég var einhvern veginn alltaf að dúllast með mömmu í eldhúsinu að baka og svo hélt ég bara einhvern veginn áfram. En ég fattaði ekki fyrr en ég fullorðnaðist að þetta væri eitthvað sem ég gæti unnið við. Ég er svona ör manneskja sem getur ekki setið við tölvu, ég þarf að vera að gera eitthvað.“ Þá talar Auður um að maður fái mjög mikla útrás fyrir sköpunarþörfina að gera kökur. „Ég er að skapa og búa til eitthvað nýtt. Engin kaka er eins og önnur.“

Sýlvía tekur undir það og bætir við að þegar bakstur sé eitthvað sem maður hafi áhuga á líka þá verði þetta svona hálfgerð hugleiðsla. Sérstaklega þegar þær fái frjálsar hendur. Uppáhaldskúnnarnir séu þeir sem gefi þeim frjálsar hendur. „Þá gerast bestu hlutirnir," segir Sýlvía og þær hlæja báðar.

„Við vinnum ótrúlega vel saman," segir Auður og Sýlvía er sammála. „Við erum nógu líkar til að þola hvor aðra. Nógu ólíkar og nógu líkar. Við erum báðar þannig að við tökum hlutina svoltið á hörkunni og erum báðar með sterka sýn. Ef það er eitthvað sem við viljum láta ganga upp þá gerum við það," segir Sýlvía að lokum.

Glæsilegar þýskar innréttingar



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.

innlifun.is



Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, hundaræktandi og viðskiptakona með meiru.

„Það skemmtilegasta sem ég geri er að byggja upp vörumerki“

Frábær lexía fyrir mig að stofna fyrirtæki á tímum lágsveiflu

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Gæludýr.is og Home&You, er mamma, amma, eiginkona, vinur, vinkona og FKA-kona og situr í stjórn FKA. Hún er einnig viðskiptakona og hundaræktandi sem brennur fyrir þeim draumi að gera Ísland að betra landi fyrir gæludýr auk þess að byggja upp skemmtileg vörumerki. Árið 2009 stofnaði hún Gæludýr.is ásamt eiginmanni sínum, Eiríki Ásmundssyni, og 2015 stofnuðu þau heildverslunina Petmark ehf. og árið 2022 festu þau kaup á versluninni Home&You. Saman eiga þau Eiríkur fimm börn, þrjú barnabörn og fimm hunda.

„Mitt hlutverk er að sjá dýrum og gæludýrum fyrir góðri næringu og góðum vörum af miklum gæðum. Ég held líka að það styðji vel við þennan markað, enda orðið þannig að um 40% af heimilum á Íslandi eru með gæludýr,“ segir Ingibjörg. Markmið verslunarinnar er að tryggja gæludýraeigendum vörur fyrir gæludýrin á hagstæðu verði. Gæludýr.is býður einnig upp á ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu og kemur einnig vörnum á flutningsaðila fyrir fólk á landsbyggðinni.

„Þar sem hjartað slær eða minn drifandi snýst um er að þessi markaður verði betri en hann var þegar ég kom fyrst inn í hann, að það sé auðveldara aðgengi að góðu föðri og fylgihlutum,“ segir Ingibjörg. „Góð þekking skiptir mig líka gífurlega miklu máli. Ég legg mikið upp úr því að þjálfra starfsfólkið mitt. Það skiptir öllu að starfsfólkið mitt þekki vörurnar sem það er að selja, þekki hvað þær geri og af hverju við þurfum að nota þær. Það eru svo margar spurningar sem koma upp og þarf að huga að: Af hverju þarf að leika við ketti? Af hverju þurfa hundar að fá heilaþrautir? Hversu miklu máli skiptir feldhirða?“

Létu hrunið ekki stoppa sig

Þegar Gæludýr.is fór fyrst í loftið var verslunin eingöngu rekin á vefnum, en til að auka þjónustu við viðskiptavini var látið vaða með að opna fyrstu lágvöruverðsverslunina með gæludýravörur við Skútuvog 13. Það var svo í lok október 2010 að Gæludýr.is lokaði versluninni í Skútuvogi og opnaði stórmarkað með gæludýravörur á Korputorgi. Í nóvember 2011 opnaði Gæludýr.is annan á Smáratorgi 1. Þann 28. febrúar 2017 opnaði Gæludýr.is nýja verslun í Helluhrauni í Hafnarfirði. 2018 var opnuð verslun á Fiskislóð í Reykjavík



Ljósmynd/Árni Sæberg

Vöruúrval Home & You er mjög litskrúðugt en náttúrulegir litir eru ekki síðar vinsælir.

og í september 2020 stórverslun þeirra á Akureyri. Ingibjörg, sem er viðskiptafræðingur með mastersgráðu í árangursstjórnun, starfaði áður sem mannauðsstjóri hjá Matis 2005-2008 og hugbúnaðarfyrirtækinu Teris á árunum 2008 til 2010.

„Að sögn Ingibjargar varð hugmyndin að því að stofna gæludýraverslun fyrst til þegar hún bjó í Danmörku með fjölskyldu sinni. „Þegar við bjuggum erlendis vann maðurinn minn með námi í gæludýraverslun, svona stórra keðju. Hann hafði alltaf verið með þann draum að stofna sinn eigin rekstur. Svo komum við heim og þetta blundaði alltaf í okkur, þessi hugmynd að stofna verslun af þessu tagi. Við fluttum þá þessa hugmynd með okkur heim úr náminu,“ segir Ingibjörg, en þegar loksins var ákveðið að setja hana í framkvæmd stefndi Ísland í efnahagshrunið. „Þetta var 2008 þar sem við ætluðum að sjá fram á að byrja. Svo kemur október og það muna allir eftir þeim tíma og hvernig það fór. Þá er hringt og spurt okkur hvort við viljum ekki biða með þetta. Þá var búið að undirbúa alla viðskiptaáætlun og við ákváðum að halda áfram.“

Þá segir Ingibjörg að reksturinn hafi verið byggður upp frá grunni og með miklu

skipulagi. „Við vorum búin að safna okkur smá sparífé, sem var eiginlega námslán mannsins míns. Hann var alltaf að vinna með námi, þannig að hann notaði ekki námslánin sín í reksturinn á fjölskyldunni. Gæludýr.is er í rauninni stofnað í boði LÍN,“ segir Ingibjörg og hlær.

„Þannig byrjaði boltinn svolítið að rúlla, en að stofna fyrirtæki í hruninu er ekkert grín. Það þýddi ekkert að hringja í bankana til að fá einhver lán á þessum tíma. Þetta var strax rosalega mikið aðhald í rekstri og við hugsuðum mikið hvert skref. Það er rosalega góð lexía að stofna fyrirtæki í lágsveiflu að mínu mati. Það er ekkert sjálfsgagt. Svo leiddi eitt af öðru og fyrirtækið fór að vaxa og dafna. Þú byggir ekkert svona upp nema að vinna mjög mikið sjálfur. Í dag erum við komin með fimm verslanir.“

Gæludýr.is er ein stærsta gæludýraverslun landsins sem rekin er bæði á netinu sem og í hefðbundinni verslun en lagt er mikið upp úr því að vöruúrvalið sé með besta móti. Verslunin býður upp á allt fyrir gæludýr á einum og sama staðnum: föður, ólar, tauma, beisli, fatnað, leikföng, búr, þrautir, bæli og allt sem tengist gæludýrum á einn hátt eða annan. Hefðbundnar verslanir Gæludýr.is eru til húsa

á Smáratorgi, Bildshöfða, Fiskislóð, Hafnarfirði og Baldursnesi á Akureyri.

Tveggja ára markmið

„Það skemmtilegasta sem ég geri er að byggja upp vörumerki. Mér finnst það geggjað, að geta styrkt verslun og starfsemi í sessi,“ segir Ingibjörg. Í nóvember síðastliðnum opnaði Home&You nýja og stórglæsilega verslun í Smáralind. Þá rekur Ingibjörg söguna af aðkomu hennar að vörumerkinu og markmiðinu sem hún setti sér til að koma því á loft. „Það var bara þannig að ég labbaði einn daginn inn í þessa búð í Skeifunni. Mér fannst hún lítil og svona troðin en það var alveg ofboðslega mikið af fallegum vörum, vönduðum og góðum vörum á góðu verði. Það fyrsta sem ég hugsaði var: „Vá, hvað þessi búð er á vitlausum stað.“ Mér fannst þessi búð eiga svo vel heima í Kringlunni eða Smáralind,“ segir Ingibjörg.


„Síðan sá ég búðina auglýsta til sölu og ég ákvað bara að stökkva og kaupa. Ég rak hana fyrst þarna í Skeifunni og setti mér það markmið að flytja hana í Kringluna eða Smáralind innan tveggja ára. Það hafðist síðan, á einu og hálfu ári.“

Um er að ræða keðju af húsbúnaðarverslunum með heimilis- og gjafavörum en verslunin er orðnar hátt í 200 talsins í Evrópu og vöxturinn verði afar hraður síðustu ár að sögn Ingibjargar. Hún segir frábært úrval af smávörum einkenna verslunina. „Við erum lítið í stærri húsgögnum en ef þú ert að leita að frábærum gjöfum eða vilt lifga upp á eigið heimili eru allar líkur á að þú finnr réttu hlutina hjá okkur. Fólk hefur oft komið inn til að finna góða gjöf en labbað svo út með gjöfina og fullan poka í viðbót fyrir sjálf sig,“ segir Ingibjörg. „Við Íslendingar getum verið svo miklir hrafnar inn við beinið, glitrandi vörurnar okkar grípa fólk mikið. Við höfum stundum sagt það sé hægt að koma til okkar og „blinga“ upp heimilið.“ Ingibjörg segir að árið 2024 fari í það að byggja upp og markaðssetja Home&You. „Mér finnst þessi markaður svo ótrúlega skemmtilegur,“ segir hún.

„Ég sem mikill fagurkeri hef gaman af því að vinna með fallegar vörur, en þetta ár fer annars vegar í Home&You og hins vegar erum við að flytja Petmark-heildverslunina okkar í nýtt húsnæði sem við erum að innrétta núna, auk þess að halda vel við rekstur Gæludýr.is.“

Fyrsta fyrirtækið til að hljóta vottun Samtakanna '78

Fjölbreytileiki er tækifæri til framtíðar



Igerðin er fyrsta fyrirtækið til að hljóta vottun Samtakanna '78 sem hinsvegin-vænn vinnustaður, en fyrirtækið hefur alltaf verið framsækið fyrirtæki þar sem starfsfólkið óttast ekki breytingar. Þetta segir Heiðís Björnsdóttir og segir hún að það hafi verið kjarnamarkmið hjá fyrirtækinu að setja fjölbreytileikann upp á næsta stig. Heiðís er annar tveggja mannaútsstjóra hjá Ölgerðinni; hinn er

Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir.

„Í fjölbreytileikanum leynast tækifærin. Með framsýni og fjölbreytileika trúum við að við verðum eftirsóknarverðari vinnustaður og löðum að okkur hæfasta fólkið. Þannig náum við lengra,“ segir Heiðís.

„Árið 2020 hóf Ölgerðin þá vegferð að skoða vinnustaðamenningu fyrirtækisins út frá fjölbreytileika. Vinnustaðamenningin var greind með sérstakri áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika og stefnumið sett. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu starfsfólks og jöfnum tækifærum á flestum sviðum, óháð kyni, aldri og uppruna, koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Markmiðið er að Ölgerðin sé eftirsóknarverður vinnustaður í huga fólks.“

Þá segir Jóhanna að þetta sé verkefni og vegferð sem ekki er hægt að setja lokapunkt á. „Það verða alltaf bæði ný tækifæri og nýjar áskoranir sem fylgja bæði tíðarandanum og kynslóðum,“ segir hún.

Íslenskt viðskiptalíf verði fyrirmynd

Jóhanna segir að unnið sé markvisst að því að útrýma fordómum hjá Ölgerðinni og eru allir velkomnir. „Einn þáttur í því er að jafna hlut kvenna innan fyrirtækisins. Samkeppni um starfsfólk er mikil og metnaður fyrir því að Ölgerðin sé fyrsti kostur fólks sem sækir um störf hjá fyrirtækinu og þeirra sem starfa hjá því nú þegar,“ segir Jóhanna og bætir við:

„Það hefur einnig farið mikil vinna í að skapa inngildandi vinnustað, breytt var öllum salernum í kynhlutlaus salerni, bætt við búningsherbergi fyrir konur þar sem áður voru aðeins karlaklefar og úttekt var gerð á aðstöðu fyrir hreyfihlaða.“

Hjá Ölgerðinni starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks með mismunandi bakgrunn. „Við þurfum að ná til allra. Við erum meðvituð um að orðalag okkar snúi að öllum kynjum, til dæmis í auglýsingum, hvort sem er auglýsingum á vörum og þjónustu eða atvinnuauklýsingum,“ segir Heiðís.



Heiðís Björnsdóttir hefur verið starfsmaður hjá Ölgerðinni frá byrjun árs 2017.



Jóhanna Laufdal Friðriksdóttir hefur sinnt ýmsum störfum hjá Ölgerðinni í gegnum árin.

Áfram og upp



Leiðtogaþjálfun - Markþjálfun
Teymisþjálfun & hópefli
Vinnustofur / Fræðsla
Streitustjórnun
Lausn samskiptavanda - Samskiptasáttmáli
Klínísk dáleiðslumeðferð
Hjónamarkþjálfun
Heilun

„Mannrækt er málið“ eru einkunnarorð Aldísar Örne Tryggvadóttur þar sem hún brennur fyrir að vinna með fólki að sjálfsrækt og sigrum. Aldís Arna er PCC gæðavottaður markþjálfari frá International Coaching Federation (ICF), sérfræðingur í dáleiðslutækni hugrænnar endurforritunar, reikimeistari og fyrirlesari um samskipti, streitu- og vellíðunarstjórnun. Þá er hún með próf í viðskiptafræði, verðbrefaviðskiptum, líkamsrækt og frönsku fyrir atvinnulífið. Hjartanlega velkomið að hafa samband á: aldisarna@hv.is



„Við skrifuðum undir Jafnvægisvögina í október 2022. Markmið jafnvægisvogarinnar er að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60-kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana á Íslandi. Horft er til þess að íslenskt viðskiptalíf verði fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir.“

Fræðsla um hinseginleikann

Jóhanna segir einn lið þessa markmiðs vera að vinna markvisst að starfsþróun í millistjórnendahópum. „Við höfum verið með öfluga fræðslu um jafnréttismál og erum meðvituð um orðalag og hvernig við tölum og komum fram hvert við annað. Allt upplýsingaefni rýnum við einnig með tilliti til þessa ásamt því að hafa það á bæði á íslensku og ensku. Markmiðið er að skapa vinnustað fyrir alla með menningu án fordóma og er hinseginvottun hluti af því markmiði,“ segir hún.

„Við höfum samstarf með Samtökunum '78 í maí síðastliðnum. Í kjölfarið var fræðsla til starfsfólks um hinseginleikann, kannanir framkvæmdar og úttektir gerðar á stefnum, vinnuumhverfi og menningu með hinseginleikann í huga. Því ferli er nú formlega lokið með vottun af hálfu samtakanna.“

Heiðís lýsir þá reynslu sinni af því sem gerir góðan vinnustað enn betri. „Það að setja sér markmið í málefnum tengdum fjölbreytileika og jafnréttismálum opnar augu okkar og kemur í veg fyrir að við heltumst úr lestinni og verðum eftir,“ segir Heiðís. „Til að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og andrúmsloft á vinnustað þar sem fólk vill vera verðum við að leggja áherslu á að hafa fjölbreyttan hóp af fólki sem er bæði skapandi og framsækið og er tilbúið að takast á við þær áskoranir sem fram undan eru.“

ALLT SÆTT FYRIR

Veisluna





17
SORTIR
CAKES & TARTS

WWW.17SORTIR.IS

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni FKA

Við töpum öll á einsleitni í atvinnulífinu

Í við gefum okkur að konum fjölgi í framkvæmdastjórn-um líkt og verið hefur er það ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2048 sem markmiðið um jafnari hlut verður að veruleika,“ segir dr. Ásta Dís Óladóttir formaður Jafnvægisvogarráðs sem telur arftakaáætlun

nytsamlega aðferð fyrir æðstu stjórnendur og stjórnir félaga til þess að stíga það skref að breyta stöðunni til batnaðar í jafnréttismálum. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni FKA og á ráðstefnu í haust var kynnt mælaborð sem er áhugavert á heimsvísu.

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni FKA og forsætisráðuneytisins sem sett var á laggirnar árið 2017. Markmiðið þá var að árið 2027 yrði hlutfall kynja í framkvæmdastjórnarstöðum 40/60.

Jafnréttismál ekki einkamál kvenna

„Verkefni á borð við jafnvægisvogina er afar mikilvægt en við sjáum það í dag að það þarf stuðning fleiri aðila,“ segir Ásta Dís þegar hún er spurð um mikilvægi Jafnvægisvogar. „Stjórnir, stjórnendur, fjárfestar og stjórnvöld þurfa að koma betur að þessu verkefni því þetta er ekki einkamál kvenna eða FKA. Þegar verkefnið fór af stað árið 2017 töldu margir í atvinnulífinu þetta afar háleitt markmið enda var hlutfall kvenna í framkvæmdastjórnunum einungis 18% og engin kona gegndi stöðu forstjóra í skráðu félagi.

Því miður er þróunin ekki jafn hröð og við hefðum viljað sjá og hlutfall kvenna meðal framkvæmdastjóra er í dag 21%. Þess utan er samfélagið að breytast hratt og breytum fjölgar, nú eru ekki bara tvö kyn, þá eru enn fleiri þættir sem skipta máli til þess að draga úr einsleitni og auka fjölbreytni,“ segir Ásta Dís og talar um að hún sé einstaklega heppin með samstarfsaðila og fulltrúa samstarfsaðilanna sem mynda jafnvægisvogarráð.

„Aðilar frá Creditinfo, Deloitte, Pípar\TBWA, RÚV, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjóvá sitja í ráðinu. Þá er forsætisráðuneytið sérstakur bakhjarl verkefnisins.“

Áhugavert mælaborð

„Deloitte hefur hannað fyrir Jafnvægisvogina mælaborð sem er áhugavert á heimsvísu og gæti orðið öðrum til eftirbreytni,“ segir Ásta Dís stolt af sínu fólki og hvetur öll til að skoða það. „Þá hafa verkefnastjórnir verið tveir sem ég hef unnið með sem formaður ráðsins, Thelma Kristín Kvaran og Bryndís Reynisdóttir, en þær hafa verið ómetanlegar í öllu starfi Jafnvægisvogarinnar og mig langar að nota tækifærið og þakka þeim og ráðinu fyrir sitt framlag til jafnréttismála sem og framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róbertsdóttur.“

Telur þú að við náum þessu markmiði árið 2027? „Ég tel mig geta fullyrt það ef atvinnulífið heldur áfram á sömu braut og undanfarin ár og gefum okkur að 10% fyrirtækja skipti um framkvæmdastjóra á hverju ári. Konur eru 25% af nýráðnum framkvæmdastjórnunum í dag og ef við gefum okkur að þeim fjölgi líkt og verið hefur um eitt prósentustig á ári þá er það ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2048 sem



Tilgangur Jafnvægisvogarinnar er meðal annars að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja að minnsta kosti 40/60 í framkvæmdastjórnunum fyrirtækja en það er langt í að það markmið náist.



Ljósmynd/Silla Páls

Dr. Ásta Dís Óladóttir, prófessor við Háskóla Íslands og formaður Jafnvægisvogarinnar.

markmiðinu verður náð og það er óviðunandi, við þurfum öll að leggjast á eitt,“ leggur Ásta Dís áherslu á.

Fleiri en einn leiðtogastill

En hvað með kynin, eru þau ólík þegar kemur að stjórnun að mati Ástu Dísar? „Þekking á árangursríkri forystu hefur verið að þróast frá því að snúast um frekar einsleita hæfileika leiðtogans yfir í það að lítið er til fjölbreyttra hæfileika sem byggjast á þekkingu og þjálfun með áherslu á stefnufestu og samskipti.

Viðhorf til árangursríkrar forystu hafa í gegnum árin verið tengd karllægum eiginleik-

um svo sem ákveðni og hæfileika til áhrifa en hæfileikar til félagslegra samskipta eru frekar taldir tengjast kvenlægum eiginleikum. Við þekkjum það hins vegar að raunveruleg hæfni leiðtoga liggur í því að nýta fleiri en einn leiðtogastill sem miðast við aðstæður og verkefni hverju sinni. Leiðtogar aðlagast aðstæðum til að mæta þörfum viðskiptavina og samstarfsfólks og til að mæta áskorunum til að mynda fjórðu iðnyltingarinnar með miðlun þekkingar og upplýsinga og leiða þannig breytingar með skilningi og hæfileikum fjölbreytts hóps starfsfólks.

Hæfileikar leiðtoga til að efla samvinnu og samstöðu, skerpa sýn og ábyrgðarskyldu reynast mikilvægir á tímum breytinga, mikils álags eða áfalla þar sem sveigjanleiki og aðlögunarhæfni geta skipt sköpum. Þá er það alveg ljóst að gildi umhyggju og trausts í fari leiðtoga kom berlega í ljós sem lykilmáttur í hæfni stjórnmalaleiðtoga á tímum heimsfaraldurs covid-19. Þessir þættir eru einkennandi fyrir áherslur kvenna í forystu og stjórnun.“

Kynjakkvótalögin hafa skilað árangri

Konur hefur fjölgað í stjórnun en þeim fjölgar hægt í æðstu stöðum, hvernig er hægt að laga það að þínu mati? „Það er alveg ljóst að kynjakkvótalögin sem sett voru árið 2010 og voru að fullu innleidd árið 2013 hafa skilað árangri. Í lögnum eru tilmæli og þess er vænst að þau hafi ákveðin smitáhrif á forstjóra- og framkvæmdastjórnastöður en það hefur ekki orðið með þeim hætti sem stefnt var að, sama á hvaða atvinnugrein er lítið.

Í rannsókn sem við framkvæmdum árið 2019 meðal 187 kvenna í stjórnunarstöðum á Íslandi töldu 60% þeirra að þörf væri á aðgerðum og jafnvel lagasetningu sem kveður á um að kynjakkvóti verði settur á æðstu stjórnunarstöður. Þetta er ein leið, hún gæti reynst erfið í framkvæmd en hún er ekki útilokuð.

Önnur leið væri að stærstu fjárfestarnir

á markaðnum, lífeyrissjóðirnir, myndu setja í fjárfestingastefnu sína að þeir fjárfestu einungis í félögum þar sem kynjahlutföll væru tiltölulega jöfn. Þriðja leiðin er að stjórnir félaga ásamt forstjórnunum móti stefnu og taki upp arftakastjórnun og innleiði arftakaáætlanir.“

Arftakaáætlun afar nytsamleg aðferð

Hvernig geta núverandi stjórnendur stutt við konur til framgangs innan félaga að mati Ástu Dísar? „Þar gæti arftakaáætlunin komið sterk inn. Þetta er afar nytsamleg aðferð sem allir æðstu stjórnendur og stjórnir félaga geta notað til þess að stíga það skref að breyta stöðunni. Ef ég ætti að segja í einni setningu hvernig hún hefur verið skilgreind þá er hún ferli til að finna og efla þá einstaklinga sem búa yfir þeim eiginleikum sem þarf í þær lykilstöður sem losna innan félaga.

Ég myndi mæla með þessu við hvern einasta forstjóra og stjórn að fara að skoða þetta því að vel skilgreind arftakaáætlun leggur grunn að framtíðar- og langtímaárangri sérhvers félags. Rétt útfærð ætti hún að stuðla að réttlæti, trausti, tryggð, skuldbindingu og starfsöryggi starfsmanna skipulagsheildarinnar og hún getur dregið úr starfsmannaveltu.“

Að lokum, áttu einhver skilaboð til þeirra sem eru að velta fyrir sér þátttöku í Jafnvægisvoginni? „Já, þau sem hafa fengið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar fram til þessa, það eru stjórnendur sem hafa tekið ákvörðun um fjölbreytni og við sjáum það skýrt á heimasíðum þeirra félaga og samfélagsmiðlum að þau eru afar stolt af viðurkenningunni og telja hana mikilvæga.

Það skiptir máli að félagið einkennist af jafnrétti. Fyrir þá stjórnendur sem ekki hafa tekið þessa ákvörðun þá get ég sagt með nokkurri vissu eftir áralangar rannsóknir á þessu viðfangsefni að það er ávinningur að því að taka ákvörðunina, því að við töpum öll, á alla vegu, á einsleitni!“





Una Steinsdóttir og Kristín Hrönn mynda góða hlutdeild saman á markaðnum.

Ljósmynd/Eggert Jóhannesson

„Atvinnulífið er almennt mjög karllægt“

Hvetja konur til góðra verka í fjárfestingum

Íslandsbanki hefur um langt skeið staðið að eflingu kvenna en bankinn hefur árlega haldið fundi þar sem snert er á ólíkum málum hverju sinn. Fyrstir í röðinni voru fundir um ljónin í veginum en í fyrra var áhersla lögð á konur og fjárfestingar en eitt af fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem bankinn vinnur að eru jafnréttismál. Yfir 2000 konur hafa sótt fundi bankans og mikil áhersla hefur verið lögð á jöfn tækifæri kynja innan bankans.

Una Steinsdóttir og Kristín Hrönn Guðmundsdóttir leiða fyrirtækjahluta bankans en framkvæmdastjórnastöður viðskiptasviða bankans eru öll skipaðar konum. Una og Kristín fagna því að sjá fleiri konur í stjórnendahlutverkum fyrirtækja og mikilvægt sé að konur fari með fé í fjárfestingum í auknum mæli. Una hefur starfað yfir þrjátíu ár hjá Íslandsbanka var útibússtjóri í Reykjanesbæ um 10 ára skeið en stýrir nú Viðskiptabanka, sem ber ábyrgð á þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki í fyrirtækjamiðstöðvum og útibúum út um allt land, auk þess sem Ergo, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, er hluti af sviðinu. Una hefur verið framkvæmdastjóri í Íslandsbanka frá 2007 og setið í lánanefndum bankans frá þeim tíma.

Yfir 700 umsóknir

Una hefur lokið Cand.Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk AMP stjórnunarnámi 2015 frá IESE í Barcelona. Hún er einnig stjórnarformaður frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka, sem hefur verið í kröftugri starfsemi síðan 2019. „Frumkvöðlasjóðurinn hefur núna veitt 215 milljónir í styrki og móttekið vel yfir 700 umsóknir frá stofnun hans og sjóðurinn vinnur eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem bankinn hefur valið, sem eru jafnrétti, nýsköpun, menntun og loftlagsmál.

„Fjölbreytni í styrkveitingum er okkur mikilvægt og ekki síst höfum við verið að kalla til kvenna í nýsköpun og einnig til landsbyggðarinnar. Gögn sýna okkur í síðustu styrkveitingu að það voru 93% sem fóru til blandaðra teyma og 7% til kvennateyma, 57% af styrkjum fóru til höfuðborgarsvæðisins og 43% til teyma frá landsbygginni“, segir Una.

Saman leiða Kristín Hrönn og Una þjónustu við fyrirtæki landsins hjá bankanum. Tekjusviðin tvö eru með myndarlega markaðshlutdeild og saman höfum við fengið að taka þátt í því að vera þetta hreyfiafl með fyrirtækjunum okkar í fjölmörgum verkefnum um allt land. „Ég er stolt af því að geta sagt að markaðshlutdeild okkar hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum er sú hæsta á markaðnum og ánægja viðskiptavina með þjónustu hefur ávallt mælst há. Stór hlutdeild á þessum markaði er

ekki síst mikilvæg í ljósi þess að þetta eru þau fyrirtæki sem að jafnaði keyra hagvöxt á Íslandi og þarna kemur líka nýsköpun sterkt inn, segir Una.

Fjölbreytt atvinnulíf

Kristín Hrönn er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands, AMP gráðu frá IESE Business School í Barcelona og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hún hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi á fjármálamörkuðum. Hún stýrði teymi Verslunar og þjónustu meðal stærri fyrirtækja á árunum 2013-2019, var forstöðumaður Fjármála, reksturs og stefnumótunar auk þess sem hún situr í lánanefndum, efnahagsnefnd og fjárfestingarráði bankans. Kristín Hrönn hefur starfað við fjárfestingar, erlendar lánveitingar og sérhæfða fjármögnun á Íslandi og í London. Kristín Hrönn hóf fyrst störf hjá Fjárfestingabanka Atvinnulífsins árið 2000, starfaði hjá FL Group í London um tveggja ára skeið og kom svo aftur til Íslandsbanka í október 2008.

„Hjá Fyrirtækjum og fjárfestum erum við með alhliða þjónustu við stóru fyrirtækin, það eru lánveitingar og dagleg bankaviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýring, afleiðuborð og verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun. Þetta er í raun fjárfestingabankastarfsemin auk lánveitinga og almennrar bankaþjónustu við stærstu fyrirtæki landsins.“

„Við erum leiðandi í gjaldeyrismiðlun og árið fer mjög vel af stað í verðbréfamíðluninni. Fyrirtækjaráðgjöfin hefur einnig verið ein sú sterkasta á landinu,“ segir Kristín Hrönn.

„Þrátt fyrir þunga verðbréfamarkaði undanfarin tvö ár þar sem áhættuþol fjárfesta hefur verið reynt er gott að sjá að viðskiptavinir eru með langtímaárangur í huga og hafa farið í gegnum sveiflurnar. Eignastýring er einmitt alltaf með langtímaárangur að leiðarljósi og hefur viðskiptavinum fjölgað og eignir í stýringu aukist enda mjög reynslumikið og öflugt teymi.“

Kristín segist fagna því að sjá fleiri konur fara með fé í fyrirtækjum landsins þó vissulega sé langt í land að kynjahlutföllin séu jöfn. „Það er ávinningur allra að þessi hlutföll jafnist og við fögnum því að fleiri setji þennan málaflokk á dagskrá. Við verðum líka að horfa inn á við sjálf og við höfum markvisst verið að reyna að fjölga konum í þessum karllægari einingum innan bankans. Það tekst helst með því að kynna þessi störf betur og aðlaga þau að nútímaumhverfi. Það er aukin krafa að vinnutími sé sveigjanlegur og fjölskylduvænn og það er okkar að sjá til þess að þessi störf þróist. Þetta hefur hins vegar gengið hægt í fjárfestingabankanum en við erum alltaf að leita leiða til að gera betur,“ segir Kristín Hrönn.

Fjármálageirinn er vissulega þekktur fyrir það að vera mjög karllægur geiri, eins og Una orðar það. „Það er fyrst og fremst þessi fjölbreytni sem skiptir mestu máli. Það hljómar auðvitað klisjulega en jafnrétti er ákvörðun og bestu ákvarðanirnar eru teknar þegar fjölbreyttur hópur kemur saman. Þetta á auðvitað ekki eingöngu við kyn heldur líka aldursamsetningar, þjóðerni og búsetu til að mynda. Við höfum til dæmis haldið mjög vel heppnaða fundi með Félagi kvenna í atvinnulífinu og New Icelanders þar sem við erum að ræða tækifæri kvenna af erlendu bergi brotnar til að stofna og reka fyrirtæki á Íslandi. Það eru ýmsar hindranir í veginum og það er okkar að reyna að fjarlægja og aðstoða með þessi skref,“ segir Una.

Kraftur og seigla

Kristín Hrönn segir framúrskarandi teymi vera á meðal þess sem gerir góða vinnudaga betri. „Nú erum við að koma út úr tveggja ára mjög krefjandi mörkuðum þar sem ávöxtun á heimsvísu hefur almennt ekki verið upp á marga fiska. Þá skiptir þolinmæði og seigla öllu máli, það reynir auðvitað fyrst og fremst á viðskiptavinina en einnig á starfsfólk. Við erum bjartsýn á nýtt ár þegar við förum vonandi að sjá vexti lækka og ýmis tækifæri sem því fylgir. Við búum svo vel að vera með algjörlega framúrskarandi starfsfólk með mjög mikla reynslu en það er það sem skiptir mestu máli í öllum krefjandi aðstæðum, segir Kristín Hrönn.

„Þegar þú finnur að allir eru í sama liði, á leiðinni að sama markmiði og allir leggja sig fram við að ná því, þá næst einstakur árangur. Við höfum verið að hvetja starfsfólk til vaxtar og það er mikið lagt í það. Mannauðssviðið er stöðugt að innleiða ýmis konar ný töl og tæki til að gera góða hluti enn betri. Við mælum starfsánægjuna á hverju ári og bregðumst við ef hún fer ekki í rétta átt, en hún hefur mælst mjög há í gegnum tíðina.“

Una tekur undir það með Kristínu að ánægja starfsmanna sé svo sannarlega mikilvæg. „Þegar við segjum að það er hlutverk bankans að vera hreyfiafl, þá auðvitað getum við það ekki nema með framúrskarandi starfsfólk á öllum sviðum,“ segir Una. „Ánægðir starfsmenn og ánægðir viðskiptavinir er það sem fær mann til þess að mæta alltaf glaður í vinnuna. Kraftur og seigla er mikilvægt krydd í uppskrift árangurs, ásamt réttu blöndu umbyrðarlyndis og auðmýktar. Með því að vera með blandaða vinnustaði held ég að fólk átti sig á því að hörðu málin geta oft verið mjúku málin. Það skiptir gríðarlegu miklu máli að hafa fjölbreyttar raddir við borðið, þannig næst besti árangurinn og það eru líka langskemmtilegustu teymin.“



Lilja Magnúsdóttir er deildarstjóri auðlindastýringar hjá HS Orku en deild hennar hefur lagt Veðurstofunni lið upp á síðkastið.

Ljósmynd/Kristinn Magnússon

Gervigreindin nýtt fyrir ítarlegri framleiðsluspár en áður

Með puttann á púlsinum í aðdraganda eldgoss

Lilja Magnúsdóttir er deildarstjóri auðlindastýringar hjá HS Orku og hefur starfað þar síðan 2020. Hún er með doktorsgráðu í orkuverkfræði frá Stanford-háskóla í Bandaríkjunum og mastersgráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands. Einnig hefur hún lokið námi í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun hjá Endurmenntun HÍ og er varaformaður í stjórn Jarðhitafélags Íslands.

Lilja hefur unnið mikið í tengslum við jarðhita og forðafræði, bæði hér á landi og erlendis, en um tíma starfaði hún einnig sem yfirverkfræðingur í hönnun og þróun hjá sólarrafhlöðudeild Tesla í Kaliforníu. Þar kynntist hún vel hraðri þróun tæknibreytinga þar sem hönnun hennar leiddi til einkaleyfis. „Sem deildarstjóri auðlindastýringar HS Orku hef ég lagt kapp á að halda þessari nýsköpunarhugsun á lofti og er með frábært teymi með mér í því,“ segir Lilja.

Ýmsar afurðir til sölu í fjölbreyttu fyrirtæki

HS Orka er þriðja stærsta orkufyrirtækið á Íslandi og það eina í einkaeigu. Fyrirtækið hefur nær hálfra aldar reynslu af vinnslu endurnýjanlegrar orku. HS Orka framleiðir og selur raforku um land allt úr tveimur jarðvarmavirkjunum í Svartsengi og á Reykjanesi auk vatnsaflsvirkjana á Brú í Biskupstungum og í Fjarðará í Seyðisfirði. Uppsett afl raforku er um 216 MW samtals en einnig er framleitt heitt og kalt vatn í Svartsengi fyrir Suðurnesin.

Í Auðlindagarði HS Orku eru aðrar afurðir jarðvarmavirkjananna einnig seldar og nýttar áfram, svo sem varmi, ylsjór, gufa og koltvísýringur. Til viðbótar eigin framleiðslu er HS Orka með samninga um sölu á rúmlega 25 MW frá smávirkskjunum í eigu annarra aðila. Um 90 manns starfa hjá HS Orku. Kynja hlutfall í stjórn er jafnt og í framkvæmdastjórn sitja þrjár konur og fimm karlar. HS Orka er jafnlaunavottað fyrirtæki.

Vöktun aukin á tímum eldsumbrota

Þótt HS Orka sé ekki stórt orkufyrirtæki hefur það á að skipa vísindateymi sem er á heimsmeðalvarða á sviði jarðvarma. Stjórn fyrirtækisins ákvað fyrir nokkrum árum að byggja upp meiri sérfræðipækkingu innanhúss til að auka skilning á auðlindunum í umsjón þess og nýta þær á sjálfbærnan hátt.

„Ég stýri nú átta manna deild jarðfræðinga, jarðefnafræðinga, forðafræðinga, verkfræðinga og verkefnisstjóra með dýrmæta reynslu og þekkingu úr jarðhitageiranum. Öll höfum við þó fengið að takast á við nýjar áskoranir á síðustu mánuðum vegna eldsumbrota í grennd við jarðvarmavirkjun HS Orku í Svartsengi,“ segir Lilja. Deildin hefur sem



Deild Lilju hefur sérhönnuð kerfi sem auka möguleikana á að spá fyrir um yfirvofandi eldsumbrot.

dæmi hannað eigið viðvönunarkerfi sem eykur möguleikana á að spá fyrir um yfirvofandi eldgos.

Upplýsingar úr sérhönnuðu kerfi HS Orku gáfu vísbendingar um að gos væri í aðsigi þann 14. janúar síðastliðinn. Kerfið sendi út viðvönunarskilaboð á náttúruvárvakt Veðurstofunnar rúmum fjórum klukkustundum fyrir gosið. Upplýsingarnar nýttust náttúruvárvaktinni og Almannavörnum ásamt þeirra eigin gögnum við ákvarðanir varðandi rýmingar. Þetta er eflaust eina viðvönunarkerfi sinnar tegundar að sögn Lilju og segir hún það hafa verið uppörvandi að sjá að kerfið skilaði tilætluðum árangri í þessum náttúruhamförum.

„Þegar kvikusófnun hófst undir Svartsengi síðastliðinn október var vöktun á auðlindinni aukin til muna og hef ég setið samráðsfundi Veðurstofu Íslands ásamt öðru vísindafólki þar sem gögnin sem við höfum aflað eru samtúlkuð með öðrum gögnum. Ég sit einnig í neyðarstjórn HS Orku, sem var virkjuð í upphafi jarðhræringanna í nóvember, og miðla upplýsingunum áfram þangað. Með samstilltu átaki starfsfólks HS Orku hefur rekstur orkuveranna beggja á Reykjanesi gengið snurðulaust fyrir sig enda valinn einstaklingur í hverju rúmi“, segir Lilja og bætir við

„Sýnatökum úr borholum var fjölgað til að kanna sýrustig jarðhitavökvans vegna mögulegrar afgösunar á kviku og einnig var vel fylgst með gasmælum á yfirborði, holutoppþrýstingi borholna og siritum á hitastigi og þrýstingi jarðhitakerfisins. Fyrir kvikuhlaupið í nóvember og rétt fyrir eldgosið í desember tókum við eftir breytingum í þrýstingi og hita úr

siritunum sem staðsettir eru ofan í borholum í Svartsengi og Eldvörpum. Í kjölfarið hannaði sérfræðingateymi auðlindastýringarinnar sjálfvirk viðvönunarkerfi út frá siritamælingunum sem virkaði vel til að vara við mögulegu eldgosi í janúar.“

Likön og gervigreind gefa betri heildarmynd

Helsta hlutverk auðlindastýringarinnar, að sögn Lilju, er að vakta auðlindirnar sem HS Orka hefur í sinni umsjá og tryggja ábyrgar fjárfestingar og langtímaþvægi auðlindanna. „Ég hef lagt áherslu á að fjölga mælingum á jarðhitakerfunum til að stuðla að betri yfirsýn og eru mælingarnar einnig forsenda þess að hægt sé að byggja upp góð forðafræðilikön af svæðunum. Forðafræðilikönin herma eftir því sem er að gerast í jarðhitageyminum djúpt undir yfirborði jarðar og nýttast þannig til að spá fyrir um viðbrögð jarðhitakerfanna við vinnslu. Þannig stuðlum við að sjálfbærari nýtingu þeirra,“ segir hún.

Einstakur árangur hefur náðst hjá deildinni við þróun forðafræðilikana af jarðhitakerfum HS Orku og ná þau vel að herma sögulegan hita og þrýsting. Í framhaldi var farið í metnaðarfullt verkefni þar sem framleiðslulikön, sem reikna framleitt afl virkjananna út frá flæði jarðhitavökvans á yfirborði, voru tengd við forðafræðilikönin. Vel tókst til og með því að nýta líkönin saman fékkst betri heildarmynd á framleiðslugetu virkjananna „Til marks um framsækni deildarinnar þá nýtum við gervigreind til að setja fram ítarlegri framleiðsluspár en áður,“ segir Lilja. „Gervigreindin lærir á tímabundnar sveiflur í einstaka holum og uppfærir sjálfkrafa framleiðsluspána tvær klukkustundir fram í tímann, byggða á rauntímagögnum. Við höfum einnig komið upp gagnagrunni og mælaborði sem auðveldar aðgengi að gögnum og gefur okkur heildarmynd af efnafræði-, hita- og þrýstímælingum úr borholunum.“

Rannsóknir eru grundvöllur ábyrgar nýtingar

Í nóvember, stuttu eftir að jarðhræringar hófust, fóru af stað nýjar rannsóknarboranir á Reykjanesi, skammt frá Reykjanesvirkjun, og fyrirhugar HS Orka fleiri boranir á næstu misserum. Sérfræðingar auðlindastýringar ákvarða út frá gögnum og líkönum staðsetningar nýrra borholna með það að markmiði að hámarka líkur á árangursríkri borun. Einn til tveir jarðfræðingar eru svo á vakt hverju sinni alla virka daga eftir að borun hefst til að greina svarfíð sem kemur úr holunni. Þannig eru jarðlögin metin og nýtt við ákvarðanatöku í boruninni og til að auka við jarðfræðilega þekkingu á svæðinu. „Rannsóknir og aukin þekking draga úr áhættu í rekstri og gera okkur kleift að vakta svæðin vel og tryggja ábyrga nýtingu auðlindanna.

Það er óhætt að segja að aldrei sé lognmolla í vinnunni og ótrúlega gaman að mæta öllum spennandi áskoranunum sem við í teyminu fáumst við á degi hverjum,“ segir Lilja að lokum.

Tímarnir breytast og Pósturinn með

Þjónusta Póstsins aldrei verið hraðari

Þórhildur Ólöf Helgadóttir er fyrsta konan til að gegna stöðu forstjóra Póstsins og hefur hún sinnt því starfi í rúm þrjú ár. Áður hafði Þórhildur sinnt starfi framkvæmdastjóra fjármálasviðs fyrirtækisins en hún tók við þeirri stöðu í lok sumars 2019.

Deloitte sinnti fjármálalegu uppeldi hennar á sínum tíma en á háskólaárunum vann Þórhildur þar með námi og spannaði tíminn þar 8 ár. Það var góður grunnur fyrir það sem við tók eftir háskólann. Þórhildur er með Cand Oecon próf frá Háskóla Íslands. Hún hefur svo starfað sem framkvæmdastjóri fjármála frá því fyrir hrun, setið í stjórn Sjóváralmennra og átt sæti í stjórnnum dótturfélaga þeirra fyrirtækja sem hún hefur starfað hjá.

Þórhildur segir feril sinn hafa verið viðburðaríkan, lærdómsríkan og uppfullan af ýmsu óvæntu sem hefur styrkt hana til muna.

„Tíu mínútum fyrir hrun tók ég við starfi sem fjármálastjóri hjá Securitas og var þar á hrunárunum.“ segir Þórhildur. „Ég borgaði 60 milljónir með VISA-kortinu mínu til að geta borgað birgjum í Kanada því að þeir voru svo órólegir yfir því að eiga viðskipti við fyrirtæki á Íslandi. Þetta var alveg rosalegur tími til þess að vera fjármálastjóri á Íslandi.“

Tengingar um allan heim

Þórhildur hefur verið í alls konar rekstri eins og hún segir sjálf frá; öryggisbransanum, bíla-bransanum, fatabransanum og nú í flutninga-bransanum hjá Póstinum. Segir hún það mjög áhugavert að koma inn í fyrirtæki sem er í eigu ríkisins.

Hlutverk Póstsins er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög. Dreifikerfi Póstsins nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum fyrirtækjum í pósthjónustu og myndar þannig sterka tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim. Framtíðarsýn Póstsins er að mæta viðskiptavininum þar sem hann er staddur og markmiðið er að verða hans fyrsta val.

„Þegar ég byrjaði var Pósturinn á tímamótum, mikið skuldsettur fjárhagslega auk þess sem áhersla undangenginna ára hafði verið að byggja upp fasteignir fyrir kjarnastaði, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Það var því hægt að breyta aðeins um stefnu og leggja áherslu á að minnka stafræna skuld félagsins, fækka fermetrum og þannig minnka skuldsetningu. Verkefnaáherslan undanfarin ár og áherslan á viðskiptavininn hefur orðið til þess að við vorum einn af hástökkvörum Íslensku ánægjuvogarinnar í ár því Pósturinn hækkaði næsthæst allra fyrirtækja milli ára svo þessar umbætur skila sér greinilega beint til viðskiptavina,“ segir Þórhildur.

Hröð þróun á stuttum tíma

Pósturinn er með tengingu við 192 lönd í alþjóða pósthéiminum og segir Þórhildur töluverða þróun hafa átt sér stað hjá fyrirtækinu og þá mjög bratt á undanförunum árum.

„Það voru til dæmis átta pósthöfnir hjá fyrirtækinu þegar ég byrjaði, í dag eru þau 90 talsins hringinn í kringum landið,“ segir Þórhildur. „Pósturinn er að þróa úr því að vera bréfafyrirtæki í pakkafyrirtæki. Við flytjum inn tugþúsundir pakka í hverjum mánuði erlendis frá auk þess að sinna innlenda markaðinum. Þetta kallar á ýmis konar tækniþróun og breytingar á störfum og innviðum. Þróunin hefur verið ótrúlega hröð á stuttum tíma.“

Þá nefnir Þórhildur að hraðinn á afhendingu pakka hafi margfaldast miðað við það sem var. „Auk þess höfum við verið að gera breytingar í sjálfvirknivæðingu í upplýsingagjöf frá erlendu pósthjónustunum. Núna fáum við upplýsingar um leið og einhver pantar sér eitthvað erlendis frá þegar það er skráð hjá erlendu pósthjónustunum sem við erum í samstarfi við. Þannig fáum við strax upplýsingar um sendinguna og getum í rauninni verið búnir að tola vöruna áður en hún kemur til landsins. Þetta leiðir til þess að af öllum pökkum sem lenda í Keflavík í dag, fara 92% þeirra í pósthöfnir í Reykjavík samdægurs.“

Svo náum við tæplega 90% afhendingarhlutfalli á landinu strax daginn eftir. Við erum að stóruka hraðann um leið og pakinn kemur til landsins. Þetta á líka við um inn-landspakkana, við erum fljótt að afgreiða þá,“ segir hún. „Svo erum við með Tollinn í Póstmiðstöðinni. Tollurinn er með starfsstöð hjá okkur þannig að allar sendingar sem koma erlendis frá eru skoðaðar. Þetta fyrirkomulag flýttir enn frekar fyrir afgreiðslunni þar sem þeir fá upplýsingar til sín miklu fyrr. Þetta eru



Þórhildur Ólöf Helgadóttir er forstjóri hjá Póstinum.



Dreifikerfi Póstsins nær til allra heimila og fyrirtækja landsins.

Ljósmynd/Hari

dæmi um stórar breytingarnar sem við höfum staðið frammi fyrir undanfarin ár og átt þátt í að bæta hraðann til muna“

Mikil starfsánægja hjá Póstinum

Pósturinn hlaut viðurkenninguna Certificate of Excellence fyrir árið 2023 frá IPC International, þetta er mikill heiður að sögn Þórhildur. „Við fengum þetta endurnýjað frá IPC í febrúar síðastliðnum og erum ótrúlega stolt af því,“ segir hún. Þá ræðir Þórhildur mannauðinn og jafnvægi á milli tækniþróunar og breyttra starfsgreina. „Tækniþróun kallar á breytt starfshlutverk og mannaúdurinn okkar tekur mið af því. Það gengur vel að halda uppi starfsánægju þrátt fyrir miklar breytingar og ég dáist að þrautseigju samstarfsfólks míns í þessum aðstæðum,“ segir Þórhildur og bætir við;

„Við höfum verið að gera mánaðarlegar mælingar ánægju starfsmanna. Við höfum lagt áherslu á fræðslu, þjálfun og valdeflingu starfsfólks. Við viljum að allir starfsmenn hafi vald til þess að taka ákvörðun sem snýr að þeirra starfi. Þá skiptir höfuðmáli að allir starfsmenn viti hver stefnan er hjá Póstinum og hver framtíðarsýn fyrirtækisins er. Þannig róm við öll í sömu átt.“

Þórhildur segir mikilvægt að vera í góðum samskiptum við starfsfólk og taka hugmyndum fagnandi. „Ég fer reglulega á mismunandi starfsstöðvar Póstsins til þess að fá upplýsingar frá starfsfólkinu. Það skiptir okkur öllu máli að hlusta vel á hvað megi gera betur. Bestu hugmyndirnar koma oft innan frá, því það er fólkíð í framlinunni sem er í snertingu við viðskiptavinina á hverjum einasta degi og heyrir og sér ýmislegt. Starfsfólkið okkar er


stútfullt af hugmyndum um hvað mætti betur fara,“ segir hún.

Forstjórinn eins og þjálfari

Líkir Þórhildur vinnu sinni við starf góðs þjálfara. „Ég sé til þess að allir hafi þau tæki, tól, vald og upplýsingar til þess að geta unnið vinnuna sína vel. Mitt starf er að sjá til þess að fólkíð hafi allt sem þarf til að standa sig vel í vinnunni og geta farið heim í lok dags og hugsað með sér, mikið stóð ég mig vel í dag. Það er oft feimismál hjá fyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins að vera í samkeppni en við erum að sjálfsögðu í mikilli samkeppni á pakkamarkaði og ætlum að standa okkur gríðarlega vel í því, bæði að vera samkeppnishæf og líka að greiða fyrir samkeppni á öllu landinu, þannig að fólkíð geti haft val. Við fögnum samkeppni því það hvetur okkur til að gera betur.“

Sjómennskan ekki lengur karllægt starf

Traust liðsheild í metnaðarfullu umhverfi



hætt er að fullyrða að Elín Björg Ragnarsdóttir hefur marga fjórana sopið. Hún er með ML-gráðu í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst og með BS-gráðu í viðskipta-

lögfræði frá sama skóla ásamt meðal annars diplómagráðu í hafrétti, menntun á sviði sjávarútvegs og verkefnastjórnunar.

Elín hefur fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu og starfað við lögfræði-, rekstrar- og gæðastjórnunarráðgjöf, ferðaþjónustu og verið framkvæmdastjóri fiskframleiðenda, svo dæmi séu nefnd. Elín hóf störf hjá Fiskistofu í upphafi árs 2016 en þá voru höfuðstöðvar Fiskistofu fluttar til Akureyrar og hefur hún því starfað hjá stofnuninni í tæp átta ár ef frá er talið stutt tímabil er hún var sviðsstjóri friðlýsinga og starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun. Hjá Fiskistofu var hún lengst af verkefnastjóri gæða- og þróunarmála en síðustu þrjú ár hefur hún verið sviðsstjóri veiðieftirlits og staðgengill fiskistofustjóra.

Með skilvirknina að leiðarljósi

Fiskistofa er stjórn-sýslu- og eftirlitsstofnun sem heyrir undir matvælaráðuneytið. Fiskistofa fer með framkvæmd laga á sviði fiskveiðistjórnunar og lax- og silungsgæða. Verkefni Fiskistofu eru gríðarlega áhugaverð og fjölbreytt, meðal annars gagnagreining, áhættumat, umsýsla kvótakerfis, forritun, hönnun, útgáfa margskonar leyfa, drónaflug, mannaúsmál, skjalamál, fjármál, þjónusta, lögfræðimál, upplýsingaöryggismál, stjórn-sýsla, eftirlit með veiðum, alþjóðleg samvinna og ýmis þróunarverkefni.

Þá er fyrirtækið í blússandi þróun í starfænu og rafrænu umhverfi en mikil þróun hefur orðið í rafrænu eftirliti, samkeysrlu upplýsinga í eftirlitsskyni og notkun fjar-eftirlitsbúnaðar á borð við fjarstýrð loftför



Elín Björg Ragnarsdóttir hóf störf hjá Fiskistofu í upphafi árs 2016.

og myndavélar. Áhersla er lögð á að nota í auknum mæli stafrænar og rafrænar lausnir, greiningar og áhættumat til skilvirkara eftirlits, einföldun ferla og miðlun áreiðanlegra og réttra upplýsinga í sem næst rauntíma um sjávarútveg. Verkefni Fiskistofu tengjast öll framtíðarsýn hennar en hún er að Fiskistofa sé framsækin og skilvirk stjórn-sýslu- og eftirlitsstofnun sem er leiðandi í fiskveiðistjórn á heimsvísu.

Hvatt til fleiri umsækjenda

Hjá fyrirtækinu starfa 57 starfsmenn, þar af 39 sem starfa á skrifstofu við ýmis störf og 18 eftirlitsmenn sem sinna fjölbreyttu

eftirliti á sjó og landi. Elín segir vinnustað sinn vera frábæran og þegar hún er spurð að því hvað mætti betrumbæta innan fyrirtækisins svarar hún skýrt: „Við myndum vilja fjölga konum í hópi eftirlitsmanna, en í dag eru það eingöngu karlmenn sem sinna þeim störfum. Að öðru leyti er kynjahlutfall hjá stofnuninni jafnt bæði í stjórnendahópi og starfsmannahópi. Starfsumhverfið er annars metnaðarfullt og er lögð mikil áhersla á að byggja upp trausta liðsheild,“ segir Elín, sem undirstríkar að jafnframt sé lagt upp úr því að starfsfólk hafi gaman að vinnunni, að samskipti séu jákvæð og góður andi ríki á vinnustaðnum.

„Í dag starfa engar konur eða kvár við veiðieftirlit Fiskistofu og hafa aðeins fimm konur í heildina starfað við almennt veiðieftirlit frá 1992. Fiskistofa vill gjarnan sjá breytingar í þeim efnu og að fleiri kyn sæki um laus störf í almennt veiðieftirlit hjá Fiskistofu. Oft hefur verið sagt að sjómennska og sjávarútvegur séu karllæg starfsstétt en örur breytingar hafa orðið í greininni á síðastliðnum áratugum, þar með talið tækni-breytingar sem hafa gjörbreytt atvinnugreininni og hafa haft mikil áhrif á störf innan stéttarinnar það má því með sanni segja að þetta sé stétt fyrir alla óháð kyni.“

Alls kyns verkefni

Elín segir enga tvo daga vera eins í eftirlitinu, allt frá því að vera samskiptum við fólk sem starfar innan sjávarútvegsins, til að mynda skipstjóra, hafnarstarfsmenn, útgerðir, vigtarmenn ásamt því að mikil samskipti og samvinna er við Landhelgisgæslu og aðra opinbera aðila. Reglulega er farið í eftirlit með þyrlu Landhelgisgæslunnar yfir sumartímamann til eftirlits með lax- og silung-netum í sjó. Þá sinna eftirlitsmenn einnig rafrænu eftirliti og skýrslugerð. Eftirlitsmenn fara víðs vegar um landið í alls kyns verkefni, meðal annars eftirlit með vigtun, eftirlit með veiðivötnum, drónaeftirlit til að fylgjast með brottkasti og umgengni um auðlindir hafs og vatna og söfnun gagna sem notuð eru til rannsóknna hjá Hafrannsóknastofnun.

Þá er einnig haft eftirlit með erlendum skipum og svona mætti lengi telja. „Farið er í eftirlit með veiðiskipum af öllum stærðum og gerðum, svo sem uppsjávarskipum, togurum og smábátum ásamt því að farið er reglulega í eftirlitsferðir með skipum Landhelgisgæslunnar. Alþjóðatengsl eru einnig nokkur en eftirlitsmenn eiga í samskiptum við aðrar systurstofnanir í nágrannalöndum og kemur fyrir að eftirlitsmenn fari í starfsmannaskipti til annarra norræna landa til að kynnast eftirlitsstörfum þar og miðla reynslu þegar heim er komið,“ segir Elín.

„Stefnum á að vera kolefnishlutlaus fyrir árið 2040“

Með háleit markmið í umhverfismálum

Sjálfbærnimál eru mikilvægur hluti af fjölbreyttri starfsemi Eimskip. „Þegar við hugsum um sjálfbærni þá tengjum við flest við umhverfismálin en sjálfbærni tengist fleiri málaflokkum eins og menningu fyrirtækis, velliðan og virðisheðjunni“ segir Agla Huld Þórarinsdóttir sjálfbærnisérfræðingur hjá Eimskip.

Eimskip fagnaði 110 ára afmæli sínu 17 janúar en fyrirtækið er leiðandi flutninga-fyrirtæki í Norður-Atlantshafi með sérhæfingu í flutningi á frystum og kældum vörum. Félagið er meðvitað um samfélagslegt mikilvægi sitt og sína samfélagslegu ábyrgð. „Eimskip er stofnað á sínum tíma sem skipafélag til að tryggja örugga flutninga til Íslands, við Íslendingar vildum vera sjálfstæð en í dag erum við alþjóðlegt fyrirtæki með um 1700 starfsmenn og starfsemi í yfir 20 löndum“.

Agla hefur víðtæka reynslu og hefur unnið hjá fyrirtækinu í 25 ár og þekkir því starfsemina vel. Hún stundaði háskólanám í sálfræði og bætti síðar við sig MBA gráðu. „Það var einstakt tækifæri að fá að byrja í vinnu hérna beint eftir háskólann og fá að þroskast og þróast í starfi, hér er frábært samstarfsfólk og mér finnst alltaf jafnspennandi að koma í vinnunna og takast á við verkefni dagsins“ segir hún. Hún hefur unnið fjölbreytt störf innan fyrirtækisins en leiðir nú vegferð félagsins í sjálfbærnimálum.

„Það má segja að sjálfbærni opni á fleiri sjónarhorn í ákvarðanatöku, við skiljum betur þær áhættur sem eru fyrir hendi og getum nýtt þá þekkingu til að taka betri ákvarðanir sem taka tillit til fleiri aðila.“ Segir Agla

Leiðandi í orkuskiptum

Það er mikilvægt að fyrirtæki þekki vel og skilji áhrif sín á samfélagið og umhverfi og jafnframt áhrif samfélagsins og umhverfis á þau. „Við höfum sett okkur háleit markmið í kringum umhverfismálin. Við stefnum á að vera kolefnishlutlaus fyrir árið 2040, sem er náttúrulega mjög stórt markmið fyrir fyrirtæki eins og okkar, sem rekur skipa- og bílafloata. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að vera leiðandi í þessum orkuskiptum.“

Auk umhverfismála þá leggur Eimskip mikla áherslu á góða fyrirtækjamenningu bæði út frá öryggi og velliðan. „Við erum með kraftmikla alþjóðlega leiðtogaþjálfun sem snýst um að því að efla okkar starfsfólk í sínum störfum, við leggjum áherslu á verkefni sem auka jafnrétti kynjanna og við sjáum að leiðtogaþjálfunin styður þá vegferð vel“.

Eimskip er með starfsemi víða um heim og segir Agla



Agla Huld hefur víðtæka reynslu og hefur unnið hjá fyrirtækinu í 25 ár.

Ljósmynd/Arnþór Birkisson

mikilvægt að sjálfbærnivinnan ná alla leið. „Við leggjum mikla áherslu á að ná utan um kolefnisfótsporinn okkar í heild og það hefur verið mjög skemmtilegt en krefjandi að ná utan um kolefnisfótsporinn í erlendu starfseminni okkar“ segir Agla. „Okkar loftlagsupplýsingar eru mjög sýnilegar og við birtum til dæmis umhverfisuppgjör fjórum sinnum á ári en það eru ekki mörg fyrirtæki sem gera það. Okkur finnst þetta mikilvægt að vera meðvituð um þessi áhrif. Við bjóðum einnig viðskiptavinum okkar upp á að fá yfirlit yfir kolefnisfótspor sitt í flutningum og viljum þar með styðja okkar viðskiptavini í þeirra sjálfbærni-vegferð þegar kemur að upplýsingagjöf“.

Í tengslum við áskoranir á nýja árinu sem var að renna í garð horfir Agla til lengri tíma varðandi stærri markmið Eimskip. „Ef ég horfi út frá sjálfbærninni, þá erum við að horfa til orkuskipta og það skiptir miklu máli að vita hvort að næg græn orka verði tiltæki á Íslandi. Við þurfum að vita hvers konar orka verður í boði til framtíðar, því við þurfum að huga að því að endurnýja skipaflotann. Það er yrði mjög stórt skref fyrir okkur og samfélagið í heild að geta skipt yfir í skip sem væru knúin af grænni orku, en þá þarf það að vera á hreinu hvaða orka verður leiðandi og hvenær hún verður tilbúin. Þetta er stór fjárfesting,“ segir hún.



Hulda Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar.

Ljósmynd/Kristinn Magnússon

„Gaman að starfa á kraftmiklum vinnustað“

Starfsfólkið er lykillinn að árangri fyrirtækisins

Mér finnst gaman að sjá hugmyndir verða að veruleika og takast á við metnaðarfull markmið. Nú þrífst ég á því að vinna að framtíðarsýn dk. Við höfum náð góðum árangri og leggjum áherslu á að vera í formi til framtíðar. Ég er forvitin að eðlisfari og þrífst því vel í tækni-geiranum, þar er alltaf eitthvað nýtt og spennandi sem við erum að fást við,” segir Hulda Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar. Hulda hefur gegnt því starfi síðan í nóvember 2022 en áður gegndi hún stöðu sviðsstjóra sölu- og markaðssviðs hjá fyrirtækinu frá nóvember 2021.

„Ég er vissulega með ástríðu fyrir því sem ég er að gera, en sérstaklega gaman finnst mér að hjálpa fólki og fyrirtækjum að vaxa og ná markmiðum sínum,” segir Hulda.

„Ég hef fengið að kynna þvi hversu gríðarlega mikil þekking, fagmennska og kraftur býr hjá dk og er ákaflega stolt af því að fá að leiða þann frábæra hóp fólks sem þar starfar í gegnum þær áskoranir sem við stöndum öll frammi fyrir í starfænum veruleika. Ég veit fátt skemmtilegra en að vera leiðandi í stafrænni vegferð og þess vegna hef ég þrífst vel hjá tækni- og ráðgjafafyrirtækjum í alþjóðlegu umhverfi.“

Hulda er gift með tvö uppkomin börn og á tvær ömmustelpur að auki. Hulda er mikil fjölskyldumanneskja og lifir fyrir góðar stundir með fjölskyldunni. „Ömmuhlutverkið er stórkostlegt og samverustundirnar með ömmustelpunum mínum engu líkar. Ég og maðurinn minn, Árni, leitumst við að lifa lífinu lifandi, erum bæði í þrjúpraut og höfum verið að spreya okkur á hálfum járnkarli. Þetta finnst okkur skemmtilegt, sérstaklega félagskapurinn en systur mínar hafa líka verið með mér í þessu sporti og æfingarnar styrkjandi fyrir líkama og sál,” segir Hulda.

„Ég er uppálin í vesturbænum og er Reykvikingur í báðar ættir, yngsta dóttir af fjórum fyrrv. rektorshjónanna Valdísar Árnadóttur og Guðmundar K. Magnússonar prófessors. Auk Íslands hef ég verið búsett í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Ég hef alltaf verið mikill bókaormur og haft gaman af því að læra. Þar liggur minn drifkraftur og ég heillaðist af heimi upplýsingatækni þar sem við þurfum sífellt að vera að aðlaga okkur að breyttum aðstæðum.“

Gaman að starfa á kraftmiklum vinnustað

Hulda er iðnrekstrarfræðingur, með B.Sc. í alþjóðlegri markaðsfræði frá Tækniháskóla Íslands og MA-diplómu í fræðslu og stjórnun frá HÍ auk þess að vera PCC-vottaður markþjálfari. Hulda var áður framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar norska tækniyrirtækisins Itera sem hefur síðastliðin ár verið á lista

yfir mest nýskapandi fyrirtæki Noregs, þvert á atvinnugreinir. Árið 2019 stofnaði hún ásamt eiginmanni sínum Clarito, sem sérhæfði sig í stjórnun viðskiptatengsla með skjálausnum frá Microsoft.

Frá 2015-2017 var Hulda sölustjóri samstarfsaðila hjá Crayon og frá 2007-2014 starfaði hún hjá Microsoft, lengst af sem sölustjóri lítilla- og meðalstórra fyrirtækja. Hún hefur einnig verið mannauðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu, yfirmaður markaðsrannsóknna hjá Icelandair og deildarstjóri tölfraði hjá Flugmálastjórn. Hulda er jafnframt einn af stofnendum VERTOnet, samtaka kvenna í upplýsingatækni.

„Ég kem inn til dk á tímum þess þar sem breytingakraftur ríkt innan fyrirtækisins. Upplýsingatækni er sá geiri sem þróast hvað hraðast, fullur af lífi og nýsköpun og grundvallast á hugviti og þekkingu. Segja má að landamærin séu að þurrkast út og samkeppni við erlend fyrirtæki að aukast. Við erum stöðugt að þróa nýjar lausnir og leggjum okkur fram við að viðskiptavinir okkar njóti bestu lausna og þjónustu hverju sinni.“ segir Hulda. „Kraftinn í vinnunni fæ ég í gegnum bæði verkefni og samstarf. Hjá dk starfar öflugur hópur fólks með gríðarlega reynslu, góða menntun og sérhæfingu. Við erum með fjölbreyttan hóp samstarfsaðila og viðskiptavina í öllum atvinnugreinum. Drifkrafturinn hjá dk er mikill og mér finnst ákaflega skemmtilegt að starfa á svona kraftmiklum vinnustað.“

Fyrst í flokki framúrskarandi fyrirtækja

dk er í fyrsta sæti meðalstórra fyrirtækja sem Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo og í fyrsta sæti í sama flokki sem Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2023 Keldunnar og Viðskiptablaðsins, auk þess að fá viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar annað árið í röð. Hjá fyrirtækinu eru nú konur í meirihluta stjórnenda í fyrsta sinn í sögu fyrirtækisins, auk þess sem stjórnarformaðurinn er kona að sögn Huldu. Rekstur dk hefur verið stöðugur og við leggjum áherslu á fjölbreytni, ekki bara hvað varðar jafnrétti, heldur einnig hvað varðar samvinnu aldurs hópa og samvinnu þvert á landshluta og landamæri sem dæmi.

Hulda kveðst hafa heilmikinn áhuga á framþróun og telur að framtíðin sé sérstaklega áhugaverð enda munu tækni-nýjungar, svo sem gervigreind hafa áhrif á líf okkar allra.

Hulda segir að dk hugbúnaður hafi náð góðum árangri í gegnum árin. dk hefur selt einn vinsælasta viðskiptahugbúnað landsins í aldarfjórðung og starfa um 60 manns hjá fyrirtækinu við hugbúnaðargerð og þjónustu í Reykjavík og á Akureyri. Um ræðir alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi, sem er þróað á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og er leiðandi á sínu sviði. Hröð, nákvæm og örugg meðhöndlun upplýsinga er lykilþáttur í rekstri fyrirtækja og er ráðandi, jafnt við daglega stjórnun sem stefnumótandi ákvarðanir.

Síðasta ár hjá dk einkenndist af framsækni og virðisaukandi

nýjum lausnum fyrir viðskiptavinir okkar. Til að mynda kom ný útgáfa af dk hugbúnaðinum út í síðasta mánuði sem innihélt fjölda allan af nýjungum og góðum viðbótum. Kerfið er í stöðugri þróun í takt við markaðinn og er gríðarlega spennandi nýjunga að vænta á árinu. dk One appið, hefur verið mjög vinsæl lausn hjá dk og er ætlað fyrir þá notendur sem eru mikilvæg á ferðinni og vilja geta nýtt nýjustu tækni. dk One er bæði veflausn og app sem einfaldar vinnu við bókhald, sölu, samþykktir reikninga, kostnaðarskráningu, verkþókhaldsskráningu og skýrslugerð. Nýtt afgreiðslukerfi hefur líka verið gríðarlega vinsælt hjá okkur undanfarið, dk Pos App er afgreiðslukerfi og posi í einu og sama tækinu.

Eins höfum við verið að þróa sérhæfðar lausnir fyrir ýmsar atvinnugreinar, svo sem sjómannaalaun, heilbrigðislausnir, félágakerfi og flestir ættu að þekkja app sem dk þróaði fyrir Endurvinnsluna, skilað og skannað, þar sem viðskiptavinir fá skilgjalddið greitt út í gegnum app í símanum.

Í dag eru notendur dk hugbúnaðar hérlandis um 11.000. Þeir eru úr flestum atvinnugreinum og fjölgar ört. dk býður upp á heildarlausnir í hýsingarþjónustu og yfir 31.000 fyrirtæki eru í hýsingu hjá dk hugbúnaði. Í dag er hýsingarþjónusta dk hugbúnaðar ein sú stærsta á landinu. Notendur kerfisins tengjast þjónustunni gegnum netið, hvaðan sem er úr heiminum sem skapar tvímælalaust hagræði.

Framtíðin er björt hjá dk

„Við hjá dk erum sjálfstæð eining á Íslandi en erum partur af stærri heild. Þá er ég að vísa til þess að eigendur dk eru TSS (Total Specific Solutions), sem er með yfir 160 fyrirtæki í heiminum í dag í 26 löndum. TSS er hluti af Topicus sem er skráð í hollensku kauphöllinni. Fyrirtæki í eigu TSS á Norður-löndunum eru í dag 17, og þar af 2 á Íslandi. Það er mikill styrkur að hafa svo öflugt bakland,” segir Hulda.

„Við viljum hafa jákvæð áhrif á umhverfið og erum með sjálfbærnimarkmið okkar að leiðarljósi. Starfsfólkið okkar er lykillinn að árangri fyrirtækisins og við kappkostum að bjóða upp á eftirsóknarvert starfsumhverfi og erum á spennandi vegferð hvað það varðar. Eins fluttum við höfuðstöðvar okkar nýlega á Dalveg 30, sem er nýtt húsnæði sem er byggt samkvæmt byggingarstöðlum BREEAM en meðal markmiða BREEAM vistvottunar er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif við hönnun og framkvæmd bygginga og skapa heilnæman vinnustað,” segir Hulda.

„Ég leitast við að hafa áhrif á fólk með góðum samskiptum og opnum huga, leitast við að vera betri í dag en í gær. Ég horfi björtum augum til framtíðar dk sem stendur styrkum fótum, 25 ára, og hefur eftirspurn eftir vörum og þjónustu dk aldrei verið meiri. Við höfum náð árangri og ætlum okkur áfram að vera leiðandi í stafrænni framtíð.“

Hildur M. Jónsdóttir er stofnandi Heilsubankans og fem.is.



Ljósmynd/Árni Sæberg

Besti hvatinn að hjálpa öðrum

„Lífið hefur fyrst og fremst verið minn kennari“

Markmið mitt er að aðstoða eins marga og ég get við að feta sömu braut og ég hef farið og vonandi hjálpa þeim að ná sambærilegum árangri og ég hef náð,“ segir Hildur M. Jónsdóttir stofnandi og eigandi Heilsubankans en hann var opnaður 2006 við góðar undirtektir.

Hildur hafði verið að kljást við heilsuáskoranir meira og minna allt sitt líf og leitaði stöðugt leiða til að bæta líðan sína. Þjó hún orðið yfir miklum fróðleik um heilsutengd málefni og var hvött til þess að miðla þekkingu sinni á einhvern hátt þannig að fleiri gætu notið góðs af og úr varð vefurinn Heilsubankinn.is.

Á sama tíma fannst henni vanta vettvang þar sem fólk gæti fræðst um leiðir til að byggja upp og bæta heilsu sína, til viðbótar við þær aðferðir sem hefðbundna heilbrigðiskerfið bauð upp á. Þegar Hildur svo náði loksins árið 2015 að taka heilsu sína algjörlega í eigin hendur setti hún saman þróunarmarkmið eftir áralanga rannsóknarvinnu og náði loks fullum bata. Þetta fór að spyrjast út og fólk byrjaði að leita til Hildar eftir sambærilegri hjálpi. Þetta leiddi til þess að Hildur byrjaði með sin geysivinsælu námskeið á netinu og hafa yfir eitt þúsund manns farið í gegnum námskeiðin hennar.

Með stofnun Heilsubankans tókst Hildi að sameina þetta tvennt; að miðla fróðleik og skapa þekkingarbanka fyrir heilsutengd málefni. „Það eru sem betur fer frábærir hlutir að gerast í samfélaginu varðandi áherslur þegar kemur að heilsu og heilbrigði, en því miður þá henta þessar áherslur oft betur fólki sem er við fulla heilsu fyrir og er með úthald og getu,“ segir Hildur.

„Það sem ég brenn fyrir og legg áherslu á í minni vinnu er að fólk sem hefur oft verið langveikt og með alvarlega sjúkdóma, og nær heilsu með minni hjálpi, muni ekki þurfa á minni hjálpi að halda í framtíðinni heldur muni þessar lausnir sem ég byggi á komast inn í almenna heilbrigðiskerfið og fólk fari að fá raunverulega hjálpi við að ná fullri heilsu. Almenna heilbrigðiskerfið býr því miður ekki í dag yfir góðum verkfærum til að hjálpa fólki í krónískum heilsuvanda.“

Tök stjórnina í eigin hendur

Hildur segist hafa lent á „algjörum vegg“ árið 2012 en verið búin að stefna þangað mjög lengi, í raun frá barnæsku. „Ég

byrjaði að safna á mig sjúkdómsheitum allt frá fyrstu árunum en ég hunsaði alltaf merkin og setti bara undir mig hausinn, eins og sönnum Íslendingi sæmir,“ segir hún. „Það var búið að greina mig með alls kyns gigtarsjúkdóma, meltingarsjúkdóma, skjaldkirtilssjúkdóm, hjartavandamál, krónískt migreni sem var algjörlega að fara með mig, síþreytu og fleira. Að auki var ég í raun búin að lenda þrívægis í alvarlegri kulnun og átti engin góð verkfæri til að koma mér út úr því ástandi að fullu.“

Hún segir að það hafi tekið sig langan tíma að átta sig á að hefðbundna heilbrigðiskerfið var ekki með neinar góðar lausnir fyrir hana. „Yfir lengri tíma varð ég bara þreyttari, þyngri og verkjaðri, þannig að það kom að því að það var annaðhvort að gefast bara upp fyrir lífinu og lífa því eftir einhverjum lágmarks-gæðum eða taka stjórnina í eigin hendur,“ segir Hildur.

„Ég er með nokkurra ára háskólanám að baki en lífið hefur fyrst og fremst verið minn kennari. En ég trú samt að öll þekking og allt nám nýtist okkur alltaf í öllum okkar verkefnum, þó þau hafi jafnvel ekki beint með það að gera hvað við lögðum stund á í námi. Ég tel að einmitt þessi færni, að nýta sína eigin færni og áhuga á skapandi hátt, sé framtíðin fyrir okkur, um leið og gervigreindin fer að verða okkur hæfari í að setja fram þá þekkingu sem fyrir hendi er.“

Hildur verður með fritt kynningarnámskeið á næstunni um hvað við þurfum að gera til að styðja líkamann í því verkefni að komast til heilsu. Nánari upplýsingar eru á Heilsubankinn.is.

Alltaf brunnið fyrir feminisma

Í marsmánuði mun Hildur fara af stað með FEM, vettvang fyrir konur til að vinna að þróun hugmynda og finna leið til að koma þeim á framfæri á netinu. Þetta er verkefni sem gengur út á að efla konur í eigin rekstri eða fara af stað með rekstur, til að taka frumkvæði og láta drauma sína rætast. Hægt er að fá grunnmynd að verkefnum á vefsíðunni Fem.is, en hugmyndin hafði lengi blundað í Hildi.

„Ég hef alltaf brunnið rosalega fyrir feminisma,“ segir hún. „Um 25% af stofnuðum fyrirtækjum eru í eigu kvenna og 75% þá í eigu karlanna. Ég hef fylgst mikið með umræðunni um af hverju konur eru ekki sýnilegri í atvinnulífinu á æðstu stöðum og það er mikið búið að berjast fyrir að ná jafnari hlut í til dæmis stjórnarsetu kvenna, en ég tel að á meðan konur séu ekki jafngildandi í atvinnulífinu í eigin rekstri og séu ekki að búa til peninga í sama magni og karlar, þá verði aldrei jafnrétti. Einköngu 2% af fyrirtækjum kvenna ná veltu yfir 100 milljónir á ári.“

Hildur segir eina mest spennandi áskorunina við verkefnið vera þá miklu breidd sem hægt sé að skoða í rekstri á netinu. „Ég er að leggja áherslu á konurnar og það sem mér finnst svo spennandi er að hugmyndirnar sem við getum unnið að eru algjörlega óþrjótandi,“ segir hún.

„Það eru engin takmörk fyrir því hvað er hægt að fara með á netið. Ég hef fylgst mikið með konum í netrekstri erlendis því ég hef verið sjálf í þessu í nokkur ár og hugmyndirnar sem þær eru að vinna með eru gríðarlega fjölbreyttar. Þetta byggist allt á styrkleikum þínum, færni og áhuga, frekar en einhverri menntun þannig lagað. Þú getur farið af stað með svo ólík svið og hugmyndir.“

Aukið frelsi á netinu

Í gegnum rekstur sinn yfir árin hefur Hildur þjónustað tugi þúsunda manns hjá tveimur farsælum netfyrirtækjum sem hún setti á stofn á mjög ólíkum sviðum. Atvinnurekstur á netinu hefur upp til hópa hentað konum mjög vel, að sögn Hildar. „Það sem við fáum oft í gegnum rekstur á netinu er auknið frelsi,“ segir Hildur og telur upp: „Aukið frelsi með staðsetningu, tíma, tekjumöguleika, rekstrarútfærslur og alls konar aðra þætti. Þegar karlmenn eru spurðir hvers vegna þeir stofna fyrirtæki þá er algengasta svarið hjá þeim einfaldlega til að þéna peninga en konur svara oftar að þær vilji auka frelsi sitt, geta valið verkefni og vinnutíma. Það er munur á kynjunum þarna.“

Hildur segir muna gífurlega miklu þegar landsvæði heftir ekki starfsgetu eða þjónustu. „Þegar við erum að vinna með netrekstur, þá erum við að færa okkur úr því að selja klukkustundirnar okkar í sólarhringnum í að geta þjónustað fleiri í einu á stærra svæði. Þá erum við búin að brjóta þetta þak á tíma og tekjumöguleikum,“ segir hún.

Hugmyndin með FEM er að styðja konur, sem eru nú þegar í rekstri eða dreymir um að fara af stað með einhver spennandi verkefni, til að koma þeim hugmyndum yfir á netið.

Á Íslandi myndast oft mikil sérþekking og færni því við erum svo fá, þannig að við þurfum oft að skapa okkur sérstöðu. Slík verkefni eru upplögð til að fara með yfir á netið. En bókstaflega allt sem þú kannst, hefur góða færni í, elskar að gera og getur leiðbeint öðrum með, getur mögulega orðið grunnur að farsælum netrekstri.

Hægt er að skrá sig á póstlista á fem.is til að fylgjast nánar með framvindunni á þessu spennandi verkefni.

Linda Björk Halldórsdóttir er mannauðsstjóri hjá Skeljungu.



Ljósmynd/Eggert Jóhannesson

„Þessi geiri hentar öllum kynjum“

Félagslegi þátturinn gífurlega mikilvægur í bæði lífi og starfi

Linda Björk Halldórsdóttir hefur gegnt starfi mannauðsstjóra Skeljungs í sex ár en hún er með mastersgráðu í mannauðsstjórnun og BS í viðskiptafræði. Eftir viðskiptafræðina fór hún að vinna í Landsbankanum í tíu ár og gerðist einnig annar varaformaður SSF, sem Linda segir að hafi gjörbreytt stefnu sinni í lífinu á besta máta. „Pá fór ég að starfa rosa mikið í kringum fólk, réttindi fólks og allt þetta. Pá sá ég að mig langaði frekar að fara

mannauðsleiðina en peningaleiðina með mastersnáminu. Mér fannst mannauðurinn skipta meira máli.“

Hjá Skeljungu er lögð áhersla á að starfsfólk þróist og fái fjölbreytt verkefni. Lögð er áhersla á regluleg frammistöðusamtöl til að greina og virkja þróun starfsfólks í starfi með markvissum hætti. Þá er starfsfólkið líka hvatt til að vera stöðugt vakandi fyrir leiðum til að greina og virkja þróun starfsfólks í starfi á markvissan hátt.

Fletir hugsaðir upp á nýtt

Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkupörf fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt. Starfsemi Skeljungs er á sviði sölu og þjónustu við fyrirtæki tengt fjölkorku. Fyrirtækið sér um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurólíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustubáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, í flug og verkstöðu er einnig hluti af starfsemi. „Það er hægt að læra allt. Hvað sem er, sama um hvað hluturinn snýst. Hvort sem hann snýst um olíu, snyrtivörur eða annað. Við förum að huga að því hvernig við gætum gert Skeljung áhugaverðan,“ segir Linda. „Skeljungur hefur þó ávallt verið mjög karllægt fyrirtæki. Það er auðvitað mikið af frábærum mönnum að vinna hérna en okkur hefur vantað konur í hópinn.“

Að sögn Lindu er mikilvægt að gæta þess í starfi sínu að umbylta staðalmyndum til þess að innleiða þarfar breytingar og meiri fjölbreytni. „Þegar þú ferð inn í svona karllægt fyrirtæki og það losnar staða, þá er það svolítið fast í menningunni að ef karlmaður er búinn að sitja í starfinu í vissan tíma og yfirmaður fer síðan að leita að nýjum í það starf, þá getur hann verið svolítið fastur í þeirri hugsun með starfsmanninn sem var. Þegar kemur að því að ráða í starf, þá passa ég að fá stjórnendur til að hugsa alveg upp á nýtt þegar farið er að leita að öðrum í starfið. Það hefur tekist vel,“ segir Linda.

„Það er svolítið gaman að sjá hvernig stjórnendur eru farnir að átta sig á þessu með viss störf, að geta komið að borðinu með enga fyrirframákveðna mynd af stöðunni. Aldur, kyn, kynhneigð, það skiptir engu, þetta á að snúast um að fá flottan starfsmann sem passar inn í hópinn og starfið sem við erum að leita að.“ Linda segir þó alltaf eitthvað sem má gera betur. „Í bílstjórahópnum okkar þurfum við að ná betra hlutfalli kynja þar sem við erum bara með karlmenn að keyra, en við viljum



Hjá Skeljungu er lögð áhersla á að starfsfólk fái fjölbreytt verkefni.

sjá breytingar þar,“ segir hún. „Við hvetjum öll kyn til að sækja um þegar við auglýsum eftir bílstjóra.“

Aukning ánægju í starfi

Skeljungur fór í úttekt vegna jafnlaunavottunar í júlí síðastliðnum og fékk endurvottun til næstu þriggja ára. Niðurstaða vottunarinnar var að óútskýrður launamunur milli kynjanna minnkar úr 3,6% í 0,4% á milli ára. Má jafnframt geta þess að í lok árs 2022 voru 16% konur hjá fyrirtækinu og 84% karlar en lok árs 2023 voru hlutföllin 21% konur og 79% karla. „Það eru fleiri farnir að hugsa „hvað getum við gert til þess að fá konur inn?“ og gera okkur sýnilegri; að segja að þessi geiri hentar öllum kynjum.“

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnu- markaði. Skeljungu hefur verið hrósað í úttektinni fyrir að launaákvæðanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundinn launamun. Unnið sé vel eftir þeim verklagsreglum sem settar hafa verið í kringum vottunina og snúa að launum og öðrum hlunnindum starfsmanna. Linda segir þetta frábæran árangur hvað launamun kynjanna varðar, að mikilvægt sé að hafa í huga að þar sem stór hluti

vinnustaðarins er af sama kyni er líka verið að bera störf saman í úttektinni, þar sem krafist er sömu hæfni, þekkingar, menntunar og/eða reynslu og skoðað hvort einhver óeðlilegur launamunur sé á milli starfa. Starfsánægja hefur jafnframt aukist.

Hjá fyrirtækinu er starfsánægja fólks mæld reglulega, meðal annars líðan þess. „Við erum með sjálfbærnitemi og félagslegi þátturinn er stór partur af lífinu,“ segir Linda. „Við mælum starfsánægjuna allt að átta sinnum á ári, rýnum svo alltaf niðurstöður og vinnum með þær. Við tókum til dæmis eftir því síðasta vetur, sem var mjög erfiður þegar kom að veikindum. Það voru mikil veikindi hjá starfsfólkinu okkar og sumir áttu erfitt með að ná sambandi við hjúkrunarfræðinga og annað.“

Áhersla var lögð á að hlusta og hlúa að starfsfólki með fræðsluerindum svo sem með samningi við Vinnuvernd um heilsufarsmælingar og þjónustu við starfsfólk í veikindum ýmiss konar. „Fólk hefur verið mjög ánægt með þetta, að geta fengið strax samband við réttan aðila í sínum veikindum,“ bætir hún við. Þá hafa 97% starfsfólks sagt að það ríki jafnvægi á milli vinnu og einkalífs en að sögn Lindu skipta þessir þættir öllu máli þegar búa á til vinnustað sem hentar öllum kynjum jafnt.

Atvinnutenging VIRK aðstoðar fólk við að fá vinnu eftir starfsendurhæfingu

Fyrirtæki til í að gefa fólki tækifæri

Atvinnutenging VIRK er samstarf VIRK við fyrirtæki og stofnanir en markmið verkefnisins er að ljúka starfsendurhæfingu á farsælan hátt með því að útvega einstaklingum í starfsendurhæfingu störf við hæfi sem og fyrirtækjum gott starfsfólk ásamt því að halda uppi virkri atvinnuþátttöku á Íslandi og stuðla að heilbrigðu samfélagi.

Jónína Waagfjörð, sviðsstjóri ráðgjafar og atvinnutengingar hjá VIRK, sem byrjaði með verkefnið árið 2016 segir alveg ótrúlegt hvað íslensk fyrirtæki séu öflug. „Íslensk fyrirtæki eru svo mögnuð og tilbúin í alls konar. Þau vilja vera með, gera og leggja sitt af mörkum og eru einstaklega jákvæð gagnvart þessu. Enda er fyrirtækjum sem vilja vera með okkur í atvinnutengingunni alltaf að fjölga,“ segir Jónína með ákafa í röddinni. „Þegar verkefnið hófst var ekkert fyrirtæki með okkur í þessu en núna erum við með 1.600 fyrirtæki í gagnagrunninum okkar og þar af erum við með sérstaka tengingu við mörg hundruð fyrirtæki.“

Jákvæðara viðhorf nú

Jónína talar um að þessi góði árangur sé afrakstur mikillar vinnu hjá góðum hópi. „Þegar við byrjuðum með atvinnutenginguna þá urðum við vör við ranghugmyndir um það hverjir þyrftu á starfsendurhæfingu að halda og fundum stundum fyrir fordómum í garð þjónustuþega okkar. Í dag er viðhorfið mun jákvæðara því fólk veit mikið meira um VIRK núorðið, til dæmis að þjónustuþegar okkar eru þverskurður samfélagsins enda geta allir lent í því að falla af vinnumarkaði.“

Í upphafi var það þannig að eingöngu ráðgjafar sáu um að koma fólki í vinnu og oft útskrifuðum við fólk með skerta starfsgetu sem fékk svo enga vinnu af því að það var enginn að auglýsa eftir þessu fólki,“ segir Jónína og bætir við að því hafi þau viljað breyta. „Það var augljóst að ef við komum fólkinu okkar ekki í vinnu áður en það hætti hjá okkur þá gekk mjög illa að fá vinnu. Við fórum því að hugsa hvað við gætum gert fyrir þennan hóp. Við vorum búin að koma því á þann stað að það gæti farið að vinna en það fékk ekki vinnu.“

Við byrjuðum því á að ráða sérstaka atvinnulífstengla og fara og heimsækja fyrirtæki, segja þeim frá VIRK og hvað við gætum gert. Í raun vinna atvinnulífstenglarnir okkar, sem vinna með þjónustuþegunum og fyrirtækjum, þetta eins og vinnumiðlun, koma með ferilskrár og sýna hvað fólk getur gert og skoða hvort fyrirtæki vilji gefa þeim tækifæri.“

Konur í miklum meirihluta

Það eru mun fleiri konur sem leita til VIRK heldur en karlmenn, eða um 70% allra sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Spurð hvort konur þurfi frekar á starfsendurhæfingu að halda eða séu hreinlega duglegri að leita sér hjálpar segir Jónína að það sé sennilega blanda af hvoru tveggja. „Vissulega eru konur duglegri að leita sér hjálpar og við höfum oft rætt um að við þurfum að fara í áttak til að upplýsa karlmenn um þennan möguleika.“

En svo má ekki gleyma að það eru stórar stéttir af störfum sem konur sinna frekar, eins og hjúkrun, kennsla, sjúkraliðun og svo framvegis. Konur eru í miklum meirihluta í þessum stéttum, svo fara þær heim og eru með annað umönnunarstarf heima hjá sér líka þótt það hafi vissulega breyst og karlmenn séu að taka þátt í meiri mæli. Umönnunarstörf eru náttúrulega mjög erfið, bæði líkamlega og andlega, og það er eflaust hluti af ástæðunni fyrir því að konur eru í meirihluta hjá okkur. Svo kjósa sennilega því miður margir karlmenn frekar að fara þetta bara á hnefanum.“

Vinnuþrófun er góð byrjun

Þá talar Jónína um að vinnuþrófun hafi reynt mjög vel í atvinnutengingu en vinnuþrófun sem er í sex til átta vikur getur, ef vel gengur, orðið að starfi. „Við erum með mikið af litlum fyrirtækjum og vinnuþrófun er því oft góð byrjun. Þá fær fólk tækifæri til að vinna sig upp, byrjar kannski í litlu hlutfalli og vinnur sig upp í það hlutfall sem verið er að ráða í. Í leiðinni er starfsmaðurinn að læra á starfið og sýna að hann getur valdið því.“

Svo kemur stundum í ljós að viðkomandi getur ekki valdið starfinu en þá getur þetta verið finasta vinnuþrófun á ferilskrána og mögulega meðmælandi. Í mörgum tilfellum er ekki von á starfi í lok vinnuþrófunar en ef vinnuþrófunin gekk vel og viðkomandi var ágætur starfsmaður þá er kannski kominn meðmælandi á ferilskrána þannig að það er



Jónína Waagfjörð, sviðsstjóri atvinnutengingar VIRK, talar um að konur séu í miklum meirihluta þeirra sem leita til VIRK, eða um 70% allra sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda.

Ljósmynd/Kristinn Magnússon



Viðurkenningin VIRKT fyrirtæki 2023 afhent. Vigdís forstjóri VIRK, Heiðar frá Vista, Anna Dóra og Dagbjört frá Össuri og Hrönn, hópstjóri atvinnulífstengla VIRK.

alls konar að græða á því að koma fólki inn á vinnumarkaðinn þannig að það fái að reyna sig,“ segir Jónína og bætir við að núorðið sé algengt að fyrirtæki setji sig í samband við VIRK til að láta vita að þar séu laus störf.

„Til að kanna hvort við séum mögulega með einstaklinga sem gætu tekið starfið. Fyrirtækin hafa þá reynslu af því að ráða fólk í gegnum VIRK, fólk sem er með mikla þekkingu og starfsreynslu þó það geti kannski ekki unnið 100% starf. Það getur og kann starfið en ræður eingöngu við minna starfshlutfall, að minnsta kosti til að byrja með. Það er min reynsla að fyrirtæki eru oft til í að gefa fólki tækifæri.“

Að koma í veg fyrir langtímaveikindi

Það er augljóst að Jónína hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu en hún hefur starfað hjá VIRK í bráðum 11 ár. Hún er sjúkraliðari og auk þess með gráðu í heilsuhagfræði frá London School of Economics sem og diplóma í verkefnastjórnun. „Fyrir 11 árum sótti ég um tímabundið starf hjá VIRK, að taka við þróunarverkefni um fjarverustjórnun. Verkefnið hét Virkur vinnustaður og við vorum með 30 fyrirtæki og leiðbeindum þeim með gerð á fjarverustefnu og hvernig þau gætu fylgst með fjarvistum hjá fólkinu sínu til að koma í veg fyrir langtímaveikindi.“

Rannsóknir hafa sýnt að starfsfólk sem er með mestu veikindafjarveruna er líka gjarnara á að svara játandi að það mæti í vinnuna veikt

en það starfsfólk er líka líklegra til að enda í langtímaveikindum. Hins vegar er starfsfólk með litla veikindafjarveru gjarnara á að svara neitandi ef það er spurt hvort það mæti í vinnuna veikt. Með því að fylgjast með þessu geta vinnustaðir hjálpað þessu starfsfólki að stunda vinnuna betur með því að koma til móts við það með breytingum á vinnutíma, verkefnum eða aðlaga vinnuna betur getu starfsmannsins tímabundið eða til lengri tíma.

Ástæður fyrir fjarveru geta líka verið af ýmsum toga eins og til dæmis samskiptavandi inni á vinnustaðnum, náinn ættingi glímir við veikindi eða eitthvað þess háttar. Með því að fylgjast vel með fjarveru og ræða við starfsfólk þá er hægt að vinna með því með aðstoð fyrirtækisins.“

Lítið frá vegna veikinda

Jónína viðurkennir að stundum glími VIRK við þá fordóma að fólk sem kemur úr starfsendurhæfingu sé meira veikt en aðrir starfsmenn. „Rannsóknir sýna hins vegar að fólk sem er með skerta starfsgetu er ekki meira frá vegna veikinda en aðrir. Þetta eru bara venjulegir starfsmenn sem verða veikir eins og gerist og gengur. Oft er þetta einmitt starfsfólkið sem er sjaldan veikt og skreppur aldrei frá því það er í minna starfshlutfalli og nýtir tímann því betur.“

Svo er áhugavert að segja frá því að rannsóknir sýna líka að það er betra, ef aðstæður leyfa, að tengjast vinnustaðnum á veikinda-

tímabili, það eflir starfsmanninn og meiri líkur eru á að hann komi fyrr til vinnu. Oft er því betra að vera í litlu starfshlutfalli og vera í veikindaleyfi á móti, þá eru meiri líkur á að fólk komist aftur til vinnu.

Einu sinni var talað um að fólk í kulnun ætti að fara að fullu í veikindaleyfi en þetta er að breytast líka hjá þessum hópi. Það er því betra að vera kannski í 20% starfshlutfalli, hálfur dagur tvisvar í viku, því þá heldur starfsfólk tengingu við vinnustaðinn sinn og samstarfsfólkið en er alla hina dagana að ná sér á strik aftur.“

VIRKT fyrirtæki 2024

Þessa dagana er Jónína og samstarfsfólk hennar hjá atvinnutengingu VIRK að skoða hvaða fyrirtæki fái viðurkenninguna VIRKT fyrirtæki 2024 en það er viðurkenning sem veitt er þeim fyrirtækjum og stofnunum sem sinnu samstarfinu við VIRK sérlega vel og sýndu samfélagslega ábyrgð. Í fyrra hlutu 13 fyrirtæki tilnefningu og að lokum voru það Össur Iceland og Vista sem fengu viðurkenningu sem VIRKT fyrirtæki 2023. „Þetta var mjög skemmtilegt en við heimsóttum öll fyrirtækin sem hlutu tilnefningu í fyrra og mikil ánægja var hjá þeim sem hlutu tilnefninguna. Við viljum að fyrirtækjunum okkar finnist atvinnutengingin vera eitthvað sem þau vilja taka þátt í. Enda skilar þetta þeim hellingi, sem og einstaklingunum og auðvitað þjóðfélaginu öllu,“ segir Jónína að lokum.

„Hver dagur skiptir máli“

Einstök minning í hverjum viðburði

M arkmið mitt er að veita góða þjónustu og gera hvern viðburð að ógleymanlegri upplifun. Viðburðurinn þinn á að vera dýrmæt minning,” segir Valdís Ósk Ottesen, eigandi og stofnandi veitingastarfseminnar Viðburðapjóna.

Á innan við ári hefur líf Valdísar gjörbreyst en þetta starf er gamall draumur hennar sem varð síðar að veruleika. Hún segir að persónuleg þjónusta sé nauðsynleg og einn helsti galdurinn við svona störf; að virkilega hlusta á viðskiptavininn, hvað hann sér fyrir sér og hrinda því í framkvæmd. „Það fylgja því ýmis fjölbreytt verkefni að halda utan um viðburði fólks. Hver einn og einasti viðburður er mjög mikilvægur þar sem þetta er oft stund sem fólk er að upplifa drauma sína.“

Viðburðapjónar hafa staðið að ótalmörgum og fjölbreyttum veislum, 162 viðburðum nánar tiltekið, frá smáum heimaviðburðum til 1.800 manna árshátíða. Þá má einnig geta þess að Viðburðapjónar sáu meðal annars um brúðkaupið hjá athafnaparinu Gretu Salóme Stefánsdóttur og Elvari Þór Karlssyni sem haldið var í apríl á síðasta ári. Það heppnaðist eins og í sögu og brúðhjúnin voru hæstánægð með utanumhaldið. Þá kveðst Valdís vera þakklát fyrir að vera treyst fyrir stærsta degi í lífi margs fólks.

Segir hún brúðkaupin á meðal sinna uppáhaldsviðburða og segir: „Þá eru allir svo glaðir og finir. Þetta er minning sem verður alltaf í lífi þínu.“

„Lausnir, ekki vandamál“

Valdís er 33 ára, fædd og uppalin í Seljahverfi í Breiðholti. Í dag er hún gift Sveini Andra og eiga þau þrjá syni. Það eru þeir Alexander Helgi, Þórhallur Stefán og Mikael Máni, en síðan eru það hundarnir Gucci og Perla sem tilheyra einnig fjölskyldunni. Valdís



Valdís Ósk Ottesen, eigandi og stofnandi Viðburðapjóna.

Ljósmynd/Eggert Jóhannesson

hlaut menntun sína sem framreiðslumaður frá Menntaskólanum í Kópavogi þar sem hún útskrifaðist árið 2016. Allan starfsferilinn hefur þjónusta og framreiðsla verið rauði

þráðurinn þar sem hún hefur meðal annars starfað hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Perlunni.

Hafði þá Valdís í áraradír burðast með

hugmynd sem hún vissi ekki hvernig hún ætti sjálf að útfæra og ákvað í staðinn að fresta henni. Hún náði þó að koma hugmyndinni sinni á blað þegar covid-faraldurinn skall fyrst á hér á landi. Þá náði hún að finna tíma til að byrja að skipuleggja fyrir alvöru þann rekstur sem hún sá fyrir sér. Síðan lét hún loks verða af því í mars á síðasta ári og við frábærar móttökur að auki.

„Eftir að ég stofnaði fyrirtækið hef ég fengið alls konar áskoranir á sjálfan mig og lært alls konar nýtt, enda er ég mikil keppnisþjá. Ég legg allt í það sem ég ætla og fer helst alla leið fyrir viðskiptavininn. Lykillinn er að finna lausnir og engin vandamál. Síðan er rík og góð þjónusta nauðsynleg í hvern viðburð ásamt snyrtimennsku. Ég þarf að hlusta og skapa það sem fólk vill,“ segir Valdís og ítrekar hvað hún er stolt af starfsfólki sínu, en án þess hefði þetta aldrei getað orðið að veruleika.

Tíminn líður

Álagið er þó ekki alltaf dans á rósum að sögn Valdísar en höfuðmáli skiptir að upplifa góða teymisvinnu. „Auðvitað er þetta líka mjög erfitt,“ segir hún. „Ég er með fjölskyldu sem þarf líka athygli mína og það er krefjandi að vera frá of lengi og byggja upp fyrirtæki, en mitt fólk er mitt klappstýrulið og miklu meira en það. Þau höfðu trú á þessu og studdu mig í þetta, svo við erum öll í þessu saman því án samvinnu gengur ekkert upp.“

Valdís og hennar hópur hafa nóg að skipuleggja á nýja árinu og segir hún það ótrúlega gefandi starf að geta veitt öðru fólki einstakan dag. Að hennar sögn hefur erfði af ýmsum toga úr eigin lífi hjálpað Valdís að gera sér grein fyrir mikilvægi sérhvers dags. „Ég hef upplifað alls konar lífinu. Ég hef kynnst mikilli sorg og horft upp á svo margt, þannig að ég veit að hver dagur er dýrmætur,“ segir hún.

„Þess vegna er betra að elta sína drauma, láta ekkert stoppa sig og hafa trú á sér. Ég gerði það og það var langt frá því að vera auðvelt. Hver dagur skiptir máli.“

„Það er enginn draumur of stór“

Velliðan starfsfólks snertir alla vinnustaði

Það er siðferðisleg skylda vinnustaða að huga vel að velliðan sinna starfsmanna. Á sama tíma getur fjárhagslegur ávinningur fyrirtækja verið umtalsverður við að hlúa að velliðan starfsfólks,“ segir Álfheiður Óladóttir, ráðgjafi, framkvæmdastjóri og

eigandi hjá Vinnu og velliðan. „Stjórnendur fyrirtækja eru í lykilstöðu til að stuðla að aukinni velliðan starfsfólks á vinnustöðum og flestir gera sér grein fyrir að mannauðurinn er sá þáttur er skilar mestu samkeppnisforskoti í nútímavíðskiptaumhverfi.“

Álfheiður er með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun og B.A. í sálfræði. Auk þess er hún meðferðardáleiðari, markþjálfari og viðurkenndur sérfræðingur á sviði vinnuverndar, í félagslegum og andlegum þáttum. Álfheiður hefur fjölbreytta reynslu á sviði mannauðsstjórnunar, verkefnastjórnunar, kennslu og einstaklingsráðgjafar.

Leikreglur um samskipti

Vinna og velliðan er framsækið fyrirtæki á sviði velliðunar á vinnustaðnum. Byggt er á víðtækri þekkingu starfsfólks og áratugalangri reynslu þess á margvíslegum sviðum. Fullyrðir Álfheiður að reynslan hafi sýnt að viðurkenndar aðferðir og inngrip á þessu sviði geti skilað verulegum árangri.

„Velliðan starfsfólks snertir alla vinnustaði. Við veitum ráðgjöf til fyrirtækja hvernig þau geta náð því markmiði að sameina vinnu og velliðan. Við veitum til dæmis sérhæfða ráðgjöf sem er ætluð stjórnendum hvort sem eru æðstu stjórnendur, millistjórnendur eða aðrir sem hafa mannaforráð,“ segir Álfheiður. „Til að ná því markmiði að sameina vinnu og velliðan þá aðstoðum við við gerð samskiptasáttmála en hann er mótaður með þátttöku allra starfsmanna vinnustaðarinnar. Um er að ræða sáttmála



Álfheiður þrífst vel í fjölbreytni.

Ljósmynd/Arnþór Birkisson

um samskipti og einhvers konar leikreglur um samskipti á vinnustaðnum.“ Fræðslumál eru Álfheiði afar hugleikin að hennar sögn og segir hún starfseminna bjóða bæði upp á námskeið, fræðslustjóra að láni og sáttamiðlun. Í sáttamiðlun felst að þriðji aðili er fenginn til að aðstoða starfsmenn við að ná sáttum í deilum sem gætu hafa skapast á

vinnustaðnum. Deilurnar geta verið margs konar og mögulega haft mikil áhrif á allan vinnustaðinn. „Um leið og deilur eru farnar að hafa þau áhrif að starfsmenn finna til vanlíðunar þá þarf að grípa inn í. Þeir sem deila komast sjálfir að samkomulagi eða niðurstöðu, sáttamiðlarinn aðstoðar aðeins í því ferli,“ segir Álfheiður.

Álfheiður segir eina mikilvægustu lexíuna sem hún hefur lært í tengslum við markmiðasetningu vera í formi hugrekkis. „Það er enginn draumur of stór og þú lærir svo mikið á leiðinni. Það þarf líka að leyfa sér að fagna áfangasigrum og njóta vegferðarinnar. Að sama skapi halda sér við efnið og vinna markvisst í hlutum, sækja sér aðstoð og ráð þegar hindranir koma upp. Ég lærði frekar seint hvað það er mikilvægt að vinna markvisst í tengslanetinu og leyfa sér að vera sýnilegur. Ég myndi hvetja alla til að huga vel að því og það eru frábær tækifæri til þess, til dæmis í félagsstarfi FKA,“ segir hún. „Ég ákvað fyrir nokkrum árum að elta verkefni sem tala til mín og veita mér gleði. Og segja já takk við áhugaverðum tækifærum og ýta þannig sjálfri mér út fyrir þægindarammann. Það hefur falið í sér að ég hef komið að ansi fjölbreyttum verkefnum í gegnum tíðina og hef kynnst frábæru fólki á leiðinni. Þannig finnst mér ég hafa vaxið mest, bæði persónulega og faglega.“

Fjór í fjölbreytninni

Spurð að því hvernig þessi starfsferill varð fyrir valinu segist Álfheiður þrífast vel í fjölbreyttum verkefnum og hafi það verið kveikjan að þessu. „Þetta starf sameinar áhuga minn á sjálfsefningu einstaklinga og að geta haft jákvæð áhrif á velliðan fólks. Ég hef leitast við að koma þeim áhuga í farveg með ýmsum hætti, meðal annars sem meðferðaraðili, markþjálfari, kennari og ráðgjafi,“ segir Álfheiður. „Ég þarf að hafa sveigjanleika og frelsi til að gera hluti sem ég brenn fyrir, læra nýja hluti og vaxa sem einstaklingur. Það hentar mér því mjög vel að vera í eigin rekstri í samvinnu við frábært teymi þar sem við deilum öll þeirri sýn að vilja efla velliðan fólks á vinnustöðum.“ Segir hún það vera göfugt markmið vinnustaða að skila starfsfólki sínu heim til sín að vinnudegi loknum í sama ástandi eða jafnvel betra en þau voru í að morgni.



Hvað gerist eiginlega ef raforkuöryggi heimila og vinnustaða er ógnað?



Raforkuöryggi heimilanna hefur verið töluvert til umræðu að undanfögnu.

„Málið snertir orkuauðlindir og orkuöryggi þjóðarinnar“

Þessi rafknúni heimur okkar

Flestir Íslendingar þurfa aldrei að leiða hugann að því hvaðan raforkan kemur og hvort nóg sé til af henni. Við vöknum, kveikjum ljós, tökum símann úr hleðslu, hellum upp á kaffi og njótum kaffisopans um leið og við hlustum á útvarpið. Svo tökum við bílinn eða hjólið okkar úr hleðslu, höldum í vinnuna í birtu ljósastauranna og látum götuvatana um að stýra umferðinni. Tökum lyftuna upp á rétta hæð þar sem rafknúnar rennihurðir færa

sig kurteislega til hliðar. Inni er allt uppljómað af ljósum og tölvuskjám. Á öðrum vinnustöðum er rafmagnið auðvitað jafn mikilvægt, það knýr starfið í skólunum, allt frá leikskólum til háskóla, heilbrigðiskerfið gæti ekki starfað án þess, ferðaþjónustan myndi fljótt lenda í vandræðum ef hótél og veitingastaðir fengju ekki nóg rafmagn og svona mætti lengi telja. Við búum við orkuöryggi, en getum við treyst á að svo verði áfram?”

Kristín Linda Árnadóttir er aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og hefur verið í rúm fjögur ár. Áður gegndi hún stöðu forstjóra Umhverfisstofnunar í rúman áratug. „Ég hef átt því láni að fagna að koma að orkumálum frá ýmsum hliðum. Raforkumál á Íslandi eru umhverfis- og loftslagsmál því við eigum kost á fullum orkuskiptum þar sem græna orkan okkar kemur í stað jarðefnaeldsneytis.“

Raforkuöryggi heimilanna hefur verið töluvert til umræðu. Kristín Linda segir fulla ástæðu til að ræða það í þaula. „Það er engin ástæða til að predika heimsendaspá. Við erum svo lánsöm að eiga 100% græna orkuvinnslu og við höfum stórt forskot á flestar aðrar þjóðir hvað orkuskipti varðar. Fyrri kynslóðir hér á landi sáu til þess með því að leggja hitaveitu alls staðar þar sem henni varð við komið og rafmagnsvæðingin var með ólíkindum skjót og almenn.“

Hún telur að Íslendingar hafi orðið dálítið værukærir með árunum. „Við erum svo góðu vön og höfum gengið að hreinu orkunni okkar vísri. Þess vegna höfum við ekki hirt um að tryggja nægilegt framboð af henni til að heimili og allir almennir vinnustaðir geti treyst á hana um alla framtíð. Forskot okkar í grænni orkuvinnslu hverfur hratt ef við höldum ekki vel á spöðunum.“

Blikur á lofti

Hvað gerist ef raforkuöryggi heimila og vinnustaða er ógnað? Kristín Linda segir að almenningur verði að velja þeirri spurningu fyrir sér. „Hvernig fer ef vinnustaðnum er skammtað rafmagn nokkra daga í viku? Hvernig verður að koma heim eftir langan vinnudag og uppgötva þá að einmitt í dag er rafmagns-laust í þínu hverfi fram á nótt af því að ekki er til nóg rafmagn fyrir alla?“ spyr hún áfram.

Hún segir að starfsfólk Landsvirkjunar hafi margoft vakið athygli á að sífellt meiri eftirspurn sé eftir raforkunni, á sama tíma og allar tilraunir til að auka græna orkuvinnslu sitji fastar í löngu leyfisveitingaferli. „Hingað til hefur þetta ekki bitnað á heimilum og almennum vinnustöðum. Við teljum okkur hins vegar sjá þess merki undanfarið að stórnotendur raforku séu farnir að seilast inn á raforkumarkað heimilanna.“

Raforkumarkaðurinn á Íslandi er tvískiptur, segir Kristín Linda. „Stórnotendur gera samninga til langs tíma, jafnvel áratuga og tengjast raforkukerfinu beint. Þær raddir hafa oft heyrst að stórnotendur greiði of lágt verð fyrir orkuna en á síðustu árum hefur Landsvirkjun endursamið við þá flesta og nú greiða þeir verð sem er mjög nærri því verði sem fæst á heildsölumarkaði. Aðrir raforkukaupendur, heimilin og almenn fyrirtæki, fá sitt rafmagn hjá raforkusöllum. Raforkusalar sinna sumir eingöngu því hlutverki en sumir stunda einnig raforkuvinnslu sjálfir. Raforkuframleiðendur, bæði Landsvirkjun og smærri orkufyrirtæki, bjóða raforkuna til sölu á heildsölumarkaði og raforkusalar koma henni áfram til einstakra viðskiptavina.“

Kristín Linda segir að heimili og almenn fyrirtæki þurfi meiri orku í ár en í fyrra. „Vöxturinn milli ára er hægur en öruggur, um 2-3%, enda er landsmönnum sífellt að fjölga og fyrirtækjum sömuleiðis. Það kom okkur hjá Landsvirkjun því í opna skjöldu þegar eftirspurn eftir raforkunni sem við buðum til sölu á heildsölumarkaði fyrir núverandi mánuð reyndist ekki hafa vaxið um 2-3% frá nýliðnu ári heldur um heil 25%. Auðvitað



Kristín Linda Árnadóttir er aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.

fær ekki staðist að heimilin og almenn fyrirtæki hafi tekið slíkt risastökk í orkunotkun milli ára.“

Heimili keppi ekki við stórfyrirtæki

Hér vikur Kristín Linda máli sínu aftur að verði á heildsölumarkaði og verði til stórnotenda. „Þar hefur dregið verulega saman. Þess vegna er ekki óeðlilegt að einhverjir stórnotendur hafi leitað eftir meira rafmagn en langtímasamningar þeirra kveða á um, eða að nýr stórnotandi vilji koma inn á markaðinn og hafi ákveðið að kaupa nauðsynlegt rafmagn á heildsölumarkaði. Þetta veldur hins vegar áhyggjum. Heimili landsins eiga ekki að þurfa að keppa við öflugustu fyrirtækin um raforkuna.“

Landsvirkjun, orkufyrirtæki í eigu þjóðarinnar, hefur ávallt kappkostað að sjá heildsölumarkaðnum fyrir rafmagn jafnvel þótt fyrirtækin beri engin lagaleg skylda til slíks. „Undanfarið árum hefur hlutdeild Landsvirkjunar á heildsölumarkaði verið um 50% og farið heldur vaxandi. Önnur orkufyrirtæki hafa svo deilt með sér hinum helmingnum. Nú þegar við þurfum að vísa á bug góðu fólki með frábærar viðskiptahugmyndir af því að við eigum ekki orku að selja því þá er nauðsynlegt að grípa í taumana.“

Enginn skilinn eftir

Kristín Linda segir öllu máli skipta að orkuskiptin verði sanngjörn. „Með sanngjörnum orkuskiptum á ég við að tekið verði tillit til allra sem málið snertir, enginn verði skilinn eftir. Aukin græn orkuvinnsla er ekki bara mál orkufyrirtækja eða atvinnulífsins. Hún snertir heimilin og auðvitað er snertiflöturinn við íbúa nærsamfélags aflstöðva mjög stór. Við hjá Landsvirkjun höfum alltaf kappkostað að vera góður granni og verðum það áfram.“

Því hefur verið haldið á lofti að hærra verð á grænni orku hvetji orkufyrirtæki heimsins til að auka slíka vinnslu. „Það er sjálfsgert rétt, en má ekki vera eina atriðið sem lítið er til. Það

gleymist stundum að það eru heimilin sem liða fyrir hækkanði orkuverð ef við höldum ekki hlífiskildi yfir þeim. Við verðum að hafa sanngirtna að leiðarljósi.“

Hún lítur orkuskiptin svipuðum augum og jafnréttismál. „Núna þykir öllum sjálfsgott að tekið sé tillit til þarfa og skoðana allra, óháð kyni. Við sjáum vonandi flest að jafnrétti skilar betra samfélagsi, sjáum sanngirtna í því að við eigum öll okkar fulltrúa við ákvarðanatöku um mikilvæg mál.“

Hér á landi er hlutfall kvenna í stjórnnum og stjórnendastöðum orkufyrirtækja hærra en víðast hvar. „Við munum ekki snúa af þeirri leið. Ég er sannfærð um að vegferð okkar í jafnréttismálum styður okkur í orkuskiptunum, því gríðarlega mikilvæga verkefni.“

Upplýsingavefur um orkuöryggi

Orkumál eru ekki einföld og umræður um hver skuli sjá hvaða hluta raforkunotenda fyrir hversu mikilli orku ekki beinlínis létt hjál. „Málið einfaldast ef við leiðum hugann að rafmagnni í daglegu lífi í rafknúna heiminum okkar,“ bendir Kristín Linda á. „Getum við verið án rafmagns heima hjá okkur? Væri það ekki verulegt inngrip í líf okkar ef við yrðum að sæta skerðingum, til dæmis á ákveðnum dögum? Hvernig myndi vinnustaðurinn okkar þola rafmagnsleysi, til lengri eða skemmri tíma? Eftirspurn eftir raforku er vissulega mikil. En við hljótum að setja heimilin okkar og vinnustaði í fyrsta sæti.“

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. „Við stefnum áfram ótrauð að þeirri framtíð og á leið þangað munum við nýta orkuauðlindir þjóðarinnar á ábyrgan og hagkvæman hátt, hér eftir sem hingað til.“

Kristín Linda segir að Landsvirkjun sé líka umhugað um að skýra stöðuna á raforkumarkaðnum fyrir eigendum sínum, íslensku þjóðinni. „Málið snertir orkuauðlindir og orkuöryggi þjóðarinnar. Við höfum nú sett á laggirnar vef um raforkuöryggi, landsvirkjun.is/raforkuöryggi, þar sem staðan er skýrð á einfaldan hátt. Vonandi nýtist sá fróðleikur sem flestum.“



Berglind segir það nauðsynlegt að vera umkringd góðu teymi.

Hugsunin verður oft hvað skýrust í hreyfingunni

Stærri stökk í stafrænni vegferð

g nota markmiðasetningu mjög mikið, bæði í leik og starfi. Ég set mér oft háleit markmið í byrjun nýs árs sem krefjast aga og vinnu en líka önnur raunsæ skammtímamarkmið sem eru auðveldari í framkvæmd eins og að halda matarboð einu sinni í mánuði," segir Berglind Björg Harðardóttir, framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu hjá Símanum en þar hefur hún starfað síðan 2011.

Berglind er með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Viðskipta-háskólanum á Bifröst og hefur lokið PMD-stjórnendanámi frá Háskólanum í Reykjavík. Áður starfaði Berglind hjá Verði, Sjóvá og Sameinaða líftryggingafélaginu.

„Það sem mér finnst skipta máli og gleymist oft í markmiðasetningu er að endurskoða markmiðin reglulega og aðlaga þau jafnóðum, stundum þarf ég að brjóta þau betur niður, breyta um aðferðir eða einfaldlega breyta þeim í takt við breyttar aðstæður. Það nást nefnilega ekki öll markmið og þá finnst mér gott að vera með varaplan í stað þess að gefast upp," segir Berglind.

Út fyrir þægindarammann

Að eigin sögn kveðst Berglind vera mjög árangursdrifin og þrífst hún á því að ná settum markmiðum, hvort sem það er í leik eða starfi. „Ég er dugleg að setja markmið en það er mikilvægt að markmiðin tali til mín og skipti mig einhverju máli. Þegar markmiðin eru skýr og hafa skýran tilgang þá er mér eðlislægt að leggja meira á mig og keppnismannskjan birtist, mér leiðist mjög að tapa," segir hún hress.

„Ég er mikil félagsvera og sæki mikla orku í samveru og samstarfi við annað fólk. Ég nýt þess þegar ég nær að hafa jákvæð áhrif á fólkid í kringum mig og sé samstarfsfólkið mitt vaxa. Mér finnst líka mikilvægt að ögra mér við og við, fara aðeins út fyrir þægindarammann og prófa nýja hluti. Þannig vex maður, ekki bara sem manneskja heldur nær einnig bætingum í leik og starfi í stað þess að vera föst í sama farinu.“

Spurð út í lífið utan vinnu segist Berglind taktföst á því sem hefur skipt hana mestu máli, nánar til tekið þegar kemur að því að skapa ógleymanlegar minningar. Berglind er gift Ásgeiri Ásgeirssyni tónlistarmanni og saman eiga þau tvo uppkomna drengi og einn hund.

„Við höfum lagt áherslu á að vera dugleg að ferðast saman og þá oftast með strákunum okkar á framandi staði sem hefur skapað ómetanlegar samverustundir fyrir okkur sem fjölskylda," segir Berglind. „Við höfum reynt að fara í lengri ferðir önnur hver jól og heimsótt staði eins og Brasilíu, Perú, Indland og Kenía, sem allt hafa ferðir ógleymanlegar upplifanir sem hafa vikkað sjóndeildarhring okkar allra og vonandi viðsýni.“

Gleðin ráði ríkjum

Hreyfing og útivera er einnig stór hluti af lífi Berglindar og skapar það mikilvægt og þarft jafnvægi á milli einkalífs og vinnu. Hún hefur stundað langhlaup í mörg ár, hlaupið fjölmörg maraþon, keppt í þríþraut og stundað gönguskíði.

„Ég hleð batterið og endurnýja orkuna með góðri hreyfingu. Hugsunin verður einnig oft hvað skýrust í hreyfingunni og þá fæ ég oft minar bestu hugmyndir," segir Berglind.

„Mikilvægast fyrir mig í þessu öllu er að vegferðin sé skemmtileg og gleðin ráði ríkjum og að öllum smærri sigrum sé fagnað á leiðinni því ef maður maður fagnar nógu

Berglind Björg hefur starfað hjá Símanum í tæp þrettán ár.



mörgum smásigrum er líklegra að maður fagni stóra sigrinum á endanum.“

Hörð samkeppni í geiranum

Hjá Símanum er mikið um að vera alla daga samkvæmt Berglindi, bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði, og segist hún vera afskaplega heppin með að vera umkringd ólíku, öflugum og frjóu fólk.

Grunngildi Símans er eitt orð: Tengjumst. „Við tengjum fólk við umheiminn og við tengjum fólk saman með fjarskiptum. Sjónvarp Símans tengir svo fjölskyldur og vinahópa yfir áhorfi og við viljum tengjast viðskiptavinum okkar. Síminn verður 118 ára á árinu og hér er ótrúlega mikil og verðmæt þekking en við þurfum alltaf að vera á tánum enda mikil og hörð samkeppni í okkar geira," segir Berglind.

„Við hjá Símanum erum heppin að mikill meirihluti þjóðarinnar treystir okkur, traust er auðvitað áunnið og því mikilvægt að bregðast aldrei því trausti og fara sem oftast fram úr væntingum viðskiptavina okkar. Það er stórt verkefni sem aldrei endar.“

Stutt við ungar konur í tæknigreinum

Síminn hefur veitt fimm ungum konum í tæknigreinum við Háskólann í Reykjavík námsstyrk úr Samfélagssjóði Símans. Styrkurinn er nýttur til að greiða skólagjöld þeirra við HR skólaárið 2023-2024 ásamt því að möguleiki er á áframhaldandi styrk út námið. Námsstyrkurinn er hluti af fimm ára samstarfsverkefni Símans og HR að fjölga ungum konum í tæknigreinum.

Konurnar fimm eru nýnemar í HR og eiga það allar sam-eiginlegt að hafa sýnt framúrskarandi námsárangur í fram-



Berglind hlúir reglulega að heilsunni og stundar mikla hreyfingu.

haldsskóla. Síminn vill þannig hvetja þær til áframhaldandi góðra verka og fjölga konum sem útskrifast úr tæknigreinum. Þetta er annað árið í röð sem Síminn styður við ungar konur í tæknigreinum í samstarfi við HR og eru fyrirtækið og háskólinn gríðarlega stolt af samstarfinu.

Berglind talar um að Síminn hafi farið í gegnum mikla stefnumótun innanhúss árið 2023 sem allt starfsfólkið tók þátt í. „Við settum aukinn fókus á sjálfsafgreiðslu og kynntum nýjungar í vöruframboði okkar eftir að hafa átt samtalið við viðskiptavinum okkar," segir hún.

„Þægilegi og Einfaldi pakkinn eru dæmi um slíkar vörur ásamt því að mikil vinna fór í 5G-væðingu víða um landið ásamt uppfærslu á núverandi 4G-kerfi sem skilaði okkur 1. sæti í óháðri gæðakönnun Fjarskiptastofu um stöðu farsímakerfanna á Íslandi, sem við erum afskaplega stolt af. Við eigum að geta hlaupið hraðar en nokkru sinni fyrr og einbeitt okkur enn meira að þjónustu, vöruþróun og tekið stærri stökk í stafrænni vegferð okkar.“

Má þess geta að Sjónvarp Símans frumsýndi fjórar leiknar íslenskar þáttaraðir árið 2023 sem allar vöktu mikla hylli áhorfenda, má þar til dæmis nefna IceGuys, Venjulegt fólk og Heima er best. Í heildina voru sex þáttaraðir frumsýndar á árinu á landinu öllu og Síminn því drifkraftur í framleiðslu leikins innlands efnis á síðasta ári.

Í ár mun Síminn frumsýna sex nýjar leiknar íslenskar þáttaraðir sem er nærri helmingur af því innlenda leikna efnis sem frumsýnt verður í íslensku sjónvarpi í ár en von er á alls ellefu innlendum þáttaraðum á þessu ári. Nú þegar er búið að frumsýna Kennarastofuna með Sveppa og Kötlum Margrétu Þorgeirsdóttur í aðalhlutverkum og fram undan er fjölbreytt íslenskt efni fyrir alla aldurshópa.

„Fólkið okkar er lykilatriði í öllu sem við gerum“

Framúrskarandi hópur fagfólks á ólíkum sviðum

Ég fæ mikið út úr því að koma hlutum í framkvæmd, það drífur mig áfram að keyra verkefni og klára. Ég brenn líka fyrir því að læra nýja hluti, gera eitthvað nýtt og vinna að fjölbreyttum verkefnum. Síðan þykir mér nauðsynlegt að umkringja mig með flottu teymi og vinna með skemmtilegu fólki, leyfa sér að hafa gaman af þessu,” segir Sigrún Kristjánsdóttir, sviðsstjóri þróunar og reksturs hjá KPMG á Íslandi.

Sigrún er verkfræðingur að mennt, auk þess að hafa klárað MBA nám í Oxford Brookes-háskólanum, og hefur unnið í tvö og hálf tveggja ári í núverandi starfi hjá KPMG. Áður starfaði hún hjá Origo í þrettán ár. „Þar var ég stjórnandi á fjármálasviðinu í hinum ýmsu störfum. Ég var fyrst beðin um að vera forstöðumaður yfir hagdeild og fór svo þaðan út í meira fjármálatengd verkefni,” segir hún.

Eitt stærsta sjálfbærnitemi landsins

KPMG á Íslandi er einkahlutafélag sem er að fullu í eigu 37 hluthafa sem allir eru starfsfólk félagsins. Markmið þess er að veita þjónustu og ráðgjöf á sviði endurskoðunar, reikningsskila, bókhalds, skattskila og viðskiptaráðgjafar með það að sjónarmiði að vera sá trausti samstarfsaðili sem viðskiptavinir geta leitað til varðandi áskoranir í sínum rekstri. Sigrún segir grunnmarkmið félagsins vera að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina.

„Við erum með skýra stefnu og vaxtarmarkmið í stefnunni og til þess að ná henni þurfum við að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Fólkið okkar er lykilatriði í öllu sem við gerum og við höfum verið að leggja áherslu á að vinna meira saman á milli sviða, því við erum með mjög mikið af sérfræðifólki



Sigrún Kristjánsdóttir er sviðsstjóri þróunar og reksturs hjá KPMG á Íslandi.

á mismunandi sviðum með ólíka fagþekkingu sem við viljum nýta sem best. Einnig leggjum við áherslu á að leggja okkar af mörkum til samfélagsins. Þetta er svona það helsta sem við erum að vinna að í stefnunni okkar,” segir Sigrún.

„Í vinnunni minni er það fólkið sem skiptir öllu máli. Ég hef greiðan aðgang í mínu starfi að alls konar sérfræðingum til að hjálpa til í

rekstri félagsins almennt. Ég er með fagfólk sem er að aðstoða önnur félög, í stefnumótun, kaupum og sölu fyrirtækja, endurskoðun, lögfræðimálum ofl. Það er mjög heppilegt fyrir mig sem stjórnanda að hafa aðgang að svona miklu fagfólki með alla þessa sérþekkingu.

Við erum með eitt stærsta sjálfbærnitemi landsins hjá KPMG sem er að vinna með

öðrum fyrirtækjum að sjálfbærnimálum. Teymið er einnig að vinna með okkur innanhús að því hvernig við getum hagað okkar eigin sjálfbærnimálum sem best til að hámarka þau góðu áhrif sem við getum haft inn í samfélagið.“

Sextán starfsstöðvar um allt land

Hjá KPMG starfa um 320 manns á Íslandi og yfir 270 þúsund manns á heimsvísu í yfir 143 löndum. „Það kemur auðvitað ákveðin stefna frá KPMG Global og svo er hvert aðildarland með sína stefnu sem þarf að byggja á heildarstefnu KPMG Global,” segir Sigrún.

„Við vinnum klárlega eftir því en þar eru mörg sömu gildi, að viðskiptavinurinn sé í forgrunni og mikil áhersla á sjálfbærni og gott starfsfólk. Okkar stefna hjá KPMG á Íslandi rímar því mjög vel við heildarstefnuna. Við vinnum mest með Nordic KPMG löndunum og það er virkilega gott að hafa góðan aðgang að svona stóru tengslaneti, þannig að það er frábært að vera í alþjóðlegu félagi.“

Sigrún segir félagið hafa vaxið hratt á undanförunum árum og vantar ekki flóruna af spennandi verkefnum. Þegar hún er spurð hvaða verkefni hafa sérstaklega staðið upp úr í tengslum við árið og hina komandi tíma segist hún hafa verið á fullu í húsnæðismálum og tilheyrandi breytingum innan fyrirtækisins. „Eitt verkefni sem ég er búin að vera að leiða er að breyta húsnæðinu okkar í Borgartúni sem við kláruðum núna á árinu. Við erum með sextán starfsstöðvar um allt land og erum núna að fara út á þær starfsstöðvar og breyta þeim í takt við það sem við höfum verið að gera hérna á höfuðborgarsvæðinu,” segir Sigrún.

„Við höfum líka verið í alls konar vöru- og lausnabróun, að þróa nýja hluti sem við getum vonandi farið að bjóða viðskiptavinum upp á nú á þessu ári. Það er margt mjög spennandi í gangi þar.“

KPMG

Innsæi skapar tækifæri

Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim. Það gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig. Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

Kynntu þér málið á kpmg.is



FJÁRFESTUM Í KONUM

Að fjárfesta í konum með raunverulegu fjármagni, ekki aðeins með valdeflingu, hefur margfeldisáhrif. Konur eru helmingur íbúa landsins, atvinnulífsins, handa og heilabúa á flestum stöðum.

Samstaða kvenna og með konum er hraðall á Sjálfbærnivvegferðinni. Það er mikilvægt að vanda valið hvar og hvernig fjármagn er ávaxtað. Fjármagn annað hvort fóðrar núverandi kerfi, sem við erum iðulega að leitast við að breyta og bæta, eða það fóðrar breytta framtíð. Gefum okkur tíma til að hvetja konur til dáða. Æfum þær í að sækja fram, gera mistök, standa upp, reyna aftur, læra, þroskast, eflast; ein fyrir allar og allar fyrir eina. Fyrir okkur öll. FKA er stórkostlegt lærdómsumhverfi til að stunda nákvæmlega þetta. Sýnum samstöðu og veljum Jafnrétti,

Fjölbreytni og iðkum Inngildingu. Þá fyrst brýst út Gróska sem heitur vellandi hver... Í okkar félagi stendur engin kona ein – við erum allar Einstakar, Dýrmætar og Fágætar. Til að vera fyrirmynd þarf að Vera það og til að búa til Sigurvegaravegferð þarf að ganga hana. Mín Karþagó; Samstaða kvenna og með konum mun bjarga heiminum.

Leyfið mér að varpa ljósi á nokkrar vegferðir á þessari síðu þar sem ég hef valið að fjárfesta í konu/m af hugsjón og tilgangi; að vera fyrirmynd og að skapa fyrirmyndir. Neðst er uppruni okkar margra; formæður mínar og tilvitnanir um þær úr eftirmælum. Við eigum það allar skilið að tala svipað til og um okkur sjálfar, þeim til heiðurs.



Sigríður Hrund Pétursdóttir, forsetaframbjóðandi, fjárfestir og fyrrum formaður FKA

LUKKA MÖRK

Lukka Mörk Blomsterberg Sigurðardóttir er tvítug stúlka sem æfir klifur á afreksstigi og hefur gert í 13 ár. Vinnupallar, sem ég stofnaði og rak í sjö ár, voru fyrstu styrktaraðilar hennar fyrir nokkrum árum og hefur það samstarf verið farsælt í hvívetna. Ekki einungis hefur samstarfið liðkað til fyrir hennar klifurástundun, heldur einnig rutt henni brautargengi á mótum erlendis. Á þessu ári færst Lukka í fullorðinsflokk sem þýðir að brekkan verður skarpri og nauðsynlegt að hafa góða kjölfestu. Átta mót eru fyrirhuguð á árinu ásamt æfingabúðum. Það hefur verið einstök lærdómsvegferð að fylgja Lukku eftir í gegnum blöð, svita og tár en það er einmitt Vegferðin sjálf sem þroskar, eflir og gleður. Frá okkur öllum: gangi þér vel elsku Lukka. Framtíðin er björt og þú ert einstök fyrirmynd!



HUGMYNDASMIÐIR

Hugmyndasmiðir er hugarfóstur þriggja kvenna; Svövu Bjarkar Ólafsdóttur nýsköpunarfræðings, Ninnu Þórarinsdóttur myndasmiðs og Evu Rúnar Þorgeirsdóttur rit-höfundar. Vinnupallar voru einn af fyrstu styrktaraðilum þessa einstaka frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnis í gegnum Karólína Fund. Eftir mikla en skipulagða vinnu er fyrsta afurð verkefnisins komin út á eftirfarandi formi; bókinn Frábær hugmynd! er komin út en bókinn er fyrir unga hugmyndasmiði sem vilja koma frábæru hugmyndum sínum í framkvæmd og skapa lausnir fyrir framtíðina; samhliða voru frumsýndir þættir á Krakka RÚV „Frábær hugmynd“ sem teknir voru upp í Elliðaárárstöð síðasta sumar. Við óskum Hugmyndasmiðum, Bókabeitunni, Krakka RÚV og Elliðaárárstöð innilega til hamingju með framúrskarandi útgáfuhóf. Megi þessu verkefni vaxa ásmegin og búa til SköpunarBylgju út um allt land hjá börnum á öllum aldri. Einstakt verkefni með einstaka samstöðu.



KONUR Í MANNVIRKJAIÐNAÐI



Ljósmyndari Alma Johanns

Mannvirkjageirinn er karllægur að stærstum hluta. Það getur verið einmanalegt að vera eina konan í karlaumhverfi og áskoranir margvíslegar. Það var því ómetanleg gleði því samfara að sjá hóp kvenna myndast innan FKA í mannvirkjageiranum. Þessi hópur hefur fengið aukinn skriðþunga og teygir sig langt út fyrir FKA og heitir nú Konur í mannvirkjajaiðnaði á Facebook. Hlutverk FKA endurspeglast vel í starfsemi hópsins; tengslanet, sýnileiki og hreyfiafl. Konur hittast, kynnast, mæla með hver annarri, eru „símstöð“, lyfta hver annarri upp, fræðast, miðla, fá hugmyndir, skapa verkefni, fjármagna verkefni, taka sig saman og reisa til Framtíðar. Það verður gaman að sjá hvernig aðrir faghópar kvenna munu læra af þessum hópi og vera þannig okkar eigið sjálfsprottið hreyfiafl.

KONUR Á ÍSLANDI



Ljósmyndari Eva Björk Ægisdóttir

Í hinu stóra samhengi er undarlegt að ræða um íslenskar konur í dag. Í mínum huga heitum við Konur á Íslandi. Um 20% kvenna sem hér búa fæddust ekki hér eða eiga ekki 1150 ára innflytjendasögu eins og meirihlutinn. Staða okkar kvenna á Íslandi og þar með kjör eru afar mismunandi og fjölbreytni því allsráðandi. Blöndun kvenna í störf og hlutverk hérlendis hefur verið hægfara og svo vel megi vera þurfum við á samstöðuátaki að halda. Það hefst hjá okkur sjálfum – í eigin hjörtum. Fjárfestum í konum á Íslandi. Hugsun, tölum og hegðum okkur við konur eins og við viljum að sé gert við okkur sjálfar. Upphefjum okkur, stöndum með okkur, hvetjum hver aðra, ráðleggjum, styðjum og gleymum ekki Gleðinni. Það er okkar að skapa samfélagið sem við viljum lifa í. Mildí og Styrkur.

Heiðrum Upprunann



Guðný Jónsdóttir

f. 17.2.1897, Reykjavík, fyrsta heilsuverndarhjúkrunarkona Íslendinga.

„Veraldarauður var þér lítils virði, og ytra borðið á samfélaginu aukaatriði, en hefðir þú grun um einhvern, sem dreggjá þjóðfélagsins höfðu náð til, þá var allt til reiðu.“ Björn Einarsson verkfræðingur skrifar um tengdamóður sína.

Þess ber að geta að Guðný var fjárhagslega studd til náms af sínu karllæga baklandi. Framúrskarandi fjárfesting fyrir samfélagið.



Guðlaug Sigmundsdóttir

f. 19.4.1895, Gunnhildargerði Hróarstungu, stofnandi og eigandi þrjónastofunnar Máney í Reykjavík.

„Örlæti hennar var mikið og litla áherslu lagði hún á veraldarauð til handa sjálfri sér. Mér fannst engin bera íslenskan búning af meiri reisu en þessi hávaxna og sköruglega kona. Hún var gædd góðri skynsemi, en nokkuð skoðanaföst. Sálarstyrkur hennar og aðlögunarhæfni dugði henni vel í því mótlæti og gagnvart þeim missi sem hún varð oft að þola á lífsleiðinni. Á erfðum stundum veitti hún öðrum iðulega af styrk sínum.“

Sigmundur Sigfússon geðlæknir skrifar um föðursystur sína.



Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir

f. 12.9.1898, Ormsstöðum Grímsstöðum, húsfreyja í Reykjavík.

„Sú rödd var svo fögur svo hugljúf og hrein – þessi elskulega kona, sem með trúarstyrk sínum og hugþrýði gat allra götu greitt. Skapmildi hennar var slík að til var tekið af öllum sem umgengust hana. Hún var ein af þeim stofni sem íslenskur kjarni er upp af sprottinn.“ Gísli Guðmundur Ísleifsson hæstaréttarlögmaður skrifar um tengdamóður sína.

Kristín Sigmundsdóttir

f. 3.9.1868, Kambi í Flóa, móðir Guðrúnar Sigríðar Þorsteinsdóttur.

„Þessi kærleiksríki þjónustuandi er aðalmerki íslenskra kvenna og á eflaust stóran þátt í því að þjóðin lifði af hörmungartímabilið. Er það tilviljun að stórskáldið Einar Benediktsson – sem þekkti þær systur vel (Kristínu, Signýju og Önnu) kvað „Þitt verðmæti gegnum lífið er fórnin.“

Erlingur Pálsson yfirlöggregluþjónn ritar.

– Viðbót: Signý Sigmundsdóttir tók þátt í brautryðjendastarfi Ólafíu Jóhannsdóttur í kvenréttindamálu.



Engar ritaðar heimildir fundust um Guðnýju Sigríði Kristjánsdóttur húsfreyju frá Akranesi.